2016

# Þjóðarspegillinn

## Ráðstefna í félagsvísindum XVII

# Ágripabók

Rannsóknir í félagsvísindum XVII. Ágrip erinda flutt á ráðstefnu í október 2016

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
ISBN 978-9935-424-22-8

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Málstofur

## *Afbrotafræði I*

Klámnotkun íslenskra framhaldsskólanema* .......... 1

Tíðni og tegundir netbrota á Íslandi* .......... 2

Upplifun og afleiðingar ofbeldis í æsku .......... 3

Djúp og viðvarandi þjáning: Reynsla íslenskra karla af kynferðislegu ofbeldi í æsku* .......... 4

## *Afbrotafræði II*

Umfang og eðli heimilisofbeldis og viðhorf til þess .......... 5

Tengsl kynja- og tekjuójafnaðar við alvarlegt ofbeldi gegn konum og körlum: Samanburðarrannsókn á morðtíðni í 127 löndum .......... 6

Hafa tengsl milli aðila áhrif á kynferðislegt samþykki? .......... 7

„Saman gegn ofbeldi“: Mat á átaksverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar gegn heimilisofbeldi .......... 8

## *Almenn efnahagsmál I*

Eru vaxtabætur tímaskekkja? .......... 9

Einföld tölfræðilíkön fyrir þróun fasteignamarkaða* .......... 10

Áhættuálag hlutabréfa í ljósi hruns markaða* .......... 11

Hversu stórt verður íslenska lífeyriskerfið? .......... 12

## *Almenn efnahagsmál II*

Kostnaðarfall íslenskra grunnskóla: Hvers vegna hefur meðalkostnaður íslenskra grunnskóla vaxið um þriðjung að raungildi á nýliðnum áratug?* .......... 13

Framleiðni í byggingariðnaði á Íslandi og í Noregi* .......... 14

Hagræn umsvif sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins á Íslandi .......... 15

## *Alþjóðaviðskipti*

Fyrirliggjandi þekking um mælingar á alþjóðavæðingu ........ 16

BEPS: Hvað er það? ........ 17

Samspil peningamálastefnu og fjármálastefnu á alþjóðavísu ........ 18

## *Brottfluttir Íslendingar og jaðarsamfélög*

Hlutverk fólks á Suðurnesjum: Þátttaka, gildi, áhugi og frammistaða ........ 19

Áhrif brottfluttra í smáum jaðarsamfélögum og tengsl þeirra við heimahagana ........ 20

„Ég kem ekki aftur." Brottfluttar konur af Austurlandi, tengsl við svæðið og líkur á að snúa aftur ........ 21

Grímsey: Draumaland í Dumbshafi ........ 22

Þverþjóðlegir gerendur? Fórnarlömb á flótta? Sjónarmið í rannsóknum á vesturferðum ógiftra kvenna, 1870-1914 ........ 23

## *Faglegt háskólastarf*

Gildi mannvísinda á 21. öldinni ........ 24

Gildi félagsvísinda á 21. öldinni ........ 25

Rannsóknartengt nám: Hvernig skiljum við það? ........ 26

„Þetta er náttúrulega ekki tilfinningatungumálið manns": Viðhorf háskólakennara til að skrifa fræðigreinar á ensku ........ 27

Samþróun þekkingar í læknisfræði og verkfræði ........ 28

## *Faglegt skólastarf á grunnskólastigi*

Faglegt forystuhlutverk skólastjóra grunnskóla ........ 29

Yfirvofandi fækkun grunnskólakennara næstu áratugi: Lýðfræðileg greining ........ 30

Þróun faglegrar sjálfsmyndar fyrstu fimm árin í kennslu ........ 31

Í upphafi skyldi endinn skoða: Námsefni í lífsleikni sem miðar að því að efla siðferðisþroska nemenda og hæfni þeirra til að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna ........ 32

## *Flóttamannaréttur*

Þjóðaréttur og grundvallarreglan um bann við að endursenda flóttamenn og innleiðing þeirrar reglu í íslenskum lögum33 (International law and the principle of non-refoulement regarding asylum seekers and its implementation into Icelandic law) ........ 33

Útlendingalög: Helstu álitamál34 (Icelandic Act on Foreigners: A general overview) ........ 34

Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða: Mannúð við jaðar flóttamannaréttar35 (Residence permit on humanitarian grounds: Humanitarianism by the margins of refugee law) ........ 35

## *Foreldramissir, áföll og óhefðbundin heilbrigðisþjónusta*

Raddir barna um foreldramissi úr krabbameini: Reynsla þeirra og ábendingar ........ 36

Efling í kjölfar áfalls: Fyrirbærafræðileg rannsókn* ........ 37

Ódæmigerð einkenni hjartaáfalls hjá þeim sem eru í kringum fimmtugt: Fyrirbærafræðileg rannsókn* ........ 38

Notkun á óhefðbundinni heilbrigðisþjónustu vegna langvinnra verkja ........ 39

## *Frumkvölar og fyrirtæki*

Frumkvöðlar og félagsauður ........ 40

Fjárhagslegur ávinningur fyrirtækja af nýsköpun* ........ 41

Fyrirtæki í hröðum vexti: „Þetta væri náttúrulega ekki hægt ef þú værir ekki með hörku duglegt starfsfólk sem vinnur mikið og leggur mikið á sig“* ........ 42

Stefnumótun sprotafyrirtækja sem starfa í ólíkum atvinnugreinum* ........ 43

## *Fæðingarorlof*

Fæðingarorlof og umönnun ungra barna á tímum efnahagskreppu ........ 44

Íslenskir feður – bestir í heimi?* ........ 45

Þau sem skipta jafnt ........ 46

## *Fötlunarfræði, rannsóknir og börn*

Rannsóknir með fötluðum börnum: Staða mála og aðferðafræðilegar áskoranir ... 47

Ákvarðanir foreldra fatlaðra barna varðandi skólagöngu: Er leiðin jafn greið fyrir alla? ... 48

Líf með einhverfu: Reynsla móður og tveggja uppkominna barna hennar af stuðningi við þau sem fjölskyldu ... 49

Reynsla og upplifun foreldris með geðröskun af stuðningsúrræðum og málsmeðferð innan Barnaverndar á Íslandi ... 50

Notendamiðuð endurhæfingarþjónusta ... 51

## *Heilbrigðisrannsóknir*

Að vera „feitur“ eða „sjúkur“ ... 52

Genabreytingar og taugaefling: Afstaða almennings til nýrrar tækni ... 53

Efnahagshrunið á Íslandi: Háþrýstingur og hjartasjúkdómar ... 54

The tax-free year in Iceland: A natural experiment to explore the impact of a short-term increase in labor supply on the risk of heart attacks ... 55

## *Hið íslenzka ástarrannsóknarfélag*

Ástin á tímum neyslunnar ... 56

Tilfinningaauður sem greiningartæki og viðbót við auðmagnskenningu Bourdieu ... 57

Ást og umönnun í kvikmyndum ... 58

Sú yðar sem syndlaus er ... 59

#Freethenipple: Gleði, samstaða og systralag ... 60

## *Hnattræn heilsa I*

The heart, the ears and the mouth: Stories on communicating with communities confronted with the Ebola epidemic ... 61

For protection against the 'Ebola people': The seeking of Ms. Camara Guinée ... 62

Safe and dignified burials during the Ebola outbreak in Sierra Leone ... 63

## *Hnattræn heilsa II*

Preparedness for Ebola in Guinea-Bissau ... 64

Preparedness for Ebola in Iceland: Frontline health workers ... 65

Nigerian doctors in the UK: Mobility and development ... 66

Rough life of rural youth in Accra ... 67

Óhefðbundnar lækningar í hnattrænu ljósi68 (Complementary and alternative medicine in a global context) ... 68

## *Hugverkaréttur*

Einkaleyfi og samheitalyf ... 69

Hvaða kröfur eru gerðar til einkaleyfasérfræðinga og hvað felst í starfi þeirra? ... 70

Almennt um lög nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna ... 71

Um framkvæmd laga nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna hjá Háskóla Íslands og Landspítala ... 72

## *Iceland's Shelter from Settlement to 2006*

Iceland's Shelter from Settlement to 1550 ... 73

Iceland's Shelter from 1550 to 1940 ... 74

Iceland's Shelter from 1940 to 2006 ... 75

## *Innflytjendur á Íslandi, ferðalög farandverkafólks og sígaunahefðir*

Að vera „bara" Íslendingur: Önnur kynslóð innflytjenda á Íslandi ... 76

(Re)creational travelling: Polish migrants visiting home ... 77

The cunnings of Gypsy tradition. Ţigani, Rromi and the shadow of nomadism in past and contemporary Romania ..... 78

Samskipti Íslendinga og Grænlendinga ..... 79

## *Karlar og kynjafræði*

Jafnrétti og karlar ..... 80

Karlar og karlmennskuhugmyndir í vinnumenningu lögreglunnar ..... 81

Hermennska og mótun karlmennskuhugmynda: Takmarkað vægi herværddra karlmennskuhugmynda meðal fyrrverandi hermanna í Búrúndí ..... 82

Í leit að hinsegin rými í Tehran: Hvernig skapa íranskir hommar sér rými á jaðri samfélagsins? ..... 83

## *Klasar og markaðsfræði*

Sviðsmyndir og klasamótun ..... 84

Hýruspor: Klasaframtak á Norðurlandi vestra ..... 85

Agile aðferðafræði í markaðs- og samskiptateymi ..... 86

Skynjað siðferði vörumerkja og kaupáform neytenda* ..... 87

## *Kynja- og valdatengsl í akademíu (GARCIA)*

Money talks: Gender budgeting in the University of Iceland ..... 88

Gendering of research funding within the ‘excellent’ university ..... 89

Charades: On the pretence of equality and diversity policy at the University of Iceland ..... 90

The concept of academic housework in a European setting ..... 91

## *Kynjaðar víddir og kynjahlutverk*

'Playing the gender card': Gendered dimensions within the rural water supply in Namibia ..... 92

Kynjaðar víddir virðiskeðjugreiningar fisks úr Tanganyika vatni ..... 93

„Þetta er svo lífsseigt“: Um kynjahlutverk á Íslandi 21. aldarinnar ..... 94

Frá undirgefni til valdeflingar: Ferðalag kvenna undan viðjum útlitsdýrkunar ........ 95

## *Landbúnaður og sjávarútvegur*

Nýliðun í landbúnaði á Íslandi og áhrif fjarlægðar frá Reykjavík ........ 96

Er slátrunar- og vinnslukostnaður landbúnaðarafurða hærri á Íslandi en í nálægum löndum?* ........ 97

Þróun fjárhags íslensks sjávarútvegs frá tilkomu kvótakerfisins ........ 98

## *Landslag, víðerni, verndun og virkjanir*

Áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist: Niðurstöður 3. áfanga rammaáætlunar* ........ 99

Kynjuð viðhorf til virkjana og verndunar landsvæða ........ 100

Viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum ........ 101

Hvernig má leggja mat á fagurferðilegt gildi landslags?* ........ 102

## *Lífsánægja og lýðheilsa*

Áhrif tekjuójöfnuðar á félagsauð og andlega heilsu unglinga ........ 103

Lífsánægja unglinga og samskipti við foreldra og fjölskyldu ........ 104

Hreyfing og vellíðan ungmenna ........ 105

The collective agency of innovation in team sports: The case of the “underdogs” ........ 106

## *Lýðræði*

Hvaða rétt eigum við? Viðhorf almennings til lýðræðis í 35 löndum ........ 107

„Síðan ég fékk rétt til þess að kjósa, hef ég alltaf kosið til að sýna skoðun mína“: Raddir ungmenna ........ 108

## *Markaðs- og ferðamálafræði I*

Notkun vörumerkja í tengslum við stofnun og viðhald vörumerkjaréttar ........ 109

Sjúkrasjóðir stéttarfélaga: Lögbundið hlutverk og réttarheimildir ........ 110

Eru atvinnuleysisbætur eign í skilningi eignarréttarákvæðis íslensku stjórnarskrárinnar? ..... 111

Viðskiptatengd ferðamennska: Virðisskapandi þættir í markaðsmiðun M.I.C.E ferðamennsku í Reykjavík* ..... 112

Árstíðasveifla í dreifingu ferðamanna um landið ..... 113

Viðhorf til ferðaþjónustu: Ólíkir staðir – ólík sýn ..... 114

Fjölmiðlar og ferðaþjónusta ..... 115

## *Markaðs- og ferðamálafræði II*

Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum* ..... 116

Landsmót hestamanna sem viðburður: Heildstæð viðburðarrannsókn ..... 117

On shore vs. on board: Market segmentation of cruise passengers and marketing of local products and services to them ..... 118

## *Pólitísk álitamál og Panamaskjölin*

Viking Futures: Panama Papers, Pirates, and the Fates of Utopia in Iceland... 119

Panamamótmælin: Hve margir tóku þátt og af hverju? ..... 120

Bananar og Bónusfánar: Pólitískt háð og skop ..... 121

## *Saga og menning*

Saga Bandalags æskulýðsfélaga í Reykjavík BÆR ..... 122

Íslenska lopapeysan ..... 123

Heilagur Ambrósíus kirkjufaðir, biskup og stjórnmálamaður ..... 124

Enn um málvöndun á miðöldum* ..... 125

## *Samfélagsleg og svæðisbundin áhrif háskólanáms*

Hlutdeild íslenskra háskóla í menntun þjóðarinnar ..... 126

Háskóli Íslands og búseta fyrir og eftir háskólanám ..... 127

Samfélagsleg áhrif háskólastarfs á Norðurlandi ..... 128

Svæðisbundin áhrif háskóla á Vesturlandi ............ 129

Tengslanet nemenda og brottfall úr námi ............ 130

## *Skiptir kynferði máli við skipun og störf dómara?*

Skiptir kyn hæstaréttardómara máli? ............ 131

Af hverju eru svona margir karlar í Hæstarétti? ............ 132

Skiptir kyn máli og hvernig er hægt að virkja forgangsreglu jafnréttislaga við skipun dómara við Hæstarétt Íslands?* ............ 133

Áhrif kynferðis dómara á atkvæðagreiðslur þeirra: Yfirlit yfir rannsóknir ............ 134

## *Skipulagsréttur*

Landsskipulagsstefna, grundvöllur, hlutverk og skuldbindingargildi ............ 135

Er heimild sveitarstjórna til breytinga á deiliskipulagi takmörkuð? ............ 136

Sérstök og veruleg skerðing á verðmæti fasteignar í skilningi 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 22. gr. laga nr. 59/2014* ............ 137

## *Starfsumhverfi og áskoranir*

Stopull starfsframi: Um starfsframa maka íslenskra sendierindreka ............ 138

Getting past the hurdle of foreignness ............ 139

Fagstétt þroskaþjálfa á breytingatímum: Hlutverk og starfsþróun á vinnustað ............ 140

Þroskaþjálfar í leik- og grunnskólum: Hvað hindrar og hvað styrkir stöðu þeirra á flóknum vettvangi? ............ 141

## *Starfsumhverfi og einelti*

Birtingarmyndir eineltis á íslenskum vinnustöðum ............ 142

„Enginn hefur kvartað“: Könnun á reynslu, þekkingu og viðbrögðum stjórnenda varðandi einelti á vinnustað* ............ 143

Siðblindueinkenni íslenskra yfirmanna: Samband við óæskilega hegðun og samskipta- og stjórnunarstíl ............ 144

Endurskoðunarnefnd: Starfsumhverfi og umfang endurskoðunarnefnda........145

## *Starfsumhverfi og kyn*

Microfinance, gender and trade-off........146

„Þetta kemur bara ekkert upp í hendurnar á manni“: Upplifun kvenna í forystu í fjármálageiranum á Íslandi........147

Ég er bara mjög ánægð þar sem ég er........148

„Maður festir bara rætur“: Upplifun leikskólakennara sem hafa starfað yfir fimmtán ár í sama leikskólanum........149

## *Stjórnun*

Hlustunarfærni stjórnenda og sérfræðinga: Má þjálfa hana? Hverju skilar hún?*........150

Litlir heimar: Áhrif erlendrar reynslu stjórnenda á viðhorf til notkunar tengslaneta*........151

Stefna í reynd: Vinnufundir í stefnumótun........152

Stefna í reynd hjá opinberri stofnun: Landhelgisgæslan sem dæmi........153

## *Sumardvöl barna í sveit I*

Sendur í sveit: Endurskoðun minninga........154

Fjórðungsforeldrar og aðrir vinnuveitendur á Ströndum........155

Sveitin: Eyðileggjandi eða æðisleg?........156

Siðurinn að senda börn í sveit á 21. öldinni........157

## *Sumardvöl barna í sveit II*

Kvikar myndir úr sveitinni........158

„Að nota tækifærið og koma börnum sínum af götunni“: Börn send í sveit í upphafi 20. aldar........159

Sumardvöl í sveit: Upplifun og reynsla af úrræðinu........160

Umfang og reynsla fullorðinna Íslendinga af sveitadvöl í æsku........161

## *Sögur og minningar*

Eldheimar og erfiðar minningar .......... 162

Konur, söfn og samtvinnaðar sögur: Rannsókn á byggðasafninu að Snartastöðum frá sjónarhorni post-human femínisma og ný-efnishyggju .......... 163

Hvað geta gamlar upptökur sagt okkur um sagnamenningu kvenna? .......... 164

„...vjer erum allir meir en vjer vitum leiddir af tilfinníngum kvennfólksins“: Sigurður málari og konurnar .......... 165

## *Tónlist og samfélag*

Félagsleg og tónlistarleg áhrif Kvæðamannafélagsins Iðunnar á kvæðahefðina .......... 166

„Að koma sér í vandræði“: Samfélag íslenskra dægurtónlistarmanna með augum félagsfræðinnar .......... 167

## *Uppeldis- og menntunarfræði*

Lestraruppeldi í þremur bæjum á Norðurlandi: Niðurstöður nýrrar rannsóknar .......... 168

Uppeldisaðferðir foreldra, sjálfstjórnun ungmenna og brotthvarf þeirra frá námi: Langtímarannsókn .......... 169

Skilningur íslenskra unglinga á nokkrum atriðum tengdum þekkingarfræði vísinda .......... 170

Virkni í netnámi, áhrifaþættir og námsmynstur .......... 171

Fjarmenntaskólinn, samstarfsnet 13 framhaldsskóla á landsbyggðinni: Tækifæri í skólaþróun og byggðaþróun .......... 172

## *Upplýsinga- og bókasafnsfræði*

Þróun tilurðar, geymdar og miðlunar þekkingar og upplýsinga: Áhrif á þjónustueiningar og störf í bóka- og skjalasöfnum frá 1989* .......... 173

Meðferð trúnaðarupplýsinga meðal stjórnsýslustofnana: Fræðsla starfsmanna* .......... 174

„Helldurðu að þú sért svona merkileg?“ Reynsla og viðhorf þeirra sem afhenda opinberum skjalasöfnum einkaskjalasöfn til varðveislu* .......... 175

Viðhorf íbúa Vesturbyggðar gagnvart bókasafns- og upplýsingaþjónustu ....... 176

Information management at crossroads: Personal knowledge registration in Icelandic organizations ........ 177

## *Upplýsingaréttur*

Upplýsingalög í 20 ár: Starfsemi úrskurðarnefndar um upplýsingamál ............ 178

Réttur úrskurðarnefndar um upplýsingamál til afrits af gögnum er kæra tekur til........ 179

## *Valin álitamál í stjórnmálafræði*

Nordic Nationalism and Right Wing Populist Politics ........ 180

Siðferðileg álitamál í Icesave-deilunni........ 181

„Lekamálið“ í leiðurum fréttablaða: Sínum augum lítur hver silfrið........ 182

Hvers konar fréttir gera lesendur fréttamiðla athugasemdir við eða deila með öðrum? ........ 183

## *Velferð, vá og hagsmunasamstarf*

Félagsþjónustan og almannavarnakerfið: Norrænn samanburður ........ 184

Ash and aviation in Europe: Stakeholder partnership analysis through scenario narratives ........ 185

## *Þjóðfræði borgarlandslagsins*

Að sníða sér hús eftir vexti: Vangaveltur um hófsaman húsakost og hentug heimkynni........ 186

Miðborgarblús: Hugur hins almenna borgarbúa til miðborgar Reykjavíkur ..... 187

Sirkus sem fjarverandi menningararfur........ 188

## *Öldrunarrannsóknir I*

Eldri borgarar á Íslandi: Hjálparþurfi eða bjargvættir* ........ 189

Heilsulæsi eldra fólks: Hindranir í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl* ........ 190

## *Öldrunarrannsóknir II*

Ferðavenjur eldri borgara: Reynsla frá Kóreu og lærdómur fyrir Ísland .......... 191

Akstursslok aldraðra: Líf að loknum akstri .......... 192

Framtíðarþing um farsæla öldrun: „Hún er farsæl ef maður er sáttur“ .......... 193

Eden hugmyndafræðin og hlýleiki .......... 194

## *Veggspjaldamálstofa A*

Ráðgjöf og stuðningur nemenda við hælisleitendur og flóttafólk .......... 195

Er staða flóttafólks á Íslandi jöfn? Mismunandi réttarstaða kvótaflóttafólks of flóttafólks sem fær hæli samkvæmt umsókn .......... 196

Jafnrétti og kynjatvíhyggja meðal femínista, trans og hinsegin fólks á Íslandi .......... 197

Trans aktívistar og kynjatvíhyggja íslenskrar tungu .......... 198

„Ómetanleg gjöf“: Reynsla kvenna sem hafa gefið og þegið egg á Íslandi .......... 199

## *Veggspjaldamálstofa B*

Fjárhagslegur stuðningur eldri borgara við fjölskyldur sínar og aðra .......... 200

„Systir mín var eiginlega bara ófreskja á þessu tímabili.“ Upplifun og líðan systkina einstaklinga með vímuefnaröskun .......... 201

Áskoranir og átök foreldra barna með röskun á einhverfurófi .......... 202

Siðferði og gildi í íþróttum .......... 203

Innleiðing spjaldtölva í grunnskólum skoðað frá sjónarhóli kennara .......... 204

Hafa fyrstu skef í átt að innleiðingu spjaldtölva í grunnskólum gengið eins og lagt var upp með? .......... 205

Social networks as learning environments in the Language Classroom .......... 206

## *Veggspjaldamálstofa C*

Social sustainability of tourism, a qualitative study .......... 207

Existential Transformation - or Tourist Fantasy? .......... 208

Minorities in the Americas: Social and Cultural Identity in Contemporary Narratives ... 209

Birtingarmyndir frumbyggja Rómönsku Ameríku og tungumála þeirra í kvikmyndum ... 210

Gender impact assessment of climate change mitigation policy in Lithuania ... 211

Dynamics of Hybridity: the SADC Regional Peacekeeping Training Centre ... 212

## *Veggspjaldamálstofa D*

Er til séríslenskur stjórnunarstíll? ... 213

Íslenskir bæjar og sveitarstjórar: Samanburðarrannsókn ... 214

Enn leyna stjórnvöld upplýsingum sem eiga erindi við borgarana. Könnun á viðhorfi almennings ... 215

Samanburður á verkföllum á almennum og opinberum vinnumarkaði ... 216

Lárétt eignarhald ... 217

## *Veggspjöld án örkynningar*

Einelti á vinnustað: Könnun á reynslu, þekkingu og viðbrögðum stjórnenda ... 218

"Food, shelter, education, what else do they need?": Child sponsorship programs in India ... 219

Memorabilia: Um minni, minningar og minningasöfn ... 220

Eru tengsl á milli félagsauðs og þjónandi forystu á sjúkrahúsum? - Mat starfsfólks á íslenskum og dönskum sjúkrahúsum ... 221

Höfundalisti ... 222

# Klámnotkun íslenskra framhaldsskólanema

Aðalmarkmið þeirrar rannsóknar, sem hér er kynnt, er að endurtaka rannsókn sem gerð var árið 2006 á klámnotkun og kynlífshegðun íslenskra framhaldsskólanemenda; sérstaklega með tilliti til þeirra tæknibreytinga sem orðið hafa síðasta áratuginn sem aukið hafa aðgang að klámi og auðveldað dreifingu á kynferðislegu efni. Á vormánuðum 2016 var því lögð fyrir rafræn könnun meðal nemenda, sem náð höfðu 18 ára aldri, í 28 skólum á framhaldsskólastigi á öllu landinu, og tóku á annað þúsund nemendur þátt í henni. Niðurstöður sýndu að 92% svarenda töldu sig hafa séð klám, og að 17% þátttakenda skoðuðu klám af fúsum og frjálsum vilja næstum því á hverjum degi, og jafnvel oft á dag. Klám, sem að mestu leyti er skoðað á vefsíðum, er aðallega notað til sjálfsfróunar í einrúmi heima hjá sér, enda sögðu þátttakendur að klámið hefði fyrst og fremst kynferðislega örvandi áhrif á sig. Helst vildu þátttakendur sjá kynmök karls og konu, og munnmök. Rúmlega átta af hverjum tíu svarendum fannst klám gefa ranga mynd af kynlífi, en um þriðjungur hafði samt reynt eitthvað sem hann hafði séð í klámi og fundist það spennandi.

Guðbjörg Hildur Kolbeins

# Tíðni og tegundir netbrota á Íslandi

Undanfarin ár hafa brotamenn í ríkari mæli fært sig á netið í leit að hentugum fórnarlömbum. Framfarir í tækni hafa gert það auðveldara að nálgast fjölda einstaklinga á skömmum tíma með lítilli fyrirhöfn sem opnar nýjar leiðir til brota. Í rannsókninni er sjónum einkum beint að þolendum netbrota á Íslandi. Hvaða tegundir brota eru algengastar, og hvaða þættir geta einna helst ýtt undir hættu á brotum af þessu tagi? Þetta er í fyrsta skipti sem netbrot eru rannsökuð með þessum hætti hérlendis. Niðurstöðurnar byggja á gögnum úr spurningalistakönnun sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í mars á þessu ári. Úrtakið var 2000 einstaklingar skráðir í netpanel Félagsvísindastofnunar á aldrinum 18 – 71 árs. Svarhlutfallið var 61%. Niðurstöðurnar sýna að um 13 prósent Íslendinga greindu frá því að hafa orðið þolendur netbrota á síðastliðnum þremur árum. Svarendur á aldrinum 30 – 44 ára voru líklegastir til þess að hafa orðið fyrir broti á netinu. Algengast var að svarendur hefðu orðið fyrir meiðyrðum eða rógburði á netinu og svikum í viðskiptum.

Jónas Orri Jónasson
Helgi Gunnlaugsson

# Upplifun og afleiðingar ofbeldis í æsku

Megin markmiðið með verkefninu er að skoða upplifun og afleiðingar ofbeldis í æsku. Leitast er við að varpa ljósi á hversu afdrifaríkar afleiðingarnar geta verið á líf barna en margir glíma við afleiðingarnar áfram á fullorðinsárum. Umræðan í þjóðfélaginu hefur aukist um tíðni og alvarleika heimilisofbeldis og bent á að ekki megi gleyma börnum sem oft séu áhorfendur ofbeldis og er þá iðulega átt við ofbeldi á milli foreldra. Réttilega er bent á að það geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir börn að verða vitni að ofbeldi. Það sem hins vegar vill gleymast í umræðunni er að börn eru líka beinir þolendur ofbeldis á heimilum. Í þessari eigindlegu rannsókn liggja til grundvallar fimm viðtöl við einstaklinga, konur og karla á breiðu aldursbili, sem koma úr mismunandi aðstæðun. Þau eiga það öll sameiginlegt að hafa orðið fyrir margvíslegu og ítrekuðu ofbeldi á heimilum eða í nærumhverfi og hafa öll á einhverjum tímapunkti leitað aðstoðar við andlegum veikindum. Ég tel að með því að auka þekkingu á afleiðingum ofbeldis megi stíga skrefið lengra og vinna gegn ofbeldi og ekki síst að vinna úr afleiðingum ofbeldis fyrr en seinna til þess að draga úr skaðanum.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir
Helgi Gunnlaugsson

# Djúp og viðvarandi þjáning: Reynsla íslenskra karla af kynferðislegu ofbeldi í æsku

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að kynferðislegt ofbeldi í æsku getur haft víðtæk, alvarleg og langvinn áhrif á heilsufar og líðan þolenda. Tilgangur rannsóknarinnar er að auka þekkingu og dýpka skilning á áhrifum kynferðislegs ofbeldis í æsku á íslenska karla. Þátttakendur í rannsókninni voru sjö karlar með slíka reynslu sem voru á aldrinum 30-65 ára þegar viðtölin fóru fram. Rannsóknaraðferðin var fyrirbærafræði og voru tvö viðtöl tekin við hvern karl, samtals 14 viðtöl. Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að líf karlanna hefur verið mikil þrautaganga og þjáning þeirra ristir enn djúpt. Í flestum tilfellum virðast þeir beina tilfinningum sínum talsvert út á við (*externalization*) sem birtist í því að þeir leiðast í miklum mæli út í misnotkun áfengis og fíkniefna, afbrot og áhættuhegðun. Ásamt því að vera með einkenni ofvirkni eru þeir með einkenni flókinnar áfallasteituröskunar. Þeim leið mjög illa í æsku og á fullorðinsárum, og notuðu ýmis bjargráð til að lifa af, einkum tilfinningalega aftengingu og flótta frá aðstæðum. Þeir telja mikilvægt að vinna með áföllin til að fá frelsi frá þjáningunni, komast í tengsl við tilfinningar sínar og mynda dýpri tengsl við aðra og læra að lifa með þessari skelfilegu reynslu. Mikilvægt er fyrir fagfólk að þekkja áhrif kynferðislegs ofbeldis í æsku til að geta brugðist við, og veitt einstaklingum með slíka reynslu stuðning og umhyggju. Þá þarf að þróa skilvirkari meðferðarúrræði til að minnka þjáningu þeirra sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi í æsku, og efla forvarnir til að fyrirbyggja að börn þurfi að þola slíkt.

Sigrún Sigurðardóttir
Sigríður Halldórsdóttir

# Umfang og eðli heimilisofbeldis og viðhorf til þess

Rannsóknir hafa sýnt að viðhorf til heimilisofbeldis hafa tekið miklum breytingum á síðustu árum. Viðhorf þeirra sem vinna að þessum málaflokki skipta verulegu máli því þau geta haft áhrif á framkomu og vilja til úrlausna. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að neikvæð framkoma starfsfólks hefur sérstaklega mikil áhrif á upplifun þolenda af þjónustu sem þeir sækja og hvort viðkomandi vilji sækja sér aðstoð í framtíðinni. Ákveðnir þættir heimilisofbeldismála hafa áhrif á viðhorf og framkomu starfsfólks, t.d. kyn þolenda og gerenda. Það er því mikilvægt að meta þau viðhorf sem þolendur og gerendur mæta hjá starfsfólki. Hér verða kynntar niðurstöður rannsóknar þar sem spurningalisti var lagður fyrir slembiúrtak Íslendinga og starfsfólk lögreglunnar. Þátttakendur voru spurðir um viðhorf til heimilisofbeldis, reynslu af því, mat á alvarleika ofbeldisins og það hvort atvik var tilkynnt til lögreglu. Markmiðið er því að skoða mun á viðhorfum lögreglu og almennings til heimilisofbeldis, auk þess að skoða hverjir verða fyrir ofbeldinu og hverjir tilkynna það til lögreglu. Þannig er einnig hægt að skoða hvort nýleg fjölgun heimilisofbeldismála hjá lögreglu skýrist af fjölgun tilvika í samfélaginu eða breytingum á verklagi og viðhorfum innan lögreglunnar.

Rannveig Þórisdóttir
Rannveig Sigurvinsdóttir

# Tengsl kynja- og tekjuójafnaðar við alvarlegt ofbeldi gegn konum og körlum: Samanburðarrannsókn á morðtíðni í 127 löndum

Samkvæmt femíniskum kenningum eru konur sem búa í samfélögum þar sem félagsleg, pólitísk og efnahagsleg staða þeirra er veik líklegri til að verða fyrir ofbeldi en konur sem búa við meiri kynjajöfnuð. Niðurstöður samanburðarrannsókna á tengslum kynjaójafnaðar og ofbeldi gegn konum hafa ekki verið einhlítar, en stór hluti þessara rannsókna glímir við ýmsa aðferðafræðilegar takmarkanir. Jafnframt hafa rannsóknir á ofbeldi sem beita kynjuðu sjónarhorni nær eingöngu beint sjónum sínum að ofbeldi gegn konum. Engu að síður er kenningarfræðilegur grunnur fyrir því að kynjastrúktur samfélagsins hafi jafnframt áhrif á hvernig karlar koma fram við hvorn annan. Í erindinu er greint frá rannsókn á tíðni alvarlegs ofbeldis gegn bæði konum og körlum, og tengslum þess við kynjaójöfnuð. Notað var úrtak 127 landa, og mælingar hannaðar með upplýsingum frá virtum alþjóðlegum stofnunum. Niðurstöður benda til að í þeim löndum þar sem ríkir mikill ójöfnuður milli karla og kvenna er að jafnaði hærri tíðni alvarlegs ofbeldis gegn báðum kynjum en í jafnari samfélögum, að teknu tilliti til annarra þátta. Niðurstöður benda einnig til að tekjuójöfnuður almennt hafi ólík áhrif á ofbeldi gegn konum og körlum. Niðurstöður verða ræddar í samhengi við kenningar í félags- og afbrotafræði.

Margrét Valdimarsdóttir

# Hafa tengsl milli aðila áhrif á kynferðislegt samþykki?

Rannsóknir á kynferðislegu samþykki (*sexual consent*) eru tiltölulega nýjar af nálinni. Niðurstöður þeirra gefa meðal annars til kynna að samþykki sé tjáð með formlegri hætti þegar um er að ræða fyrstu kynni en þegar aðilar séu kunnugir. Markmið rannsóknarinnar er að skoða túlkun háskólanema á kynferðislegu samþykki í aðstæðum tengdum íslensku skemmtanalífi, og greina hvort tengsl milli aðila hafi áhrif á túlkun þeirra. Úrtak rannsóknarinnar samanstóð af 776 nemendum við Háskóla Íslands sem stunduðu nám á vorönn 2016. Þátttakendur tóku þátt í netkönnun og túlkuðu það sem fram fór á milli aðila í smásögu (*vignette*), ásamt því að meta viðunandi málsmeðferð. Þátttakendur mátu einnig mikilvægi ólíkra birtingarmynda kynferðislegs samþykkis út frá mismunandi tengslum milli aðila ótengdum smásögunni. Niðurstöður sýndu að ólík tengsl milli aðila í smásögu höfðu áhrif á túlkun á samþykki upp að vissu marki. Konur töldu frekar en karlar að samskipti milli aðilanna hefðu þurft að vera skýrari. Þegar um var að ræða fyrstu kynni töldu konur frekar en karlar að viðunandi málsmeðferð ætti að vera lengri og það sem fram fór í smásögunni væri refsivert. Viðunandi birtingarmyndir samþykkis voru álitnar mismunandi eftir tengslum milli aðila. Við fyrstu kynni var talið mikilvægara að samþykki væri miðlað munnlega og þegar aðilar voru kunnugir, var talið mikilvægara að það væri metið út frá líkamstjáningu.

Sædís Jana Jónsdóttir
Helgi Gunnlaugsson

# „Saman gegn ofbeldi“: Mat á átaksverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar gegn heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er alvarlegt og falið vandamál í íslensku samfélagi, en þó hefur síðustu ár orðið ákveðin vitundarvakning um algengi þess og afleiðingar. Viðbrögð stofnanna sem þjóna þolendum og gerendum heimilisofbeldis eru eitt af því sem hefur sérstaklega verið gagnrýnt í þessu samhengi. Hér verður sett fram fjölþætt mat á átaksverkefninu Saman gegn ofbeldi, sem er samvinna Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar. Markmið þessa verkefnis voru m.a. að bæta þjónustu við þolendur og gerendur, fækka málum heimilisofbeldis, bæta samstarf stofnananna í þessum málaflokki og fleira. Mat verkefnisins sneri bæði að úttekt á hvernig það fór fram og árangri þess og var notast við margprófun (*triangulation*) til að skoða þessar lykilspurningar og hvernig þær koma fram í ólíkum hópum fólks sem koma að verkefninu. Þannig hefur gögnum verið safnað á fjölbreyttan hátt: Frá þolendum sem tóku þátt í verkefninu, starfsfólki lögreglu, félagsþjónustu og Barnaverndar, frá öðrum félögum sem tengjast verkefninu, auk þess sem opinber tölfræði í þessum málaflokki var skoðuð. Blönduð aðferðafræði (*mixed methods*) var notuð, þar sem bæði megindlegum og eigindlegum gögnum var safnað. Fjallað verður um árangur verkefnisins auk þess sem rætt verður um kosti og galla fjölþætts mats sem nálgun í slíkum verkefnum.

Rannveig Sigurvinsdóttir
Rannveig Þórisdóttir

# Eru vaxtabætur tímaskekkja?

Markmið og tilgangur hér er að gera grein fyrir einu af úrræðum stjórnvalda til að auðvelda einstaklingum að eignast íbúð, það er vaxtabótum. Hér verður farið í gegnum þá kosti og galla sem fylgja vaxtabótakerfinu. Kynntar verða breytingar á kerfinu sem munu ekki koma niður á íbúðarkaupanda eða íþyngja stjórnvöldum, en íbúðarkaupandi mun þó eignast íbúðina hraðar. Vaxtabætur eru ein leið stjórnvalda til að auðvelda einstaklingum að eignast íbúð. Vaxtabætur eru bætur sem allir þeir sem bera vaxtagreiðslur af húsnæðisfjármögnun eiga rétt á, en uppfylla þarf ákveðin skilyrði til að fá vaxtabætur. Þegar talað er um húsnæðisfjármögnun er átt við fjármögnun á íbúðarkaupum, fjármögnun á nýbyggingu húsnæðis og verulegum endurbótum á eigin húsnæði. Vaxtagreiðslur láns eru samanlagðir vextir og verðbætur. Það þarf ekki að sækja sérstaklega um vaxtabætur, þær reiknast sjálfkrafa þegar skattframtal er fyllt út, og því skilað. Þeir þættir sem þarf að uppfylla, eða gera skil á, eru vaxtagjöld af húsnæðislánum, eftirstöðvar lána, eignastofn (eign að frádregnum skuldum), tekjustofn og fjölskyldustaða. Allar þessar upplýsingar koma fram á skattframtali, og þess vegna er þetta mjög þægilegt ferli. Vaxtabætur skerðast ef tekjur aukast og þegar eignahlutur í íbúð stækkar, því 8,5% af tekjustofni dregst frá vaxtagjöldum og mismunurinn er reiknaður sem vaxtabætur. Vaxtabæturnar skerðast enn frekar ef eignahlutur fer yfir ákveðin mörk og fellur svo alveg niður við ákveðna fjárhæð. Sýnd verða þau mörk eignahluta þar sem vaxtabætur byrja að skerðast og þar sem eignahlutur er orðinn það stór að réttur á vaxtabótum fellur niður. Einnig verður sýnt fram á hvað vaxtabætur geta orðið að hámarki.

Eðvald Möller
Sævar Örn Harðarson

# Einföld tölfræðilíkön fyrir þróun fasteignamarkaða

Þróun í tíma þarf að lýsa með tímaraðalíkani. Kynnt er einföld ARIMA og GARCH líkön sem tengja sveiflur í söluverði eigna við sveiflur í almennu verðlagi og vaxtaþróun. Líkönin eru metin með íslenskum og norrænum gögnum. Rætt er um eiginleika tölfræðilegra matsaðferða. Þannig líkön geta nýst við áhættustýringu á fasteignamarkaði og einnig má fá mat á því hvaða áhrif til dæmis vextir hafa á hættu á fasteignabólu.

Helgi Tómasson

# Áhættuálag hlutabréfa í ljósi hruns markaða

Ráðgátan um umframávöxtun hlutabréfa (*equity risk premium puzzle*) hefur vafist fyrir fræðimönnum og fjárfestum í meira en þrjá áratugi. Upphaflega var hugmyndin byggð á tölum frá bandarískum markaði, en síðar hafa ýmsir fleiri markaðir verið skoðaðir. Tilgátan um að ávöxtun hlutabréfa sýni slembidrottnun af fyrstu gráðu (*first order stochastic dominance*) yfir skuldabréf virðist e.t.v. standast miðað við bandarískan markað, en þegar fleiri markaðir eru skoðaðir, þ.á.m. markaðir sem hafa hrunið nær alveg, virðist það ekki vera tilfellið. Í rannsókninni er byggt á gögnum um 75 hlutabréfamarkaði, þ.á.m. alla stærstu markaði heims, en einnig fjölmarga smáa. Samanlagt markaðsvirði hlutabréfa á þeim mörkuðum sem skoðaðir eru, er um 99% af heildarmarkaðsvirði skráðra hlutabréfa um heim allan. Fyrst og fremst er horft til tímabilsins frá síðustu aldamótum og stuðst við hlutabréfavísitölur. Meðal annars er greind lækkun frá hæsta verði til lægsta verðs frá síðustu aldamótum. Gögnin eru notuð til að leggja mat á hvort slembidrottnunin, sem virtist blasa við þegar bandarísk gögn voru skoðuð fyrir þrjátíu árum, hverfur þegar mun fleiri markaðir eru skoðaðir og við mun erfiðari markaðsaðstæður. Niðurstaðan er að svo sé.

Gylfi Magnússon

# Hversu stórt verður íslenska lífeyriskerfið?

Íslenska lífeyriskerfið er byggt á þremur megin stoðum: Í fyrsta lagi almannatryggingakerfi sem greiðir lágmarkslífeyri, í öðru lagi samtryggingarkerfi með skylduaðild, og í þriðja lagi valfrjálsum séreignarsparnaði. Fyrsta stoð kerfisins er byggð á gegnumstreymi þar sem lífeyrisgreiðslur eru fjármagnaðar með samtíma skatttekjum ríkissjóðs, en seinni tvær stoðirnar eru byggðar á sjóðsöfnun lífeyrissjóða. Sá hluti lífeyriskerfisins sem byggir á sjóðsöfnun er með þeim stærstu í heimi ef litið er til eigna lífeyrissjóðanna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Í upphafi ársins 2015 námu eignir sjóðanna 147% af vergri landsframleiðslu, og aðeins Holland var með stærra lífeyrissjóðakerfi, eða 159% af VLF. Lífeyrissjóðirnir eru fyrir vikið orðnir mjög fyrirferðamiklir á íslenskum fjármálamarkaði. Framspár um þróun kerfisins sýna að kerfið mun vaxa enn frekar á næstu árum og áratugum. Í erindinu er farið yfir niðurstöður rannsóknar á því hversu stórt lífeyriskerfi sem byggir á sjóðasöfnun getur orðið og hugsanleg áhrif stærðar kerfisins á íslenskan fjármálamarkað.

Hersir Sigurgeirsson
Daníel Kári Snorrason

# Kostnaðarfall íslenskra grunnskóla: Hvers vegna hefur meðalkostnaður íslenskra grunnskóla vaxið um þriðjung að raungildi á nýliðnum áratug?

Rekstur grunnskóla er í dag fjármagnsfrekasti málaflokkur sveitarfélaga. Kostnaður þeirra er ákaflega misjafn og hefur farið verulega vaxandi undanfarinn áratug eða svo – eða um þriðjung af raungildi á hvern nemanda árin 2002-2014. Greining sýnir að óheppilegum rekstrareiningum hafi fjölgað í skólakerfinu á þessu tímabili. Enn fremur er vitað að einsetning grunnskólans var kostnaðarsöm. Hins vegar benda Pisa kannanir til þess að íslenskum nemendum hafi farið aftur í samanburði við aðrar þjóðir. Í rannsókninni verður greint hvaða þættir hafa áhrif á kostnað við grunnskóla og kostnaðarfall þeirra sett fram með formlegum hætti. Þá verður gerð tilraun til að meta þau áhrif sem ólík gæði skólastarfs, einsetning, óheppileg nemendasamsetning. og sérþjónusta við skólastarf hefur á kostnað við rekstur grunnskóla. Notaður verður langsniðs gagnagrunnur yfir alla skóla á landinu árin 2004-2013.

Vífill Karlsson
Sveinn Agnarsson

# Framleiðni í byggingariðnaði á Íslandi og í Noregi

Byggingarframkvæmdir drógust verulega saman strax eftir hrun bankanna í október 2008. Atvinnulausir, eða atvinnulitlir íslenskir iðnaðarmenn, leituðu í talsverðu mæli til Noregs enda skortur á iðnaðarmönnum þar. Íslendingar hafa reynst eftirsóttir af verktökum í Noregi sem bendir til þess að framleiðni þeirra sé síst slakari en framleiðni kollega þeirra í Noregi. Í þessu erindi leitumst við við að bera saman framleiðni iðnaðarmanna í byggingariðnaði á Íslandi og í Noregi. Horft er á magntölur, það er, hve margar vinnustundir eru á bak við hvern fermeter við byggingu fjölbýlishúss í þessum tveimur löndum. Eftir skoðun gagna og útreikninga kemur í ljós að árangur Norðmanna er töluvert betri en okkar. Stuðst var við gögn frá verktökum, ásamt opinber gögn bæði frá Noregi og Íslandi.

Ævar Rafn Hafþórsson
Þórólfur Matthíasson

# Hagræn umsvif sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins á Íslandi

Rannsókn höfundar lýtur að greiningu á efnahagslegu umfangi sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðar á Íslandi. Öll virðiskeðja og hagrænt umfang alls sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins frá dagskrárgerð og framleiðslu til dreifingar og sýninga, verður greint. Farið verður yfir veltutölur, fjölda ársverka og fyrirtækja, virðisauka og vinnsluvirði, söluandvirði þjónustu og afkomu, vægi í íslensku atvinnulífi og bein og óbein áhrif greinarinnar, auk fleiri þátta. Stuðst verður við opinber gögn, s.s. frá Hagstofunni, en einnig við gögn frá einstökum fyrirtækjum í greininni. Þá verður einnig fjallað um áhrif iðnaðarins á skatttekjur hins opinbera og þau sett í samhengi við þann stuðning sem stjórnvöld leggja til iðnaðarins. Skattaumhverfi greinarinnar verður greint ásamt þeirri samkeppni sem íslensk fyrirtæki í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði glíma við. Lagt verður mat á hversu mikið ólögleg samkeppni kostar íslensk fyrirtæki og íslensk stjórnvöld. Að lokum verður fjallað um leiðir til úrbóta svo efla megi þennan iðnað til framtíðar, bæði iðnaðinum til hagsbóta en einnig íslensku samfélagi.

Ágúst Ólafur Ágústsson

# Fyrirliggjandi þekking um mælingar á alþjóðavæðingu

Ekki fer á milli mála að alþjóðavæðing hefur aukist umtalsvert á undanförnum árum og eru áhrif hennar mikil, bæði á efnahag, velferð, samkeppnisumhverfi og tækifæri fólks og fyrirtækja. Í þessu samhengi væri áhugavert að geta fylgst með þróun í alþjóðavæðingu, borið hana saman við aðrar þjóðir, og geta greint þætti þar sem hafa áhrif á hana. Alþjóðavæðing er hins vegar margvítt fyrirbæri og getur því verið erfitt að henda reiður á möguleika til að mæla hana, hvaða þættir hafa áður verið teknir til skoðunar og hvað hefur verið fjallað um af fræðimönnum. Í þessu erindi eru kynntar niðurstöður úr rannsókn sem byggir á kerfisbundnu fræðilegu yfirliti um mælingar á alþjóðavæðingu. Í rannsókninni voru teknar til skoðunar greinar sem birtar voru á gagnagrunninum ABI/Inform, og fjalla um „mælingar á alþjóðavæðingu". Greindir voru helstu þættir sem fjallað hefur verið um, og rýnt nánar í helstu niðurstöður fyrri rannsókna og skoðað á hvaða rannsóknaraðferðum þær byggja. Rannsókn þessi er hluti af víðtækara verkefni á vegum Rannsóknamiðstöðvar um alþjóðavæðingu sem hleypt var af stokkunum hjá Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands haustið 2015, og er gagnlegt framlag til að greina viðfangsefni frekari rannsókna á þessu áhugaverða sviði.

Gunnar Óskarsson
Guðjón Helgi Egilsson

# BEPS: Hvað er það?

BEPS stendur fyrir „Base Erosion and profit shifthing“ sem þýða má sem skattstofnseyðing og hagnaðartilflutningur. Nánar tiltekið er um að ræða aðgerðir alþjóðlegra fyrirtækjasamstæðna sem felast í beitingu löglega aðferða til að lágmarka skatta einstakra fyrirtækja innan keðjunnar, og leiða jafnaðarlega til flutnings á hagnaði frá háskattalandi til lágskattalands. Þetta skapar hættu að skattstofnar háskattalanda, einkum og sér í lagi velferðarríkja, eyðist eða hverfi með tímanum sé ekkert að gert. Eftir sem áður verða þjóðirnar að afla tekna til að reka sig, og gefur auga leið að borgi fyrirtækin ekki skattana, munu þeir lenda á einstaklingunum. Þar með er ekki sagt að skattbyrðin muni aukast hlutfallslega jafnt hjá öllum, því reynslan sýnir að þeir sem meira hafa á milli handanna sleppa betur en hinir sem minna hafa. Stjórnmálamönnum er þetta auðvitað ljóst og óttast afleiðingarnar sé ekkert að gert. Einstök ríki gætu auðvitað reynt að berja í brestina hvert um sig. En þar sem vandamálið er að hluta til alþjóðlegt, borgar sig að standa saman. Í ljósi þessa fóru 20 auðugustu ríki heims þess á leit við OECD árið 2012 að stofnunin semdi aðgerðaráætlun, sem innihéldi tillögur að nýjum lagareglum og tvísköttunarsamniningsákvæðum, svo og viðbætur við athugasemdakerfi tvísköttunarsamningsfyrirmyndar OECD, sem hefði að markmiði að takmarka svigrúm fyrirtækja að þessu leyti. Vinnsla á þessum tillögum átti sér stað á árinum 2013-2015, og er stefnt að því að endanlegar tillögur liggi fyrir í lok þessa árs. Í fyrirlestri mínum mun ég gera stutta grein fyrir innihaldi þessara tillagna, og hvaða áhrif þær komi til með að hafa á íslenskan skattarétt og tvísköttunarsamninga.

Ásmundur G Vilhjálmsson

# Samspil peningamálastefnu og fjármálastefnu á alþjóðavísu

Að undanförnu hafa markmið og stýritæki seðlabanka víkkað frá hefðbundinni peningamálastefnu í ljósi breytinga á alþjóðlega fjármálakerfinu eftir fjármálakreppuna 2008 og endurskoðunar vegna hennar, sem einnig hefur haft áhrif á fjármálastefnu hins opinbera. Tilgangur erindisins er að draga fram nýlega þróun varðandi peningamálastefnu og fjármálastefnu, en sérstaklega verður skoðað aukið samspil og áhrif á milli stefnanna. Peningamálastefna hefur lengi miðast við eitt markmið, stöðugt verðlag og eitt verkfæri, stýrivexti. Núverandi ástand þar sem vextir eru víða nálægt núlli, hefur kallað á hugmyndaauðgi og breytingu á viðteknum viðhorfum. Fjármálakreppan sýndi fram á ósjálfbærni hins alþjóðavædda fjármálakerfis og leiddi til þess að margir seðlabankar og hið opinbera þurfti að bjarga fjármálakerfinu frá þroti. Nú stendur yfir hönnun og uppbygging nýs kerfis sem taka þarf við og gera sjálfbærara, en í millibilsástandinu eru stýrivextir um núll og jafnvel neikvæðir í æ fleiri löndum. Þá hefur sýn á hlutverk fjármálastefnu hins opinbera tekið breytingum, og kallað er eftir óhefðbundnum aðgerðum til að koma efnahagslífi heimsins í gang. Í erindinu verður farið yfir nýjustu kenningar á sviðum bæði peningamálastefnu og fjármálastefnu til að draga fram samþættingu þeirra sem nú á sér stað á alþjóðavísu.

Ásgeir Brynjar Torfason

# Hlutverk fólks á Suðurnesjum: Þátttaka, gildi, áhugi og frammistaða

Fólk skilgreinir sjálft sig gjarnan út frá hlutverkunum sem það gegnir, og lítur á sig sem nemanda, starfsmann, foreldri, sjálfboðaliða, tómstundaiðkanda og fleira. Hlutverk er bæði félagslega og persónulega skilgreind staða með tilheyrandi viðhorfum og athöfnum. Fólk metur eigið atferli og árangur þess út frá hlutverkunum sem það gegnir, og sýnir oft þá hegðun sem umhverfið ætlast til. Samfélagið á Suðurnesjum sker sig nokkuð frá öðrum íslenskum samfélögum, en þar er m.a. lægsta hlutfall háskólamenntaðra manna, brottfall úr framhaldsskóla frekar hátt, og mæður undir tvítugu eru hlutfallsega fleiri en annars staðar á landinu. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvaða hlutverkum fólk á Suðurnesjum gegnir, og hvort það sé frábrugðið því sem gengur og gerist annars staðar á landinu. Einnig að skoða ánægju fólks með frammistöðu sína í tíu algengum hlutverkum, og áhuga þessa á að gegna fleirum. Megindlegu rannsóknarsniði með hentugleikaúrtaki var beitt og gögnum safnað með Hlutverkalistanum. Þátttakendur voru alls 105, 47 frá Suðurnesjum og 57 af öðrum landsvæðum. Lýsandi- og ályktunartölfræði var beitt. Niðurstöður benda til að hlutverkadreifing fólks sem býr á Suðurnesjum sé ólík því sem er í öðrum landshlutum. Frekari niðurstöður verða kynntar á ráðstefnunni.

Kristjana Fenger

# Áhrif brottfluttra í smáum jaðarsamfélögum og tengsl þeirra við heimahagana

Flestar jaðarbyggðir eiga það sameiginlegt að ungt fólk flyst þaðan í miklum mæli, oftast til að sækja sér aukna menntun. Þetta unga, vel menntaða fólk skilar sér yfirleitt ekki til baka, og álitið sem svo að svæðin séu að missa mannauð varanlega. Í rannsókninni „Heima er þar sem Eyjahjartað slær“ var könnuð sú nálgun að hinir brottfluttu væru margvísleg auðlind fyrir sína fyrrum heimahaga. Þátttakendur í rannsókninni voru aðilar á jaðarsvæðum í þremur löndum, auk Austurlands; Bornholm, Danmörku, Suðurey, Færeyjum og Vesterålen, Noregi. Litið var til menningarhátíða sem haldin eru að frumkvæði brottfluttra í flestum tilvikum. Beitt var fjölþættum aðferðum, s.s. viðtölum og viðhorfskönnunum. Niðurstöðurnar sýndu að meirihluti hátíðanna voru gríðarlega stórt innlegg í svæðisbundna ferðamennsku, félagslíf og menningu á þeim stöðum sem þær voru haldnar. Því er hægt að álykta að framlag brottfluttra sé mikils virði fyrir svæðin sem flutt er frá. Þessi niðurstaða getur nýst sem innlegg í stefnumótun og áætlanagerð á jaðarsvæðum, og ýtir undir mikilvægi þess að hlúa vel að ungmennum á mótunarárum þeirra og mynda sterk tengsl við svæðin. Ennfremur að veita þurfi brottfluttum tækifæri til að viðhalda tengslum, og leggja sitt af mörkum, án þess endilega að flytja til baka. Í því liggur mikill mannauður sem jaðarbyggðir geta nýtt sér.

Elfa Hlín Pétursdóttir
Tinna Kr. Halldórsdóttir

# „Ég kem ekki aftur." Brottfluttar konur af Austurlandi, tengsl við svæðið og líkur á að snúa aftur

Á flestum jaðarsvæðum er samsetning mannfjöldans sú að konur eru færri en karlar, og þá sérstaklega ungar konur á aldrinum 20-40 ára. Á Austurlandi er staðan svipuð og fleiri ungar konur flytja brott varanlega en ungir menn. Gerð var viðtalsrannsókn vorið 2016 þar sem rætt var við 108 konur á aldrinum 21-40 ára af flestum svæðum á Austurlandi. Spurt var um ástæður brottflutnings, styrk tengsla við svæðið sem flutt var frá, mat á ýmsum innviðum, og líkurnar á að snúa aftur til búsetu á Austurlandi. Niðurstöðurnar voru þær að flestar fluttu vegna náms eða persónulegra ástæðna. Atvinnumöguleikar á Austurlandi voru almennt taldir fáir fyrir konur, og mátu konurnar svo að þeirra eigin möguleikar væru færri en fyrir konur almennt, en fyrir karla væru næg atvinnutækifæri. Innan við 3% svarenda sáu fyrir sér miklar líkur á að flytja til baka á Austurland, og alls um 20% sem töldu nokkrar líkur. Þær sem helst álitu það möguleika voru í meirihluta háskólamenntaðar konur sem voru fæddar og uppaldar á Austurlandi. Tengsl við þann stað sem flutt var frá höfðu mikið forspárgildi varðandi líkur á að snúa til baka, og er sú niðurstaða í samhljómi við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið meðal brottfluttra frá jaðarsvæðum.

Tinna Kr. Halldórsdóttir

# Grímsey: Draumaland í Dumbshafi

Stöðug fólksfækkun í Grímsey, og margvísleg áföll á undanförnum árum, hafa sett byggðina í eynni í alvarlega klemmu. Í Grímsey er aðeins einn atvinnuvegur, fiskveiðar. Útgerðarfyrirtækin fjögur fóru illa út úr efnahagshruninu á Íslandi 2008, og hafa undanfarin ár átt í erfiðleikum með að standa í skilum við viðskiptabanka sinn. Félagsleg áföll hafa einnig valdið búsifjum í samfélaginu, fyrst stórfelldur fjárdráttur fyrrverandi sveitarstjóra, og síðan kæra á hendur áhrifamanni í samfélaginu fyrir meint kynferðisbrot. Rannsóknin beinist að félagsauði Grímseyinga og hvaða áhrif erfiðleikar og áföll hafa haft á þann auð, sem og áhrif nábýlisins. Félagsleg samheldni og gagnkvæm ábyrgð er meginskýringin á því að byggð hefur haldist í Grímsey í þúsund ár, en jafnframt leiddi rannsóknin í ljós að samheldnin gisnar þegar einhver hefur gengið fram af samfélaginu með hegðan sinni og breytni. Það mætti því frekar segja að það sé hugmyndin um sameiginlegan félagsauð, sem haldi eyjarsamfélaginu saman - en bent er á að forsenda og grundvöllur þessa sé af efnahagslegum toga: fiskveiðiheimildirnar sem eru grundvöllur og forsenda byggðarinnar eru eign örfárra fjölskyldna. Meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að þegar gengið hefur verið svo freklega á félagsauðinn að lítið er til skiptanna, sé tilvist byggðarinnar stefnt í alvarlega hættu. Um er að ræða eigindlega vettvangsrannsókn, höfundur heimsótti Grímsey nokkrum sinnum og átti samtöl við tugi Grímseyinga heima og heiman, auk sérfræðinga um einstök mál.

Ómar Valdimarsson

# Þverþjóðlegir gerendur? Fórnarlömb á flótta? Sjónarmið í rannsóknum á vesturferðum ógiftra kvenna, 1870-1914

Markmið fyrirlestrarins er að fjalla um vesturferðir ógiftra íslenskra kvenna út frá hugtakinu „gerendahæfni" (*agency*). En kjarninn í því má segja að snúist um möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf og umhverfi sitt, að öðlast „frelsi" og að komast undan „kúgun". Hafa þarf í huga að útflutningsferlið stjórnaðist af mörgum félagslegum þáttum og má þar nefna kyngervi, stétt og þjóðerni, auk t.d. kynþáttar og trúarbragða. Líf innflytjendakvenna í Kanada „mótaðist af átökum og spennu sem þær upplifðu innan fjölskyldna sinna, innan þjóðernissamfélagsins og í tengslum sínum við samfélagið í heild". Samkvæmt þessu urðu konur í sumum tilfellum a.m.k. fyrir misnotkun í nýja landinu. Gögn sem liggja til grundvallar rannsókninni eru m.a. vestur-íslensk dagblöð, tímarit og persónulegar heimildir á borð við æviminningar. Verða þær greindar með sagnfræðilegum aðferðum. Í fyrirlestrinum verða Ameríkuferðir ógiftra íslenskra kvenna skoðaðar út frá þessum sjónarhornum. Spurt verður hvað það var sem e.t.v. auðveldaði flutningana? Hvað stuðlaði mögulega að „frelsi" kvennanna, hvað gerði þeim hugsanlega kleift að sporna gegn „kúgun"? Út frá heimildum ályktum við að „þverþjóðleg tengslanet" séu meðal þess sem hafði grundvallaráhrif á hvernig ógiftum konum í hópi Ameríkufara farnaðist þegar þær tókust á við þennan veruleika. Þau séu þannig lykilþáttur í að skoða „gerendahæfni" þeirra.

Sigríður Matthíasdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

# Gildi mannvísinda á 21. öldinni

Í skrifum sínum um háskóla sem spanna yfir 30 ár hélt Páll Skúlason því fram að nær ómögulegt væri að hugsa sér háskóla án mannvísinda (þ.e. ákveðinna greina hug- og félagsvísinda). Hins vegar taldi hann að einfalt væri að hugsa sér háskóla án tækni-, raun- og náttúruvísinda. Þessi kenning virðist í fljótu bragði ekki ríma vel við áherslur í háskólamálum undanfarna áratugi, hvorki á Íslandi né annars staðar í heiminum. Í erindinu verður þessi hugmynd Páls metin og rýnt í spurninguna um gildi mannvísinda (með áherslu á hugvísindi) á 21. öldinni. Erindið verður að hluta til byggt á könnun meðal kennara og nemenda á Hugvísindasviði í september 2015. Erindið tengist COST rannsóknanetinu, European Network for Research Evaluation in the Social Sciences and the Humanities (ENRESSH) (COST Action CA15137).

Eiríkur Smári Sigurðarson

# Gildi félagsvísinda á 21. öldinni

Þegar við kveikjum á sjónvarpinu, opnum fyrir útvarpið, flettum dagblaði, spjöllum við samferðafólk, eða höngum á samfélagsmiðlum, birtast okkur hin ýmsu samfélagslegu mál sem vekja hjá okkur spurningar. Gildi félagsvísinda og rannsókna í félagsvísindum endurspeglast ekki síst í því að þær afla svara byggðum á vísindalegum rannsóknarðaferðum við spurningum um hið samfélagslega og um mannleg samskipti. Niðurstöður rannsókna í félagsvísindum byggjast á eiginlegum og megindlegum rannsóknaraðferðum, allt frá tölfræðilegum upplýsingum úr sögulegum gögnum til skilnings á daglegum athöfnum í nútíma, og jafnvel framtíðar, samfélögum. Þannig öðlumst við skilning á lífi okkar og umhverfi. Rannsóknir í félagsvísindum veita innsýn í ólíkar félagslegar aðstæður sem geta veitt okkur möguleika á að skilja hegðun og ferli, og þannig möguleika á að bæta líf fólks og val, stofnanir og samfélög. Í erindinu verður fjallað um gildi félagsvísinda, miðlun rannsóknaniðurstaðna, og mikilvægi félagsvísinda í þverfaglegum rannsóknum. Erindið tengist COST rannsóknanetinu European Network for Research Evaluation in the Social Sciences and the Humanities (ENRESSH) (COST Action CA15137).

Hulda Proppé

# Rannsóknartengt nám: Hvernig skiljum við það?

Hvað felst í því að nám byggi á rannsóknum eða sé tengt rannsóknum? Hér er kennaramenntunin við Háskóla Íslands tekin sem dæmi og rannsakað með 10 viðtölum við kennaranema, um hvað felist í rannsóknartengdu kennaranámi. Hvaða skilningur, eða sýn á rannsóknartenginu námsins, liggur að baki hjá þeim sem mennta kennara, sem eru á gólfinu og hafa því mikil áhrif á innihald og uppbyggingu kennaranáms. Helstu niðurstöður eru þær að greina má fjögur mismunandi viðhorf sem þátttakendur nefndu, það er að uppbygging kennaranáms byggði á rannsóknum, að kennsla byggði á fræðum og rannsóknum, að í náminu væru kennarar einkum að fjalla um niðurstöður rannsókna, og að kennaranemar yrðu sjálfir fræðimenn er unnið gætu að rannsóknum að menntun lokinni. (Auk þess eru athyglisverðar niðurstöður sem fjallað verður um, um hvernig styrkja megi þessa rannsóknartenginu). Auk þess verður fjallað um hvernig styrkja megi þessa rannsóknartengingu í náminu. Niðurstöður hinnar íslensku rannsóknar verða hér skoðaðar í ljósi niðurstaðna og hugmyndafræði finnskrar rannsóknar Kansanen (2003), Jakku-Sihvonen & Niemi (2006) og noskrar rannsóknar Vågan och Kyviks frá (2014).

Halla Jónsdóttir

# „Þetta er náttúrulega ekki tilfinningatungumálið manns“: Viðhorf háskólakennara til að skrifa fræðigreinar á ensku

Enska er mál hins akademíska heims. Ef vísindamenn vilja kynna verk sín erlendis þurfa þeir að skrifa á ensku. Skýr krafa kemur einnig frá háskólanum um að skrifa á ensku. Þessi þróun hefur staðið yfir í nokkurn tíma en rannsóknir á áhrifum hennar hófust ekki fyrr en um áratug. Rannsóknin sem kynnt er hér byggir á 20 djúpviðtölum við jafnmarga háskólakennara, fjóra frá hverju sviði Háskóla Íslands. Fyrri rannsóknir hafa verið gerðar í löndum þar sem lítið aðgengi hefur verið að ensku en hér er rætt við háskólakennara sem hafa búið við ríkt aðgengi að ensku um árabil. Margir hafa lokið framhaldsnámi i enskumælandi löndum. Niðurstöður leiða í ljós þætti sem þekktir eru úr fyrri rannsóknum, svo sem að það tekur lengri tíma að skrifa á ensku, er aukin fyrirhöfn og oft meiri kostnaður. Auk þess komu fram ýmsir lítt þekktir þættir. Þeir snerta menningu, orðræðuhefð ólíkra vísindagreina, markhópinn, sjálfsmyndina, persónulega rödd. En ekki síst að geta ekki skrifað af sama myndugleika á tungumáli sem ekki er þitt eigið. Af orðum viðmælenda má greina þessi einstöku tengsl máls og hugsunar sem hver einstaklingur ber til móðurmálsins. Sumir telja að þeir nái meiri dýpt í hugsunina og tengslin við innihaldið séu sannari og meira ekta þegar skrifað er á móðurmálinu. Loks voru látnar í ljósi áhyggjur vegna þróunar íslensks fræðamáls.

Birna Arnbjörnsdóttir
Hafdís Ingvarsdóttir

# Samþróun þekkingar í læknisfræði og verkfræði

Nýlegar rannsóknir á læknisfræðilegri nýsköpun (*medical innovation*) hafa beint kastljósinu að gagnvirku samspili vísindarannsókna og framkvæmda (*practice*) í læknisfræði og hvernig þessi ólíku þekkingarsvið tengjast í gegnum starfsemi sjúkrahúsa. Þrátt fyrir að tekið sé tillit til mikilvægi verkfræðiþekkingar fyrir læknisfræðilega nýsköpun, þá er merkilega lítill gaumur gefinn að samspili læknisfræði og verkfræði, og þá sérstaklega hvernig þróun þekkingar í læknisfræði hefur áhrif á þróun þekkingar í verkfræði. Í þessari rannsókn er markmiðið að bæta úr því og setja fram fræðilegt líkan til rannsókna á samþróun (*coevolution*) þekkingar í læknisfræði og verkfræði. Grunnur umgjarðarinnar er sóttur í smiðju Donald Campbell, sem setti fram þróunarfræðilega (*evolutionary*) kenningu um vöxt þekkingar. Læknisfræði og verkfræði eru skilgreind sem fagsvið, þ.e. að þau byggi réttmæti framkvæmda á vísindalegri þekkingu. Hvort fagsvið fyrir sig samanstendur því af tveimur þekkingarsviðum, annað tengt vísindarannsóknum og hitt tengt framkvæmdum. Hið fræðilega líkan skilgreinir þróunarferli (*evolutionary trajectory*) hvers þekkingarsviðs og setur fram uppástungur (*proposition*) um gagnkvæm tengsl á milli þeirra. Með aðstoð hermilíkana má sýna fram á kvika (*dynamic*) eiginleika líkansins sem hægt er að sannreyna með raunrannsóknum (*empirical studies*).

Rögnvaldur J. Sæmundsson

# Faglegt forystuhlutverk skólastjóra grunnskóla

Í erindinu verður kastljósi beint að sýn skólastjóra á hlutverk sitt og kennslufræðilega forystu (*instructional leadership*) í skólunum. Árangur og líðan eru grundvallarþættir faglegs starfs í skóla, og eru skólastjórar sagðir lykilaðilar í mótun starfsanda og skólamenningar. Þótt áhrif skólastjóra á nám og kennslu séu jafnan óbein, hafa fræðimenn sýnt fram á að skýr tengsl eru á milli faglegrar forystu skólastjóra og árangurs nemenda. Án efa ætlast löggjafinn til slíkrar forystu af hálfu skólastjóra, þar sem sú menntunarkrafa er gerð til hans að hann hafi öðlast leyfisbréf sem grunnskólakennari, þótt þeir hafi með höndum, hvort tveggja í senn, framkvæmdastjórn (*administration*) og faglega forystu. Skólastjóra ber að gera tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar með tilliti til þarfa viðkomandi skóla og ákveða verksvið annarra stjórnenda skólans. Eftir að sveitarfélög tóku við grunnskólanum hefur stjórnunarumfang í skólum aukist umtalsvert. Í erindinu verður greint frá rannsókn þar sem kastljósi er beint að verkaskiptingu stjórnenda í grunnskólum, og leitast við að svara því hvaða ábyrgðarhlutverk skólastjórar fela millistjórnendum, og hvar þeir telja sínu hlutverki best varið. Niðurstöður benda til að skólastjórar kjósi að axla einhvers konar framkvæmdastjórahlutverk fremur en faglegt leiðtogahlutverk innan síns skóla, og fela millistjórnendum faglega þætti.

Trausti Þorsteinsson
Amalía Björnsdóttir

# Yfirvofandi fækkun grunnskólakennara næstu áratugi: Lýðfræðileg greining

Í rannsókninni er lagt mat á samsetningu kennarastéttarinnar í nútíð og framtíð með aðferðum lýðfræðinnar. Þekktar stærðir á aldurs- og kynjaskiptingu stéttarinnar, sem og upplýsingar um útskriftir frá háskólum, eru notaðar til meta mögulega samsetningu og stærð stéttarinnar í framtíðinni. Með mismunandi forsendum um útskriftir úr kennaranámi má meta tilvonandi stærð og samsetningu grunnskólakennarastéttarinnar eftir 20-40 ár. Með því má gera mannfjöldapýramída fyrir kennarastéttina og mannfjöldaspá þar sem gengið er út frá forsendum síðustu ára. Með því má meta fjölda í kennarastéttinni miðað við að þróunin verði eins og síðustu ár, eða með breyttum forsendum. Markmið rannsóknarinnar er að komast að því hver núverandi samsetning kennarastéttarinnar er, og hver er líkleg samsetning kennarastéttarinnar í framtíðinni. Hagnýtt gildi fyrir fagsamstök kennara og sveitarfélög er að búa yfir þessum upplýsingum til að styðja við stefnumótandi ákvarðanir, geta lagt mat á framtíðarþörf fyrir kennara miðað við komandi árganga grunnskólabarna, og aðra aðila sem koma að kennaramenntun og starfi grunnskólakennara.

Stefán Hrafn Jónsson
Helgi Eiríkur Eyjólfsson

# Þróun faglegrar sjálfsmyndar fyrstu fimm árin í kennslu

Í þessu erindi verður ljósi varpað á hvernig fagleg sjálfsmynd (*professional identity*) byrjenda í kennslu mótaðist í starfi. Um er að ræða langtímarannsókn með kennurum fyrstu fimm árin í grunnskólakennslu sem veitir innsýn í væntingar þeirra, áhyggjur og gleði, erfiðleika og árangur. Eitt meginmarkmiðið er að skapa þekkingu sem sýnir hvernig þeir þróast sem byrjendur; hvað hindrar og hvað styður þá, og hvernig þeim gengur að sinna öllum þeim úrlausnarefnum sem verða á vegi þeirra. Rannsóknin er eigindleg og aðferðafræðilegur bakgrunnur hennar er narratífa (*narrative inquiry*). Narratíf rannsókn byggir á samvinnu rannsakandans og þátttakenda um nokkurn tíma, á nokkrum stöðum, og í félagslegu samhengi við umhverfið. Niðurstöðurnar eru settar fram sem sögur af glímu þeirra við að takast á við ýmsar áskoranir í starfi. Þær sýna m.a. að sjálf þátttakan í rannsókninni reyndist hinum ungu kennurum mikið tilefni til ígrundunar þannig að hún hafði jákvæð áhrif á starfsþroska þeirra. Þá má nefna að rannsóknin undirstrikar hversu íþyngjandi margvíslegir erfiðleikar sem þeir þurftu að fást við reyndust vera, á sama tíma og þeir voru að reyna að ná tökum á starfinu, en jafnframt hversu mikilvægt það er að nýliðar í kennslu fái mun meiri stuðning en í boði hefur verið.

Lilja M. Jónsdóttir

# Í upphafi skyldi endinn skoða: Námsefni í lífsleikni sem miðar að því að efla siðferðisþroska nemenda og hæfni þeirra til að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna

Jákvæð samskipti kennara og nemenda eru mikilvægari en hverjum er kennt, og því hvað sé kennt í skólum, sagði sálfræðingurinn Thomas Gordon, og minnti á að nemendur læra um gildi og reglur af þeim samskiptum sem þeir eiga við kennara sinn, en ekki einungis með viðfangsefnum sem lögð eru fyrir (Ásdís Hrefna Haraldsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2008). Góð samskipti styrkja siðferðis- og vitsmunaþroska nemenda og eflir þá í umhyggju fyrir öðrum. Í erindi þessu verður fjallað um námsefni í lífsleikni sem miðar að því að efla siðferðisþroska nemenda og hæfni þeirra til að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna. Námsefnið var samið út frá smásögunni *Þúsund orða virði* eftir Björn Braga Arnarson sem birtist í bókinni *Smásagnasmáræði* sem kennd er á unglingastigi grunnskóla. Sagan snýst um birtingu nektarmynda og afleiðingar þeirrar birtingar fyrir bæði geranda og þolanda. Í sögunni vakna upp siðferðislegar spurningar sem nemendur þurfa að taka afstöðu til. Kennsluaðferðir leiklistar eru í aðalhlutverki í námsefninu. Kennsluaðferðir leiklistar geta gefið tækifæri til að skoða námsefni á annan hátt og geta skapað dýpri þekkingu og skilning á námsefninu. Þar að auki gefst nemendum einstakt tækifæri til að setja sig í spor annarra og rýna í siðferðileg og samfélagsleg álitamál. Í lok erindis verða tekin verkleg dæmi sem sýnishorn.

Maríanna S. Bjarnleifsdóttir
Ása Helga Ragnarsdóttir

# Þjóðaréttur og grundvallarreglan um bann við að endursenda flóttamenn og innleiðing þeirrar reglu í íslenskum lögum (International law and the principle of non-refoulement regarding asylum seekers and its implementation into Icelandic law)

Erindið fjallar um vernd alþjóðlegra samninga, einkum 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, á réttindum hælisleitenda með tilliti til brottvísunar og framsals. Á síðustu áratugum hefur Mannréttindadómstóll Evrópu kveðið upp fjölmarga dóma sem fjalla um skyldur aðildarríkja gagnvart hælisleitendum, og að brottvísun þeirra eða framsal til heimaríkis þeirra feli í sér brot á 3. gr. sáttmálans um bann við pyndingum og ómannlegri, eða vanvirðandi meðferð, eða refsingu. Reglan um bann við brottvísun, eða endursendingu hælisleitenda (*non-refoulement*), til ríkis þar sem veruleg hætta er á að lífi hans og frelsi sé ógnað er viðurkennd regla í þjóðaréttinum. Hún er fest í 33. gr. Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna (SÞ) frá 1951 og að hluta til í 3. gr. Samnings SÞ um bann við pyndingum. Fjallað er um hvernig dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur þróast, og hvaða viðmið eru lögð til grundvallar við mat á því hvort aðildarríki brýtur gegn sáttmálanum með endursendingu eða brottvísun manns. Rætt verður um hvernig þessi réttindi hælisleitenda eru tryggð í íslenskri löggjöf, og jafnframt gerður samanburður á vernd Mannréttindasáttmála Evrópu og Samnings gegn pyndingum í þessu tilliti.

Björg Thorarensen

# Útlendingalög: Helstu álitamál (Icelandic Act on Foreigners: A general overview)

Farið verður vítt og breytt yfir ýmis lagaleg atriði sem varða málsmeðferð í þeim málum á sviði útlendingaréttar sem lúta að umsóknum um alþjóðlega vernd (áður almennt nefnd hælismál), auk þess sem leitast verður við að útskýra ýmis helstu hugtök sem reynir á í slíkum málum. Umfjöllun miðast eftir atvikum við framkvæmd laga nr. 96/2002 um útlendinga, auk þess sem litið verður til nýrra heildarlaga á sviðinu sem ætlað er að taka gildi í ársbyrjun 2017. Fjallað verður um hugtökin flóttamaður, alþjóðlega vernd og viðbótarvernd, sem og um dvalarleyfi af mannúðar ástæðum, auk þess sem útskýrt verður hvaða mál af þessu tagi það eru sem fá efnismeðferð fyrir stjórnvöldum á sviði útlendingamála hér á landi og hver ekki, t.d. á grundvelli svokallaðs Dyflinarsamstarfs, eða af því að umsækjandi telst þegar hafa virka alþjóðlega vernd, eða annars konar vernd í öðru ríki, o.s.frv. Þá verður stjórnsýsla og málsmeðferð í útlendingamálum sem varða umsóknir um alþjóðlega vernd útskýrð stuttlega, og þá einkum með hliðsjón af sérstöku hlutverki kærunefndar útlendingamála.

Pétur Dam Leifsson

# Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða: Mannúð við jaðar flóttamannaréttar (Residence permit on humanitarian grounds: Humanitarianism by the margins of refugee law)

Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða er einn af mörgum miskildum flötum útlendingaréttar. Dvalarleyfið stendur utan við hinn hefðbundna flóttamannarétt þar sem Ísland er ekki skuldbundið af þjóðarétti til að veita slík leyfi. Þau viðmið, sem stuðst er við, eru því byggð á íslenskum lögum, en hvíla ekki beint á þjóðréttarlegum skuldbindingum. Vandinn við túlkun á lagaákvæðum um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða er margþættur. Í fyrsta lagi, þá er lagaákvæðið sjálft frekar opið, setur fá viðmið og gefur stjórnvöldum víðtækt rými að að meta hvort ákvæðið eigi við. Í öðru lagi felst vandinn í því að umbreyta, eða þýða hugsun sem byggð er á mannúð og samhyggð með öðrum manneskjum inn í lagalegan strúktur og viðmið sem hægt er að beita á samræmdan hátt á mjög ólík mál þannig að jafnræðis sé gætt. Í þriðja lagi felst vandinn í sönnun, þ.e. hvaða sönnunargögn þurfi að leggja fram, hver sé sönnunarbyrðin og hverjar séu sönnunarkröfurnar. Þá verður stjórnvald að meta einstaklingsbundna upplifun umsækjanda í ljósi hlutlægra gagna um lönd sem stjórnvaldið starfar ekki í.

Hjörtur Bragi Sverrisson

# Raddir barna um foreldramissi úr krabbameini: Reynsla þeirra og ábendingar

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu barns við andlát foreldris. Spurt er: hvernig er hugað að stöðu barns í sjúkdómsferlinu og við fráfall foreldris úr krabbameini; hver er reynsla, sýn og tillögur fagfólks, eftirlifandi foreldris og ömmu og afa, og hver er bernskureynsla uppkominna barna af að missa móður úr krabbameini? Framkvæmd rannsóknar er þríþætt. Fyrsta hluta, rýnihópasamræða um sjónarmið fagfólks á Landspítala, er lokið. Í öðrum hluta tóku sjö reyndir fagmenn persónuleg viðtöl við 15 fjölskyldur, eftirlifandi foreldri, ömmur og afa. Sá hluti er nú í vinnslu. Í þriðja hluta eru persónuleg viðtöl við ungmenni um sjúkdómsferlið og bernskureynslu þeirra af dauða foreldris. Í fyrirlestrinum er sagt frá frumniðurstöðum þessa hluta. Þær spegluðu eftirfarandi atriði: (i) skortur á skipulegu ferli á spítalanum sem börnunum sé beint í við greiningu á sjúkdómi dauðvona móður; (ii) fjölskyldusamstaða og stuðningur skiptir miklu máli; (iii) lítil fagleg aðstoð sérhæfðs fagfólks með rými til að nálgast börn og vinna með þeim; (iv) óveruleg aðkoma leik- og grunnskóla þegar barn stendur frammi fyrir veikindum og missi foreldris. Í erindinu verða reifuð umræðuatriði og ályktanir sem draga má af röddum barnanna.

Sigrún Júlíusdóttir
Gunnjóna Una Guðmundsdóttir

# Efling í kjölfar áfalls: Fyrirbærafræðileg rannsókn

Í rannsóknum á áhrifum áfalla hafa að mestu leyti verið lagðar áherslur á neikvæðar afleiðingar þeirrar. Til að skilja betur sálræn áföll er nauðsynlegt að kanna einnig jákvæð áhrif þeirra. Þessi rannsókn er hluti af stærra rannsóknarverkefni og var tilgangur þessa hluta að auka þekkingu og dýpka skilning á því hvernig fólk lærir að lifa með áföllum og ná vexti í kjölfar áfallsins (*post-traumatic growth*). Rannsóknarspurningin er: Hver er reynsla fólks af sálrænu áfalli og leiðunum að vexti í kjölfar áfallsins? Fyrirbærafræðileg aðferð var notuð til að svara rannsóknarspurningunni. Gögnum var safnað í 14 viðtölum við 12 einstaklinga sem höfðu upplifað eflingu í kjölfar sálræns áfalls. Bakgrunnur þátttakenda og saga sálrænna áfalla var ólík. Þeir lýstu einkennum áfallanna, hvernig þeir unnu úr þeim, og leið þeirra til vaxtar í kjölfar áfallsins, og hvernig persónulegir þættir þeirra og innri þörf fyrir breytingar setti af stað ferli sem leiddi til eflingar og sálræns vaxtar. Þrátt fyrir að upplifa vöxt í kjölfar áfalls lýstu þátttakendur einnig neikvæðum þáttum eins og „þungum dögum“, minnkaðri starfsgetu og innra óöryggi. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að gefa þurfi meiri gaum að fólki sem lendir í sálrænum áföllum, og hvernig hægt er að koma í veg fyrir, eða takmarka alvarlegar langtímaafleiðingar. Skjót greining og íhlutun, langtíma stuðningur og leiðsögn, ásamt starfsendurhæfingu eru mjög mikilvæg fyrir fólk á leið til eflingar og vaxtar eftir áföll.

Hulda Sædís Bryngeirsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir

# Ódæmigerð einkenni hjartaáfalls hjá þeim sem eru í kringum fimmtugt: Fyrirbærafræðileg rannsókn

Hjartasjúkdómar er ein aðal dánarorsök í heiminum. Markmið þessarar rannsóknar, sem er hluti af stærra rannsóknarverkefni, er að efla þekkingu og dýpka skilning á þeirri reynslu að fá hjartaáfall í kringum fimmtugt, og að hvaða leyti einkenni hjartaáfallsins eru frábrugðin hjá þeim sem eru í kringum fimmtugt, miðað við þau sem eldri eru. Notuð var fyrirbærafræðileg aðferð, og tekin voru eintaklingsviðtöl við 11 þátttakendur, þar af 3 konur. Meðalaldur þátttakenda var 48 ár. Hjá tæplega helmingi þátttakenda var hjartaáfallið vangreint sem einhver annar sjúkdómur vegna ungs aldurs þeirra, og var tæplega helmingur þátttakenda sendir heim eftir skoðun hjá lækni án þess að fara í ítarlegri skoðun með tilliti til kransæðaþrengsla eða hjartaáfalls. Samt lýstu þátttakendur einkennum hjartaáfalls, ef skoðuð eru ódæmigerð einkenni hjartaáfalls, sem eru mæði, þreyta, slappleiki, kviðverkir, brjóstsviði og veikindatilfinning. Þreyta og slappleiki voru einkenni sem flestir þátttakendur upplifðu við hjartaáfallið, fæstir fengu verk í brjóstið sem leiðir út í vinstri handlegg. Streita tengdist hjartaáfalli hjá öllum þátttakendum. Heilbrigðisstarfsfólk virðist hafa tilhneigingu til að einblína á hin klassísku einkenni hjartaáfalls þegar sjúklingur kemur með hjartaáfall á bráðadeildir, og horfir framhjá öðrum einkennum sem benda til hjartaáfalls. Mikilvægt er að fagfólk og almenningur viti um hin margvíslegu einkenni hjartaáfalls, einkum hin ódæmigerðu einkenni hjartaáfalls hjá þeim sem yngri eru.

Birna Gestsdóttir
Sigríður Halldórsdóttir

# Notkun á óhefðbundinni heilbrigðisþjónustu vegna langvinnra verkja

Áhugi á óhefðbundnum lækningum og notkun óhefðbundinna meðferðarleiða við margs konar heilsufarsvandamálum hefur aukist á síðustu árum. Slíkar meðferðir eru ýmist notaðar í stað, eða til viðbótar við hefðbundna læknismeðferð, og því einnig gjarnan nefndar viðbótarmeðferðir. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða notkun á viðbótarmeðferðum við langvinnum verkjum (≥3 mán) meðal íslensks almennings, og tengsl þess við lýðfræðilegar og verkjatengdar breytur. Spurningalisti var sendur til 4500 einstaklinga á aldrinum 20-70 ára sem valdir voru með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Auk lýðfræðilegra upplýsinga (kyn, menntun, heimilistekjur og búseta) var safnað upplýsingum um verki, alvarleika þeirra og áhrif á daglegt líf og heilsutengd lífsgæði, og hvort fólk hefði nýtt sér viðbótarmeðferðir við verkjunum síðustu sex mánuði. Tæplega helmingur þátttakenda (47,5 %, n=742) voru með langvinna verki og 45,5% (n=343) þeirra höfðu leitað til aðila sem veita viðbótarmeðferð síðustu sex mánuði. Flestir höfðu nýtt sér nálastungur (21,4%) og hnykkingar (18,3%), en kynjamunur var á hvora meðferðina fólk hafði nýtt sér í meira mæli. Konur höfðu í meira mæli nýtt sér nálastungur, en karlar hnykkingar. Logistic aðhvarfsgreining sýndi að konur og fólk búsett í þéttbýli voru líklegri til að hafa nýtt sér viðbótarmeðferðir en karlar og fólk í dreifbýli. Einnig voru jákvæð tengsl milli alvarleika verkjanna og notkunar á viðbótarmeðferðum. Notkun á viðbótarmeðferðum tengdist ekki menntun, heimilistekjum né heilsutengdum lífsgæðum.

Þorbjörg Jónsdóttir

# Frumkvöðlar og félagsauður

Í erindinu er lýst því hvernig ríkjandi viðhorf hafa áhrif á fjölda og starfsemi frumkvöðla í ýmsum löndum. Í viðtölum við íslenska frumkvöðla kemur m.a. fram að þeir sækjast eftir sjálfstæði, áskorunum og þrífast þegar óvissa er um framtíðargengi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir. Gerð var tölfræðileg greining með aðferð sem hagfræðingurinn Harold Hotelling þróaði árið 1934, og nefnist á ensku „canonical correlations", og lítið hefur verið beitt innan hagfræði hingað til. Aðferðin metur samband tveggja hópa breyta sem hér eru, annars vegar þættir sem hafa áhrif á frumkvöðlastarfsemi (ýmis viðhorf til vinnu, hvað foreldrar leggja áherslu á í uppeldi barna sinna), og hins vegar mælingar á framleiðnivexti og frumkvöðlastarfsemi. Gögn fyrir 20 OECD lönd voru notuð í greiningunni. Í ljós kemur mynstur þar sem ákveðin viðhorf hafa jákvæða fylgni við framleiðnivöxt og frumkvöðlastarfsemi.

Gylfi Zoega
Ágúst Arnórsson

# Fjárhagslegur ávinningur fyrirtækja af nýsköpun

Nýjungar í upplýsingatækni og hnattvæðing hafa skapað möguleika til nýsköpunar í fyrirtækjum. Við það hefur líftími á vöru og þjónustu styst, og nýsköpun verður beinlínis nauðsynleg til að tryggja viðgang og samkeppnishæfni fyrirtækja. Í slíku umhverfi er mikilvægt að réttar ákvarðanir séu teknar um fjárfestingar í nýsköpun, en til þess þurfa stjórnendur að skilja eðli slíkra fjárfestinga, og geta valið heppilega aðferðafræði til meta ávinning af þeim. Fyrri rannsóknir hafa lagt áherslu á aukinn skilning á nýsköpunarferlinu, sérstaklega hvaða þættir hafa mest áhrif á árangur af rannsóknar- og þróunarstarfi. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvernig mismunandi aðferðafræði hefur áhrif á mat á fjárhagslegum ávinningi fyrirtækja af nýsköpun. Með raundæmisrannsókn í alþjóðlegu íslensku stórfyrirtæki fékkst einstakt tækifæri til að bera saman mismunandi aðferðir við mat á fjárhagslegum ávinningi nýsköpunarverkefna þar sem hægt var að taka tillit til mismunar milli spágilda og raungilda, mismunandi nýnæmis, og ólíkra aðferða til að meta hvar fjárfestingarnar falla til í fyrirtækinu. Niðurstöðurnar sýna hversu mikilvægt það er að taka tillit til þess að fjárfesting í nýsköpun á sér ekki bara stað í þróunardeildum fyrirtækja. Einnig sýna niðurstöðurnar hvernig hefðbundar aðferðir við mat á fjárfestingum í nýsköpun draga úr ávinningi af róttækri nýsköpun.

Vera Dögg Antonsdóttir
Rögnvaldur J. Sæmundsson

# Fyrirtæki í hröðum vexti: „Þetta væri náttúrulega ekki hægt ef þú værir ekki með hörku duglegt starfsfólk sem vinnur mikið og leggur mikið á sig“

Fyrirtæki í hröðum vexti eru sögð skapa flest ný störf og spila stóran þátt í efnhagskerfum þjóða. Ein mikilvægasta auðlind fyrirtækja er starfsfólk þess og er stjórnunarhæfni, sér í lagi stjórnun mannauðs, talinn veigamikill þáttur þegar kemur að vexti fyrirtækja. Hraður vöxtur, og allar þær breytingar sem honum fylgja, leiða til mikils álags á starfsfólk, sér í lagi á reynslumikið starfsfólk sem hefur fylgt fyrirtækinu frá upphafi vaxtarins. Hætta er á að við slíkt álag brenni starfsfólkið út og leiti á önnur mið sem getur hægt á vextinum eða jafnvel leitt til samdráttar. Því er mikilvægt að huga vel að starfsfólkinu og hafa góða innsýn inn í þá þætti sem hvetur það áfram og ýtir undir skuldbindingu þess við fyrirtækið. Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn inn í upplifun starfsfólks sem starfar hjá fyrirtækjum sem hafa farið í gegnum hraðan vöxt. Tekin voru viðtöl við tíu einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að starfa hjá fyrirtækjum sem hafa vaxið hratt. Niðurstöðurnar sýndu að helsti hvati viðmælenda í starfi var nándin við stofnendur, samstarfsfólk og fyrirtækið í heild. Auk þess þótti viðmælendum verðmæti felast í þeim tækifærum sem skapast til starfsþróunar þegar byrjað er að starfa hjá litlum fyrirtækjum sem síðan fara í gegnum vöxt. Það að taka þátt í vextinum hefur ýtt undir skuldbindingu gagnvart fyrirtækinu, og hafa viðmælendurnir verið tilbúnir að leggja mikið á sig, og fórna ýmsu til að gera fyrirtækinu kleift að vaxa og ná markmiðum sínum. Aukinn starfsmannafjöldi, sem fylgir fyrirtækjum í hröðum vexti, virðist veikja tengls milli starfsmanna, og milli starfsmanna og stjórnenda eða stofnenda, og var það að mati viðmælenda einn af helstu ókostum vaxtarins.

Bríet Rún Ágústsdóttir
Auður Hermannsdóttir

# Stefnumótun sprotafyrirtækja sem starfa í ólíkum atvinnugreinum

Stefnumiðuð stjórnun er umfangsmikil fræðigrein sem leitast við að útskýra breytileika árangurs skipulagsheilda. Hingað til hefur breytileikinn verið útskýrður út frá tveimur sjónarhornum. Atvinnuvegasýn, sem útskýrir breytileikann út frá ólíkri staðfærslu, og auðlindasýn, sem telur að breytileikinn ráðist af einstæðum auðlindum og færni skipulagsheilda. Nýsköpun er talin leggja grunn að samkeppnishæfni hagkerfa og almennt er viðurkennt að nýsköpun, tækniþróun og hagvöxtur sé háð samhengi stofnanna, og hversu vel skipulagsheildum tekst að samþætta ólíka starfsemi og þekkingu starfsmanna. Stofnanir vísa ekki til ríkisstofnanna heldur til reglna, venja og skoðanna sem takmarkar valkosti einstaklinga og skipulagsheilda. Þannig geta stofnanir dregið úr óvissu í aðstæðum skipulagsheilda og haft áhrif á ákvörðunartöku stjórnenda. Á undanförnum árum hefur þriðja sjónarhornið á breytileika árangurs látið á sér kræla. Sjónarhorn, sem kallast stofnanasýn (*institutional-based view*), telur breytileikann tengjast stofnanavettvangi sem skipulagsheildir tilheyra. Rannsókninni er ætlað að ígrunda hvernig aðferðir stefnumótunarfræða nýtast sprotafyrirtækjum sem starfa í ólíkum atvinnugreinum, og hvaða áhrif slík starfsemi hefur á þróun viðskiptalíkana. Stuðst verður við eigindlegar rannsóknaraðferðir til að fá innsýn og heildstæða mynd á viðfangsefninu. Framlag rannsóknarinnar getur verið með ágætum ef hún nær að veita innsýn og heildstæða mynd á árangri og þróun þessara sprotafyrirtækja.

Hulda Guðmunda Óskarsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

# Fæðingarorlof og umönnun ungra barna á tímum efnahagskreppu

Árið 2000 voru lög um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 95/2000) samþykkt á Alþingi. Um var að ræða róttæka löggjöf þar sem Ísland var fyrst landa til að tryggja báðum foreldrum jafnan rétt til fæðingarorlofs. Markmið laganna er að gera báðum foreldrum kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf, og tryggja barni umönnun beggja foreldra. Árið 2009 var þak á greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi lækkað verulega, og tölulegar upplýsingar frá Fæðingarorlofssjóði sýna að í framhaldi dró úr fæðingarorlofsnýtingu feðra. Þetta vekur upp spurningar hvaða breytingar urðu á því hvernig foreldrar höguðu umönnun ungra barna sinna við efnahagshrunið, og hvort verri fjárhagsstaða foreldra hafi haft áhrif á jafnrétti kynjanna í umönnun barna. Bornar voru saman niðurstöður úr tveimur könnunum meðal foreldra ungra barna. Fyrri könnunin var framkvæmd árið 2007, og náði hún til foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árið 2003. Seinni könnunin var gerð árið 2013 meðal foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árið 2009. Í könnununum var spurt hvernig foreldrar höfðu hagað atvinnuþátttöku og umönnun barnsins fyrstu þrjú æviárin. Niðurstöður sýna að samfara minni nýtingu feðra á fæðingarorlofi lengdist sá tími sem mæður voru heima með ung börn sín.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds
Guðný Björk Eydal

# Íslenskir feður – bestir í heimi?

Sýnt hefur verið fram á í vísindalegum rannsóknum að jákvæð tengsl milli föður og barns hafa veruleg áhrif á líðan barnsins. Tilgangur þessarar rannsóknar er að bera saman gæði samskipta íslenskra feðra og barna þeirra við hliðstæð samskipti annars staðar í Evrópu og N-Ameríku. Rannsóknin „Heilsa og lífskjör skólabarna“ (Health Behaviour in School-Aged Children – HBSC) hefur verið framkvæmd fjórða hvert ár í Evrópu og N-Ameríku. Árið 2014 svöruðu 219.460 börn á aldrinum 11, 13 og 15 ára frá 42 löndum spurningalista um ýmsa þætti um heilsufar og líðan. Hér á landi tóku 10.651 nemendur þátt. Í rannsókninni kom fram að íslensk ungmenni af báðum kynjum, og í öllum þremur aldurshópunum, mátu samskipti sín við feður jákvæðari en börn frá öllum 41 samanburðarlöndunum. Eins og í hinum löndunum telja yngri börnin sig eiga jákvæðari samskipti við feður sína en þau eldri, og einnig eru strákarnir jákvæðari en stelpurnar. Íslensku þátttakendurnir eru fyrstu árgangarnir sem nutu góðs af breytingu á foreldraorlofi sem fól í sér aukinn rétt feðra, og því nærtækt að tengja þessar niðurstöður við þær breytingar. Rannsóknin sýnir engu að síður að íslenskar mæður eru í marktækt betri tengslum við börn sín en feður.

Ársæll Arnarsson
Hermína Gunnþórsdóttir

# Þau sem skipta jafnt

Rannsóknin beinist að pörum sem skipta jafnt launavinnu, heimilisstörfum og umhyggju barna. Til að öðlast skilning á því hvaða þættir tilverunnar ýta undir slíka skiptingu, og hvernig hún standist tímans tönn, hefur dr. Francine M. Deutsch, prófessor í sálfræði og kennslu í Massachusetts í Bandaríkjunum, haft forystu um alþjóðlega rannsókn á slíkum pörum. Þátttakendur eru frá 23 löndum. Áhersla er á að nálgast viðhorf, reynslu og mat beggja með ítarlegum lífssögulegum viðtölum við þau, sitt í hvoru lagi. Forvitnast er um æsku og uppeldi, reynslu og lífsviðhorf, og hvað í lífinu hefur komið pörum í þessa stöðu. Samfélagsmiðlar voru notaðar til að auglýsa eftir pörum. Í kjölfarið var tekið símaviðtal við líkleg pör, og að lokum voru tekin viðtöl við tvö pör sem uppfylltu skilyrðin. Megin niðurstöður eru að frá upphafi sambúðar hafa báðir aðilar lagt áherslu á að hvorugt þjóni hinu. Sambúðina einkennir vilji til að leita lausna með samræðum, sveigjanleika og svigrúmi. Öll koma þau líka frá fjölskyldum, sem á einhvern hátt hafa verið óvenjulegar í verkaskiptingu, og hafa reynslu af þátttöku í heimilisstörfum frá æskuárum. Þrátt fyrir jafna skiptingu birtast hefðbundnir þættir; „karlaverk“ framkvæma karlarnir og konurnar hafa betra heildaryfirlit.

Ingólfur V. Gíslason

# Rannsóknir með fötluðum börnum: Staða mála og aðferðafræðilegar áskoranir

Á undanförnum árum hefur í auknum mæli verið leitað eftir viðhorfum barna í rannsóknum, m.a. vegna áhrifa frá Barnasáttmálanum og kenninganna um félagsfræði bernskunnar (*sociology of childhood*) þar sem áhersla er lögð á að hafa börn með í ráðum um málefni sem varða þau sjálf. Þessi viðurkenning á sjónarhorni barnsins á samt fyrst og fremst við um „dæmigerð" börn. Sjaldnar er leitað eftir viðhofum og reynslu fatlaðra barna, og þess í stað er upplýsinga aflað hjá fullorðnum sem þeim tengjast. Hugsanlega þykir erfitt að ná til fatlaðra barna, en ástæðan kann einnig að tengjast neikvæðum viðhorfum og skorti á væntingum – að ýmist er dregið í efa að börnin hafi nægilega hæfni til að mynda sér skoðanir, eða að skoðanir þeirra þykja hreinlega lítilvægar í samanburði við skoðanir annarra. Í fyrirlestrinum verður fjallað um þessa stöðu mála, ýmsar aðferðafræðilegar áskoranir er tengjast rannsóknum með fötluðum börnum, og leiðir til að tryggja að raddir þeirra nái að heyrast í rannsóknum og starfi. Ef við leitum eftir hinum fjölbreytilegu röddum fatlaðra barna og sköpum þeim forsendur til að taka virkan þátt í ákvarðanatöku um mál sem varða líf þeirra, þá er líklegra að við komum fram við þau sem jafningja, bregðumst við þörfum þeirra og höldum réttindi þeirra í heiðri.

Snæfríður Þóra Egilson

# Ákvarðanir foreldra fatlaðra barna varðandi skólagöngu: Er leiðin jafn greið fyrir alla?

Þegar líður að skólagöngu standa foreldrar fatlaðra barna frammi fyrir spurningum um hvaða forsendur þurfi að vera til staðar til að tryggja að börn þeirra mæti sem fæstum hindrunum og eigi sem mesta möguleika. Foreldrar þurfa að sýna bæði frumkvæði og fyrirhyggju í ákvarðanatöku um skólagöngu. Í fyrirlestrinum verður fjallað um hvernig tveir ólíkir hópar foreldra, heyrandi foreldrar heyrnarlausra barna, og seinfærir foreldrar fatlaðra barna, tóku ákvarðanir tengdar skólagöngu barna sinna. Ákvarðanataka foreldranna var greind út frá "capital"-kenningu Pierres Bourdieus og litið var á menntakerfið sem „vettvang". Notast var við eigindlega lífssögugreiningu á viðtölum við foreldra úr ofangreindum hópum til að rýna í hvernig ójöfnuður getur myndast milli ólikra foreldra fatlaðra barna. Foreldrarnir áttu það sammerkt að taka ákvörðun, með það að marki að stuðla að því að búa börnum sínum bestu mögulegu aðstæður, en leiðirnar sem þeir gátu fylgst voru ólíkar vegna samspils menntakerfissins, auðs, og veruháttar foreldranna. Þannig þurftu heyrandi foreldrar að fara út fyrir eigin reynslu og byggja upp nýjan félags- og menningarauð til að búa til leið fyrir barnið sitt. Seinfæru foreldrarnir aftur á móti höfðu menningarauð tengdan persónulegri reynslu af því að vera fatlað barn í skólakerfinu, en misjafnlega gekk að nýta hann innan menntakerfisins.

Stefan C Hardonk
Hanna Björg Sigurjónsdóttir

# Líf með einhverfu: Reynsla móður og tveggja uppkominna barna hennar af stuðningi við þau sem fjölskyldu

Rannsóknin fjallar um reynslu móður og tveggja uppkominna barna hennar, sem öll eru greind á einhverfurófi, af félagslegum stuðningi og forsjársviptingu. Um eigindlega rannsókn er að ræða sem verður hluti af stærra verkefni undir heitinu Fjölskyldulíf og fötlun. Markmiðið er að fá innsýn í upplifun og skilning fjölskyldunar á sögu sinni, samskiptum við fagfólk hinna ýmsu þjónustukerfa, forsjársviptingu, aðskilnaði og sameiningu fjölskyldunnar. Rannsóknin er í vinnslu, en fyrstu niðurstöður hennar undirstrika mikilvægi þekkingar á einhverfu fyrir bæði móðurina og fagfólk kerfisins. Greiningin gerði móðurinni kleift að afla sér þekkingar til að skilja betur aðstæður sínar og samskipti við annað fólk. Af þeim sem veittu fjölskyldunni stuðning, höfðu fæstir þekkingu og skilning á einhverfu, og lítil áhersla var á að öðlast þann skilning. Gæði þess stuðnings sem fjölskyldan fékk var misgóður, illa gekk að yfirfæra þekkingu frá einu kerfi til annars, og fjölskyldan upplifði sig valdalausa gagnvart yfirráðum kerfisins, sem þeim fannst hvorki hlusta né reyna að skilja hvað þyrfti til að koma til móts við aðstæður þeirra. Fyrstu niðurstöður þessarar rannsóknar undirstrika mikilvægi þekkingar og skilnings fagaðila, sem og samstarfsvilja og getu kerfisins til þess að mæta þörfum þeirra.

Sólveig Guðlaugsdóttir
Hanna Björg Sigurjónsdóttir
James Rice

# Reynsla og upplifun foreldris með geðröskun af stuðningsúrræðum og málsmeðferð innan Barnaverndar á Íslandi

Erindið fjallar um reynslu og upplifun foreldris með geðröskun af stuðningsúrræðum og málsmeðferð innan Barnaverndar. Rannsóknin, sem liggur til grundvallar, er eigindlegs eðlis, og hluti af stærra verkefni undir heitinu Fjölskyldulíf og fötlun. Um er að ræða tilviksathugun byggða á djúpviðtölum, opinberum skjölum, og dómsúrskurðum. Rannsóknin er enn í vinnslu, en fyrstu niðurstöður leiða í ljós að viðeigandi stuðningur kerfisins getur reynst fjölskyldunni ómetanleg aðstoð í daglegu lífi, einkum og sér í lagi vegna takmarkaðs félagslegs baklands í nærumhverfinu. Skilningur og þekking barnaverndarfulltrúa á eðli og áhrifum geðraskana á foreldrafærni, ásamt vilja til að sníða stuðningsúrræði eftir stuðningsþörfum foreldris og barna, er lykill að uppbyggjandi samstarfi og bættum lífsgæðum fjölskyldunnar. Mæti foreldrið hins vegar ekki skilningi á aðstæðubundinni stuðningsþörf sinni eykst hættan á að þörf fjölskyldunnar fyrir endurtekin stuðningsúrræði til lengri tíma verði ranglega túlkuð sem vanhæfni foreldrisins til að sinna uppeldisskyldum sínum. Framvindu barnaverndarmáls getur þannig hæglega lokið með kröfu um tímabundið fóstur barna, og gengur sú krafa jafnvel þvert á niðurstöður fullnægjandi foreldrahæfnismats. Þörf er á auknum skilningi og skýrari verkferlum innan kerfisins þegar kemur að málefnum foreldra með geðraskanir svo unnt sé að vinna betur með hagsmuni fjölskyldunnar í heild að leiðarljósi til lengri tíma litið.

Martha Elena Laxdal
Hanna Björg Sigurjónsdóttir
James Gordon Rice

# Notendamiðuð endurhæfingarþjónusta

Í takt við umræðu um almenn mannréttindi og jafnræði í íslensku samfélagi er vaxandi áhersla á aðkomu og þátttöku notenda í velferðarþjónustu. Megininntak notendamiðaðrar þjónustu er gagnkvæm virðing, samstarf og deiling valds þar sem fagfólk ýtir undir þátttöku notandans í öllu ferlinu. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða að hvaða marki reynsla notenda af þverfaglegri endurhæfingarþjónustu er í samræmi við meginhugmyndir fræðimanna um notendamiðaða þjónustu. Gögnum var safnað með spurningalista sem hafði verið þýddur og staðfærður í samstarfi við notendur. Rúmlega 500 manns sem voru að ljúka þjónustu á sérhæfðum endurhæfingarstöðum svöruðu listanum. Lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði var beitt við úrvinnslu gagnanna. Í heildina séð var reynsla þátttakenda í allgóðu samræmi við hugmyndir fræðimanna um notendamiðaða þjónustu. Þetta var þó mismunandi fyrir ólíka þjónustuþætti, en hæsta gildið var fyrir þáttinn „Viðhorf og stuðningur", og það lægsta fyrir „Samskipti við aðstandendur". Niðurstöður benda til þess að erfiðara sé að útfæra suma þætti notendamiðaðrar þjónustu en aðra. Mikilvægt er að fagfólk ígrundi þessa þætti sérstaklega og einbeiti sér að eflingu þeirra í samstarfi við notendur. Þá er einnig mikilvægt að kanna hvaða ytri og innri öfl dragi úr möguleikum fagfólks og notenda til samstarfs sem byggir á sönnu jafnræði og bandalagi.

Guðrún Pálmadóttir
Sólrún Óladóttir

# Að vera „feitur“ eða „sjúkur“

Víða um heim er nú farið að kenna í háskólum um þá kúgun sem feitt fólk er beitt í heiminum (*fat studies*). Í erindi þessu verður fjallað um þá hreyfingu feits fólks sem orðið hefur til sem andsvar við þeim hugmyndum að offita sé sjúkdómur sem beri að meðhöndla í heilbrigðiskerfinu. Fjöldi rannsókna sýna að feitir njóta ekki sömu lífsgæða og þeir sem eru í kjörþyngd. Gagnrýnendur sjúkdómsvæðingar offitunnar telja að meginástæða þessa sé ekki líkamlegt ástand feits fólks, heldur fremur afstaða umhverfisins til þeirra. Ég mun rekja gagnrýni þeirra á læknisfræðilegar rannsóknir; hvernig þær jaðarsetji feitt fólk, lýsi því sem einstaklingum sem geti ekki stjórnað eigin lífi, og séu ógn við almannaheill. Því er þar einnig haldið fram að þeim þurfi að breyta svo þeir verði sjálfráða og fullgildir þegnar í samfélaginu. Lítil umfjöllun hefur verið hér á landi um þá rödd sem hér er lýst. Hugmyndir heilbrigðisvísinda um líf feits fólks hefur verið hafin yfir gagnrýni. Mikilvægt er því að vekja athygli á þessari orðræðu og hugmyndum og afstöðu feitra sjálfra til eigin lífs.

Ástríður Stefánsdóttir

# Genabreytingar og taugaefling: Afstaða almennings til nýrrar tækni

Miklar framfarir hafa átt sér stað í rannsóknum og tækniþróun á sviði lífvísinda síðustu ár og áratugi. Á sviði erfðarannsókna hafa vísindamenn sótt um leyfi til að gera breytingar á erfðamengi fósturvísa til að koma í veg fyrir alvarlega erfðasjúkdóma. Þá hafa rannsóknir á heila- og taugakerfi, sem einkum hafa haft að markmiði að koma í veg fyrir alvarlega sjúkdóma eins og Parkinsons og Alzeimers, gefið fyrirheit um að hægt verði með lyfjum eða örtækni að efla andlega getu heilbrigðra einstaklinga. Siðfræðistofnun var þátttakandi í evrópska rannsóknaverkefninu NERRI þar sem markmiðið var að fjalla um nýjustu rannsóknir á þessu sviði, og efla umræðu meðal almennings um möguleg áhrif þessara rannsókna á einstaklinga og samfélagið. Í byrjun ársins 2016 var könnuð afstaða almennings í nokkrum Evrópulöndum, þar á meðal Íslandi, til genalækninga og heila- og taugaeflingar. Tilviljunarúrtak var valið úr netpanel Félagsvísindastofnunar, og vinjéttur eða örsögur lagðar fyrir þátttakendur. Í örsögunum var lýst ákvörðunum einstaklinga, bæði veikra og heilbrigðra, um að gangast undir taugaeflingu og genabreytingar, og voru þátttakendur í rannsókninni beðnir um að svara því hvort þeir væru sammála þeim eða ekki. Í erindinu verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum könnunarinnar, en þær benda til þess að í alþjóðlegu samhengi séu Íslendingar frekar jákvæðir gagnvart notkun lyfja og örtækni til að koma í veg fyrir sjúkdóma, og efla andlega getu heilbrigðra einstaklinga.

Salvör Nordal
Agnes Allansdóttir
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
Helgi Guðmundsson

# Efnahagshrunið á Íslandi: Háþrýstingur og hjartasjúkdómar

Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á jákvætt skammtímasamband á milli efnahagshrunsins árið 2008 og háþrýstings hjá íslenskum karlmönnum. Nú, nokkrum árum eftir hrunið, hefur skapast tækifæri fyrir rannsakendur að framkvæma greiningu á áhrifum þess til lengri tíma, þar sem Íslendingar upplifðu bæði skarpa efnahagslægð og töluverðan efnahagsbata í framhaldinu. Gögn úr rannsókninni „Heilsa og líðan Íslendinga“ voru notuð til að greina samband á milli efnahagshrunsins annars vegar, og háþrýstings og hjartaheilsu hins vegar, með logit tölfræðilíkönum. Miðlunargreining var einnig framkvæmd með tilliti til ýmissa þekktra áhrifavalda háþrýstings og hjartasjúkdóma. Mismunandi eiginleikar gagnanna voru nýttir, og framkvæmd var annars vegar margvíð þversniðsrannsókn, og hins vegar endurtekin þversniðsrannsókn. Ekkert meðallangtímasamband fannst á milli efnahagshrunsins og hjartasjúkdóma. Í margvíðu þversniðsrannsókninni fannst hins vegar tölfræðilega marktækt jákvætt samband á milli efnahagshrunsins og háþrýstings hjá konum, en ekki hjá körlum. Í endurteknu þversniðsrannsókninni snerust niðurstöðurnar við, þ.e. tölfræðilega marktækt jákvætt samband fannst hjá körlum en ekki hjá konum. Þrátt fyrir litla tölfræðilega marktækni í mörgum tilvikum, var sambandið markvisst jákvætt fyrir bæði kyn. Þessar niðurstöður eru frávik frá þeirri leitni sem var til staðar fyrir efnahagshrunið, og gefa til kynna raunveruleg meðallangtímaáhrif efnahagshrunsins á háþrýsting.

Kristín Helga Birgisdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Stefán Hrafn Jónsson

# The tax-free year in Iceland: A natural experiment to explore the impact of a short-term increase in labor supply on the risk of heart attacks

Evidence is mixed on whether society-wide economic conditions affect cardiovascular health and the reasons for the suggested relationship are largely untested. We explore whether a short-term increase in labor supply affects the probability of acute myocardial infarctions, using a natural experiment in Iceland. In 1987 personal income taxes were temporarily reduced to zero, resulting in an overall increase in labor supply. We merge and analyze individual-level, registry-based data on earnings and AMIs including all Icelandic men and women, aged 45-74 during the period 1982-1992. The results support the prominent hypothesis of increased work as a mechanism explaining worsening heart health in upswings, for men aged 45-64 who were self-employed. We furthermore find a larger increase in probability of AMIs during the tax-free year in men aged 45-54 than men aged 55-64.

Þórhildur Ólafsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Birgir Hrafnkelsson
Guðmundur Þorgeirsson

# Ástin á tímum neyslunnar

Í erindinu er tæpt á nýjum rannsóknum á ástinni sem femínísku og fræðilegu fyrirbæri. Markmiðið er að varpa ljósi á það hvernig ástin er gerð að neysluvöru í dægurmenningu. Dæmi um það eru sótt í auglýsingar, bókmenntir, kvikmyndir og tónlist, sem rýnt er í með kenningum Evu Illouz, Horkheimer og Adorno. Í þessu samhengi sjáum við að loforð ástarinnar er að uppfylla allar okkar þarfir. Hin kyrrláta ást, sem fullnægir þörfu er því í mótstöðu við neysluhagkerfið sem bregst við með því að innlima ástina í neysluna með því að búa til hugmynd um ást, hugmynd sem er full af mótsögnum. Hugmyndin um ástina er notuð til að selja okkur allt frá gosdrykkjum til garðhúsgagna, bikiní til bifreiða, með loforðinu um að við séum einstök, en þó hluti af heild, og þess virði að elska og vera elskuð. Ástin verður minna virði ef ekki fylgir neysla, og ástin verður varningur - eitthvað sem þú getur öðlast gegn réttu gjaldi. Samt er hún um leið óáþreifanleg og hið „rétta gjald“ óskilgreint. Það eina sem skiptir máli er að þú átt skilið, og nánast heimtingu á að öðlast ástina - ef þú bara leggur þig fram á réttan hátt. Vísbendingar eru um að hugmyndin um ástina sé viðhaldið í gegnum neyslu dægurmenningar sem skapar ólíkar þarfir og væntingar kynjanna til hennar.

Brynhildur Björnsdóttir
Silja Bára Ómarsdóttir

# Tilfinningaauður sem greiningartæki og viðbót við auðmagnskenningu Bourdieu

Femínískir fræðimenn hafa á undanförnum árum nýtt sér hugtök Bourdieu, en þróað hugtökin áfram og endurbætt þannig að þau nái til siðferðis- og tilfinningalegra vídda. Það hafa þau m.a. gert með því að bæta tilfinningalegu auðmagni (*emotional capital*) við auðmagnskenninguna. Mikilvægi þess að skoða tilfinningar sem auðmagn er ótvírætt. Með aukinni markaðsvæðingu og menningarlegri leysingu þarf að geta tekist á við sívaxandi óöryggi og sveigjanleika. Rétt eins og annars konar auður eru tilfinningaleg bjargráð kynjuð og stétttengd. Sá sem hefur ríkulegan tilfinningaauð er líklegri til að hafa stjórn á tilfinningum sínum og hefur innbyrt tilfinninganorm samfélagsins. Tilfinningaauður hefur skiptigildi rétt eins og annar auður, en hefur sérstöðu að því leyti að konur eru að jafnaði taldar vera ríkari af slíkum auði. Tilfinningaauður þróast með einstaklingi frá blautu barnsbeini og er ávöxtur markviss uppeldis, sjálfsrýni og ögunar. Í fyrirlestrinum verður rýnt í þetta nýlega hugtak, gefin dæmi um hvernig það hefur verið nýtt sem greiningartæki í menningar- og menntarannsóknum, og varpað ljósi á hversu mikilvægur tilfinningaauður er í samspili við annars konar auð til að skilja betur misrétti, aðgerðir, skuldbindingar og árangur.

Berglind Rós Magnúsdóttir

# Ást og umönnun í kvikmyndum

Samhengi menningar og fötlunar er áhugavert viðfangsefni og með því að skoða mismunandi menningarafurðir er hægt að fá vísbendingar um gildi og viðmið samfélaga. Leiknar kvikmyndir eru dæmi um slíka menningarafurð, geta gefið vísbendingar um tíðarandann og haft áhrif á viðhorf almennings. Í erindinu verður rýnt í kvikmyndir sem eiga það sameiginlegt að fjalla um samskipti ófatlaðra kvenna og fatlaðra karla og hafa slegið mörg aðsóknarmet og tilnefndar til fjölda verðlauna. Sjónum verður beint að samspili ástar og umönnunar, og því hvernig ófötluðu söguhetjurnar annast karlana og elska. Rýnt verður í það hvernig ást og umönnun kvennanna gerir körlunum kleift að taka virkan þátt í samfélaginu, hvernig umönnunin er normaliseruð sem eðlislægt kvenhlutverk, og þeir barngerðir í samskiptum sínum við konurnar. Þrátt fyrir að konurnar gefi þeim alla sína ást, dugar hún skammt og sumir þeirra missa tökin, sturlast jafnvel eða deyja. Sú hugmynd að það sé betra að deyja en að vera fatlaður er lífseig staðalímynd sem byggir á þeirri hæfishyggju að það sé alltaf betra að vera ófatlaður en fatlaður. Fjallað verður um viðtökur myndanna í samhengi við ástina.

Kristín Björnsdóttir

# Sú yðar sem syndlaus er

Í rannsókninni er skoðað hvernig orðræða um kynferðisofbeldi, þolendur þess og gerendur birtist í umfjöllun fjölmiðla um afturköllun ráðningar Jóns Baldvins Hannibalssonar við Háskóla Íslands. Beitt var orðræðugreiningu í anda Foucault og niðurstöður sýna þráfellda áherslu á fyrirgefningu. Var þar haldið uppi afsökunarbeiðni geranda sem, þrátt fyrir skiptar skoðanir um einlægni hennar og að iðrun hans hafi verið dregin í efa, er álitin kalla á fyrirgefningu. Er sú umræða stutt vísunum í kristin gildi og boðskap fyrirgefningarinnar. Þess háttar krafa um fyrirgefningu virðist oft ætlað að kveða málið niður og koma í veg fyrir frekari eftirköst. Fyrirgefningin virðist þannig jafngilda syndaaflausn án þess að gerandi þurfi að taka ábyrgð á gjörðum sínum. Krafan um slíkt setur þolendur þannig í mjög vafasama stöðu og virkar frekar til þess að óvirða þolendur og valda þeim jafnvel frekari skaða þegar þolandi er enn einu sinni beðinn um að setja vilja gerandans ofar sínum eigin. Í umræðum um málið verður þar svo ákveðinn viðsnúningur á hlutverkaskipan, þegar afsökunarbeiðni gerandans krefst fyrirgefningar verður það þolandans að fyrirgefa. Gerandinn verður við það nánast óvirkur meðan ábyrgðin verður þolandans, sem með undirliggjandi kröfu um fyrirgefningu verður gerandinn í málinu.

Ívar Karl Bjarnason
Gyða Margrét Pétursdóttir

# #Freethenipple: Gleði, samstaða og systralag

Í þessum fyrirlestri munum við fara yfir hvað átti sér stað í #freethenipple byltingunni vorið 2015 ásamt eftirleik hennar. Fjölmiðlar höfðu mikinn áhuga á að fjalla um þennan viðburð og til grundvallar að greiningunni orðræðugreindum við 60 fréttir, greinar og blogg frá tímabilinu 25. mars 2015 – 26. mars 2016. Við færum rök fyrir því að ungu konurnar notist bæði við nýfrjálshyggju orðræðu þar sem sjálfsmyndin er sköpuð í gegnum val okkar, sem og róttæka femíníska orðræðu þar sem konurnar upplifa samstöðu í baráttu sinni gegn kúgun feðraveldis. Viðbrögð við byltingunni eru líka greind, en þau spanna allt frá miklum stuðningi, til mikillar gagnrýni á siðferði ungra stúlkna sem fólst í ásökunum um athyglissýki, að konurnar væru að gangast undir kröfur klámvædds samfélags, og áhyggjur yfir því hvort þær sæju eftir þessu síðar meir. Við ræðum það hvernig ungu konurnar finna leið í þessu ástandi til að búa til femínisma, eða eins og þær orða það „byltingu", sem þær eru sáttar við og talar til þeirra. Það sem virðist halda þessari byltingu á lofti er gleðin, samstaðan og systralagið sem þær finna fyrir hver með annarri, og er mjög augljóst þegar #freethenipple viðburðirnir eru skoðaðir.

Annadís Gréta Rúdólfsdóttir
Ásta Jóhannsdóttir

# The heart, the ears and the mouth: Stories on communicating with communities confronted with the Ebola epidemic

From the end of December 2013 to June 2016, Guinea, Liberia and Sierra Leone experienced the most devastating epidemic of Ebola in history. What stands out is the number of deaths and people infected, the epidemic´s duration and its economic, social and cultural impact, with families and communities most severely affected. The Ebola epidemic cannot only be explained by biomedical determinants. Its spread was rooted in unbalanced power relations and the logic of the felt exclusion of affected communities, associated with post-colonial dynamics. Thus, to reverse the epidemic curve, one had to rebuild family and community processes, aimed to restore self-confidence and rights of self-determination. The communication amidst the epidemic tells the story of how a team of social anthropologists deployed in Guinea facilitated the social construction of a new dynamic driven by the micro-process of listening, facilitating free expression of opinion, and restoring deep sense of dignity. Fully documented histories of responses of families and communities therefore give societies an opportunity to cope with emerging epidemics and the risk of its re-emergence.

Cheikh Ibrahima Niang

# For protection against the 'Ebola people': The seeking of Ms. Camara Guinée

During the epidemic of Ebola in Guinea, a permanent suspicion developed between the people and the actors of the response. For the population, the latter were like raptors that lived on the distress of others from which they should be protected, here illustrated through the case of Camara Guinée. After the death of a woman who tested positive for Ebola Virus Disease (EDV) a list was established with one hundred contacts, including Camara Guinée. Despite searching actively for more than 42 days, she was never found. The main objective of this presentation is to document and analyze this case of a lost contact in a rural village in order to illuminate the challenges faced by the 'Ebola people'. To find the woman several approaches and strategies were put in place, including the use of force and a socio-anthropological approach that applied kinship networks, women's networks, and collaboration with leaders. The results highlight that when communities decide to hide a person that person cannot be found. The population became more afraid of the team that worked to eradicate Ebola than the disease itself. A key recommendation is to establish community engagement that builds on existing traditional networks in which the population has trust. Further, with proper community involvement stigmatization of Ebola survivors can been fought.

Hamadou Boiro

# Safe and dignified burials during the Ebola outbreak in Sierra Leone

The Ebola outbreak in West Africa began in Guinea in December 2013 and spread quickly to the neighbouring countries of Liberia and Sierra Leone. The epidemic was the most widespread and deadliest outbreak in the history of Ebola. In former epidemics, increased knowledge, public awareness, contingency planning and organized response have been leading factors in containing the transmission of the virus, supported by proper management of the outbreaks. In this epidemic, the Ebola disease was new to the affected nations, knowledge about the disease was minimal, compounded with a weak health system infrastructure and a shortage of trained healthcare workers. As the number of cases spiraled with high associated death rates, unsafe burials were implicated as an important vehicle for rapid transmission. Here I will describe and outline my work as emergency health delegate for the International Federation of Red Cross (IFRC) during the outbreak in Sierra Leone in 2014, with particular focus on the training of burial teams to provide safe and dignified burials. Cultural funeral rituals are important in every society, and it is a challenge to modify behavior during burials of loved ones. I will explore some of the obstacles the Red Cross team faced during the Ebola epidemic and discuss lessons learned from this deadly but easily preventable disease.

Magna Björk Ólafsdóttir

# Preparedness for Ebola in Guinea-Bissau

The Ebola epidemic in West Africa with its origin in Guinea has exposed weakness in international preparedness to health security threats with implications for the whole world. Guinea-Bissau, a neighbouring country, has since the start of the epidemic been exposed to the risk of Ebola through lively cross-border contacts. Here the aim is to describe and analyse preparedness and knowledge, practice and attitudes of frontline healthcare workers, traditional leaders, and the general public in Guinea-Bissau vis-à-vis Ebola. Data include published material and qualitative interviews conducted in 2015-2016. The Bissau-Guinean authorities built up a system of daily sms-reporting from the health centres with the aim to monitor the situation. A quantitative study indicates overall good knowledge of the population on issues such as touching sick persons, funeral practices, and hygiene. Traditional leaders engaged the population in preventive actions as done in other emergencies, e.g., measles and cholera epidemics. Overall results indicate that a fragile country such as Guinea-Bissau was at least partially successful in keeping up preparedness activities, and to inform the public. With ongoing flare-ups of Ebola in Guinea, the last one reported at the end of March 2016, Guinea-Bissau needs strong global support, not only regarding preparedness for an outbreak, but also with how to cope in case Ebola is diagnosed the country.

Geir Gunnlaugsson
Placido Cardoso

# Preparedness for Ebola in Iceland: Frontline health workers

When preparedness for an imminent risk of a disease epidemic has been conducted, it is important to perform an evaluation of this preparedness as soon as possible for future implications. The objective of this study was to map Ebola preparedness within the Icelandic health care system and to explore and discuss the perspectives of administrators and frontline health workers involved in the preparation process. A qualitative study, built on semi-structured interviews, was conducted to reach these aims. Participants were 21 administrators from different institutions within the Icelandic health care system and frontline health workers from Landspítali University hospital's ER and its specialized Ebola treatment team. Amongst notable results was how participants' positive state of mind influenced their preparedness, how they were practical and used the resources available to the fullest. Furthermore, they believed they were ready to take on the task of Ebola but had mixed feelings about the prospect of Ebola ever reaching Iceland. Finally, having safety in the forefront in addition to training, information and education were identified as the pillars of preparedness for Ebola. Future implications are directed towards even better information supply and honesty in preparedness, in addition to better foundations in terms of facilities and manpower.

Íris Eva Hauksdóttir
Britt Tersbøl
Ib Bygbjerg
Geir Gunnlaugsson

# Nigerian doctors in the UK: Mobility and development

High emigration countries tell a confusing story of how migration cycles can contribute to the sustainable economic development of some poor countries in some ways but hamper it in others. A number of social, economic and political factors – on local, national and global levels – interact to influence success, or lack thereof, in activating diasporas to contribute to the development of their home countries. This paper argues that mobility plays a central part for the capacity of Nigerian doctors in the UK to contribute to the development of the Nigerian healthcare sector. In the transnational social space, migrant empowerment is linked to mobility, where motile flexibility to respond to changing social and economic conditions is key. Thus, for migration to work effectively for the development of sending countries, migrants must have fixed and absolute rights, securing equal access to the labour market and risk free mobility. Drawing on my fieldwork amongst Nigerian doctors based in the UK, I argue that although the doctors are able to contribute to development without permanently moving back to Nigeria, restricted mobility nevertheless limits the benefits of their efforts.

Kjartan Páll Sveinsson

# Rough life of rural youth in Accra

Children who live in poverty decide at times to migrate independently at a young age in search for better life conditions. In some places children migrate because of a lack of employment- and education opportunities in their home town. They seek to gain experience and knowledge, and provide income for themselves and their family. The presentation examines the life of people in Ghana who migrated before the age of fifteen to the capital city without the company of a parent or a legal guardian; their current life conditions, daily routines and struggles. The data collection took place in Accra through qualitative methodology. Results show that most participants migrate in hope of better life opportunities in the city. However, they face difficulties socially and financially and claim they would choose to move back to the hometown if they had the same opportunities as in the city. It can be very difficult to return back home because the family and the society expect the children to return in better condition than they were in before.

Þóra Kintampo Björnsdóttir

# Óhefðbundnar lækningar í hnattrænu ljósi (Complementary and alternative medicine in a global context)

Í kjölfar aukinnar hnattvæðingar hefur opnast leið fyrir ýmsar „óhefðbundnar“ hugmyndir um heilsu og meðferðarúrræði inn í íslenskt samfélag. Okkur berast upplýsingar um hin og þessi meðferðarform sem eru að verða, eða eru orðin hluti af daglegu lífi margra Íslendinga. Jóga, hugleiðsla, mindfulness, jurtalyf og nálastungur eru dæmi um meðferðarúrræði sem mörgum þykja sjálfsögð í dag. Í erindinu verður fjallað um hvernig meðferðir úr gömlum og nýjum hefðum og lækningakerfum víða að úr heiminum blandast saman í heitinu „óhefðbundnar lækningar“. Rannsóknir sýna að óhefðbundnar lækningar njóta vaxandi vinsælda hér á landi, en nafnið er regnhlífaheiti yfir afar margar og ólíkar meðferðir sem eiga það helst sameiginlegt að standa að mestu leyti fyrir utan „hefðbundna“ opinbera heilbrigðiskerfið. Einnig verður rætt hvernig mismunandi samfélög flokka mismunandi meðferðarform sem ýmist hefðbundin eða óhefðbundin eftir ríkjandi menningu, sögu og venjum. Það getur því verið afar staðbundið hvað er talið hefðbundið og óhefðbundið. Erindið er unnið upp úr doktorsrannsókn höfundar, sem fjallar meðal annars um hvernig heilbrigðisstarfsfólk á Íslandi tekst á við óhefðbundnar lækningarmeðferðir í einhverju formi í starfi sínu sem og utan þess. Beitt var eigindlegri aðferðafræði sem fólst í viðtölum við 16 lækna og 16 hjúkunarfræðinga og 24 þátttökuathugunum þeirra á meðal.

Sveinn Guðmundsson

# Einkaleyfi og samheitalyf

Íslenskur samheitalyfjaiðnaður hefur löngum verið öflugur og óx framan af og dafnaði í skjóli þess að framleiðendur frumlyfja gættu ekki að því að sækja um einkaleyfi fyrir uppfinningum sínum á Íslandi. Þannig var hægt að vinna að öflun markaðsleyfis fyrir samheitalyf og endurbætt lyfjaform og undirbúa sókn á erlenda markaði um leið og gildistími einkaleyfisins rann þar út. Þegar hinir erlendu lyfjaframleiðendur vöknuðu til vitundar, og tóku að vernda uppfinningar sínar hérlendis, kviknuðu spurningar um það hvort, og þá hvaða tilraunir væri heimilt að framkvæma með efni uppfinninganna á gildistíma einkaleyfis fyrir þeim. Í erindi mínu mun ég fjalla um efni LL.M ritgerðar minnar við Stokkhólmsháskóla um innleiðingu svokallaðs Bolar ákvæðis Evrópuréttar á íslenskan rétt og samanburð við innleiðingu Breta og Þjóðverja. Ákvæðið, sem nú er að finna í 3. tl. 3. mgr. 3. gr. einkaleyfalaga nr. 17/1991, heimilar á gildistíma einkaleyfis frumlyfja tilraunir með efni uppfinningar, m.a. rannsókna og prófana og annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform.

Erla Skúladóttir

# Hvaða kröfur eru gerðar til einkaleyfasérfræðinga og hvað felst í starfi þeirra?

Starf sérfræðinga á sviði einkaleyfa (European Patent Attorney) er í senn fjölbreytt og umfangsmikið. Í ljósi þess að slíkur sérfræðingur þarf oft og iðulega að leysa úr flóknum og vandasömum verkefnum, þá er gerð krafa um að slíkur sérfræðingur hafi a.m.k. MS próf í raunvísindum. Þá er það einnig skilyrði að viðkomandi hafi að lágmarki þriggja ára starfsreynslu á þessu sviði, ásamt því að hafa lokið krefjandi prófi til að verða sér út um réttindi til að kallast sérfræðingur á sviði einkaleyfa. Starf af þessu tagi felur í sér samstarf við uppfinningamenn, nýsköpunarfyrirtæki, opinbera aðila og erlenda, jafnt sem innlenda kollega, en umfram allt aðkomu og þátttöku í mjög áhugaverðu og gefandi nýsköpunarstarfi. Í erindinu verður leitast við að gefa innsýn inn í starf sérfræðinga á sviði einkaleyfa, helstu áskoranir og dagleg viðfangsefni.

Gunnar Örn Harðarson

# Almennt um lög nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna

Samkvæmt meginreglum laga um einkaleyfi nr. 17/1991 hefur uppfinningarmaður, eða sá sem hefur öðlast rétt hans, heimild til að fá einkaleyfi fyrir uppfinningu. Almennar reglur um aðilaskipti að eignarréttindum gilda um rétt til einkaleyfa, og er uppfinningarmanni almennt í sjálfsvald sett hvort að hann framselji rétt sinn. Lög um uppfinningar starfsmanna nr. 72/2004 fela í sér ákveðin frávik að þessu leyti. Ákvæði laganna eiga fyrst og fremst við í þeim aðstæðum þegar uppfinningarmaður gegnir starfi í þágu atvinnurekenda og hagnýting uppfinningarinnar er á starfssviði þess síðarnefnda. Samkvæmt ákvæðum laganna getur atvinnurekandi krafist framsals réttarins yfir uppfinningunni að tilteknum skilyrðum uppfylltum, og öðlast þá uppfinningarmaður ófrávíkjanlegs réttar til sanngjarns endurgjalds. Lögin taka til allra uppfinninga sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir hér á landi og allra starfsmanna, hvort sem þeir eru ráðnir til starfa hjá hinu opinbera eða einkaaðila. Ágreiningsefni varðandi ákvæði laganna, sem mörg hver eru matskennd, hafa enn ekki komið til kasta dómstóla hér á landi, og eru fræðilegar rannsóknir um viðfangsefnið af skornum skammti. Markmið framlagsins er að gera grein fyrir tilgangi og helstu ákvæðum laganna með hliðsjón af athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 72/2004 og réttarframkvæmd á Norðurlöndunum.

Jörgen Már Ágústsson
Erla Skúladóttir

# Um framkvæmd laga nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna hjá Háskóla Íslands og Landspítala

Nýsköpun og hugverkavernd fyrirtækja og stofnana gegna mikilvægu hlutverki í verðmætasköpun hér á landi og stuðla að aukinni samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Lög nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna fjalla um réttarstöðu starfsmanna á vegum hins opinbera og einkaðila, og rétt atvinnurekanda þegar einkaleyfishæfar uppfinningar koma fram í starfi. Háskóli Íslands og Landspítali settu Hugverkanefnd á laggirnar árið 2003, og var nefndinni falið að sjá um framkvæmd laganna. Hugverkanefnd starfar á grundvelli erindisbréfs og starfsreglna sem samþykkt voru í háskólaráði og af forstjóra Landspítala í febrúar 2013, sbr. síðari breytingar. Í erindinu mínu mun ég fjalla um lög um uppfinningar starfsmanna; skilgreiningu á uppfinningu og starfsmanni, rétt starfsmanna og atvinnurekanda, og kröfuna um sanngjarnt endurgjald. Jafnframt verður fjallað um Hugverkanefnd og framkvæmd nefndarinnar þegar tilkynning um uppfinningu berst, ákvörðun um framsal, skiptingu fjárhagslegs afrakstrar, auk þess sem dæmi verða nefnd um verkefni á vegum nefndarinnar.

Ólöf Vigdís Rafnsdóttir

# Iceland's Shelter from Settlement to 1550

This study finds that Iceland in the period from Settlement to 1400 enjoyed essential economic shelter as the Norwegian sea power secured Iceland's external market access. Whether Iceland found political shelter in Norway is more questionable, as the union with Norway led to the loss of sovereignty but also led to greater internal stability and strengthened the position of the domestic ruling elite. Iceland found cultural or societal shelter in Norway, as Norwegian shelter connected the geographically remote island with social developments in Norway, the British Isles and the European continent. For the period 1400-1550, the study finds that Iceland enjoyed considerable economic and societal shelter from its encounters with English and German merchants and fishermen in a period in which Danish political cover was formally in place but was not effective in practice.

Baldur Þórhallsson
Þorsteinn Kristinsson

# Iceland's Shelter from 1550 to 1940

This study finds that Denmark provided Iceland with considerable societal and political shelter in the period 1550-1815, but failed to provide Iceland with economic shelter. Through its relations with Denmark, Iceland avoided isolation and social stagnation. The Danish crown was also Iceland's main protection from outside attacks, providing it with military shelter. Conversely, at the end of the period, Denmark had become 'too small' to sufficiently satisfy Iceland's needs. Britain was in control of the North-Atlantic and provided Iceland with shelter during the Napoleonic Wars. For the period 1815-1940, this study finds that Iceland enjoyed essential shelter, for its development and prosperity, provided by Denmark and Britain. Societal and economic relations with Copenhagen were of fundamental importance. Denmark provided significant diplomatic support in guaranteeing trade agreements with other states. Also, Denmark led by example and Iceland followed its foreign policy. However, Denmark failed to provide Iceland with protection of its land and waters and economic cover when it was in most need. In practice, Britain was in control over the North Atlantic. It guaranteed Iceland's neutrality and its connection to the outside world and markets when the Danish authorities failed in these areas.

Tómas Joensen

# Iceland's Shelter from 1940 to 2006

This study applies the assumption that small states need economic, political and societal shelter in order to prosper, to the case of Iceland in the period 1940-2006 (from the British occupation of Iceland to the closure of the US military base in the country). I argue that Iceland enjoyed essential shelter, for its development and prosperity, from the United States. The United States provided extensive diplomatic and military backing to Iceland, and profoundly influenced the societal affairs in the country. Also, Nordic cooperations provided Iceland with extensive societal shelter in terms of equal access to the other states, and Iceland largely adopted the Scandinavian welfare state. However, the US and Nordic shelter did not come without cost. Iceland's reliance on US assistance delayed economic liberalization, while reliance on Nordic and US administrations delayed the development of a skilful public administration.

Sverrir Steinsson
Baldur Þórhallsson

# Að vera „bara" Íslendingur: Önnur kynslóð innflytjenda á Íslandi

Víða erlendis tíðkast að vísa til barna innflytjenda sem annarrar kynslóðar innflytjenda og rannsóknir erlendis hafa sýnt að uppruni foreldranna bæði móti félagslega stöðu þeirra sem og þau tækifæri sem þeim stendur til boða. Í erindinu verða niðurstöður úr rannsókninni *Önnur kynslóð innflytjenda: Vonir og væntingar sem þátttakendur í íslensku (skóla)samfélagi* ræddar. Í rannsókninni eru tekin viðtöl við sex börn úr tveimur grunnskólum Reykjavíkur og rýnt er í aðlögun barnanna að íslensku samfélagi. Leitast var við að varpa ljósi á því hvernig börnin upplifa stöðu sína í íslensku samfélagi, og hvort þau telji sig standa jafnfætis öðrum íslenskum börnum. Sérstaklega er fjallað um mikilvægi íslenskrar tungu fyrir börnin og þess að þau hafi tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu. Einnig er leitast við að skoða og skilja hvort skilgreiningin „önnur kynslóð innflytjenda" skiptir máli í lífi barnanna.

Inga Hrönn Häsler
Kristín Loftsdóttir

# (Re)creational travelling: Polish migrants visiting home

Transnationalism and circular mobility are part of the contemporary migrants' experience. In my presentation, based on ethnographic research and interviews with Polish migrants in Iceland conducted in the span of the last few years, I discuss character, patterns and meanings migrants attach to their temporary visits home. Visits home are often recognized as one of the essential transnational practices pursued by migrants. The frequency of visits and length of stay often depend on the distance and availability of affordable transport. In case of Poles in Iceland, they are not that regular as for instance among Poles living in Britain or Germany. Travelling home is often undertaken during summer holidays or during migrants' free time and hence it is part of their leisure activity. However, most commonly, the main reason for travelling home – as indicated in the interviews – is the need for face-to-face contact with family, relatives and friends that were left behind. In this way they play an important role in renewing (recreating) and strengthening the social bonds in the home country. Moreover, travelling home is often undertaken in response to various family obligations, and thus an expression of continues linkages with Poland.

Anna Wojtyńska

# The cunnings of Gypsy tradition. Țigani, Rromi and the shadow of nomadism in past and contemporary Romania

The public discourse about the so-called *Țigani/Rromi* (Gypsies/Roma) in contemporary Romania often builds on the opposition between "modernized" and "traditional" communities. Modernization" corresponds to Romanianization, and thus has much to do with national identity; "tradition" refers instead to the Gypsies' alleged lack of values, rules, decency and civilization…a lack that allegedly originates from the Gypsy's allegedly nomadic culture. This predicament lures even scholars, intellectuals and advocates, some of whom sometimes assert that the problem of the Gypsies/Roma are their traditions, mentioning among the most characteristic ones the renowned Gypsy cunnings (*șmecherie*). It is true that Roma communities are often discriminated against and marginalized because they would allegedly stick to "Gypsy" traditional lifestyle and customs; but it is also true that some communities are seen under positive light –by the population of the Romanian villages in which they reside, but also by intellectuals, activist and scholars (always prone to defend Romani cultural heritage)– precisely because they are maintaining their traditional identity and customs, *in primis* their working occupations. Gypsy traditions, therefore, may be vehicle and an expression of Roma's affirmation within, and marginalization from the socio-economic context of Romanian society. This paper addresses this paradox by recalling the centuries-long cosmology encompassed in the socio-economic system that supported, and supported itself on Gypsy slavery. Also, it confronts contemporary non-Roma representations of the Gypsy tradition with the Roma's strategic use of such representations.

Marco Solimene

# Samskipti Íslendinga og Grænlendinga

Þrátt fyrir margvísleg samskipti á sviði verslunar, sjávarútvegs, ferðamennsku og stjórnmála hafa bein samskipti Íslendinga og Grænlendinga ekki verið skoðuð í miklum mæli. Á liðnum öldum lögðu margir Íslendingar reyndar áherslu á að aðgreina sig frá Grænlendingum og einangurstefna Dana takmarkaði samskipti Grænlendinga við umheiminn. Saga þjóðanna er þó óneitanlega samtvinnuð með margvíslegum hætti, en tengsl þeirra þó mun minni en ætla mætti miðað við nálægð landanna. Með auknum „vestnorrænum“ samskiptum á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs, verslunar, og hvers kyns norðurslóðasamstarfs vakna þó upp spurningar um kynni þessara þjóða í sögu og samtíð, og svör við slíkum spurningum verða mikilvæg í frekari samskiptum þjóðanna á komandi árum. Hér verður greint frá viðtalsrannsókn, byggðri á eigindlegum rannsóknaraðferðum, á kynnum Íslendinga og Grænlendinga hver af öðrum. Ræddar verða niðurstöður sem gefa til kynna að sumir þátttakendur í rannsókninni móti að einhverju leyti sameiginlega sjálfsmynd með vísunum í náttúru landanna, og ætlaða nýlendusögu þjóðanna, en aðgreina sig um leið frá Dönum og öðrum vestrænum þjóðum.

Kristinn Schram
Katla Kjartansdóttir
Kristín Lilja Linnet

# Jafnrétti og karlar

Í erindinu verður fjallað um verkefnið Jafnrétti fyrir alla en markmið þess er að skoða hugmyndir karlar með þroskahömlun um jafnrétti og hlutverkaskiptingu kynjanna, ásamt því að safna upplýsingum um aðgengi þeirra að jafnréttisstarfi. Auk þess verður skoðað hvernig hægt væri á árangursríkan hátt að auka þekkingu þeirra á jafnrétti og virkja til þátttöku í jafnréttisstarfi. Í rannsóknum, stefnumótun og alþjóðasamningum hefur sjónum verið sérstaklega beint að stöðu fatlaðra kvenna, og þeirrar flóknu stöðu sem þær eru í hvað varðar jafnrétti, mismunun og ofbeldi. Vegna stöðu fatlaðra kvenna, og þess misréttis sem konur almennt hafa orðið fyrir í kynjakerfi samfélagsins, hafa konur verið meira áberandi í umræðu um jafnréttismál. Í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti kynjanna þarf að leggja aukna áherslu á hlutdeild karla í jafnréttisstarfi, og þ.m.t. karla með þroskahömlun, en þeir hafa verið jaðarsettir í jafnréttis- og hagsmunabaráttunni. Skortur er á rannsóknum sem snúa sérstaklega að fötluðum körlum og felst mikilvægi rannsóknarinnar því í nýmæli hennar. Verkefnið nær yfir tvö fræðasvið, fötlunar- og kynjafræða. Þetta er þriggja ára verkefni sem byggir á nánu samstarfi við fólk með þroskahömlun, og telst til svokallaðra samvinnurannsókna sem falla undir eigindlega rannsóknarhefð.

Kristín Björnsdóttir
Gísli Björnsson
Ragnar Smárason

# Karlar og karlmennskuhugmyndir í vinnumenningu lögreglunnar

Karlar eru í miklum meirihluta í lögreglunni, eða 84% lögreglumanna. Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í upplifun lögreglukarla af vinnumenningu lögreglunnar. Leitast verður við að svara spurningunni: Hvaða hlutverki gegna karlmennska og karlmennskuhugmyndir í vinnumenningu lögreglunnar? Niðurstöðurnar byggja á rannsókn á upplifun lögreglukarla af vinnumenningu lögreglunnar sem framkvæmd var á sumarmánuðum 2016. Tekin voru eigindleg viðtöl við tíu lögreglumenn sem sinna ýmsum störfum í nokkrum lögregluembættum. Hugrekki og geta til að aftengja sig tilfinningum sínum eru gjarnan tengd karlmennsku, og bráðabirgðarniðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að það eigi þátt í því að lögreglumenn geta verið í erfiðum og/eða hættulegum verkefnum án þess að láta bilbug á sér finna, eiginleiki sem nýtist oft vel á vettvangi. Hins vegar benda niðurstöðurnar einnig til þess að í karllægri vinnumenningu lögreglunnar sé svokallaður svartur húmor samþykkur samskiptamáti, sem sé meðal annars leið til að fá útrás fyrir tilfinningar, án þess að finna fyrir berskjöldun. Svarti húmorinn virðist hins vegar geta skapað neikvæða vinnumenningu, þar sem þeir sem ekki geta tekið þeim húmor eru ekki taldir eiga erindi í lögregluna, auk þess sem slík vinnumenning virðist geta ýtt undir einelti.

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

# Hermennska og mótun karlmennskuhugmynda: Takmarkað vægi herväddra karlmennskuhugmynda meðal fyrrverandi hermanna í Búrúndí

Rannsóknir sem beina sjónum að karlmennskuhugmyndum og stríði leggja gjarnan áherslu á mikilvægi hervæddra karlmennskuhugmynda. Niðurstöður rannsóknar minnar með fyrrverandi hermönnum í Búrúndí styðja hins vegar ekki þessar hugmyndir. Markmið rannsóknarinnar er að bæta við þekkingu um karlmennskuímyndir og hermenn í Afríku með því að beina sjónum að fyrrverandi hermönnum í Búrúndí, breytingarferli þeirra í borgara eftir stríðið, og hvernig hugmyndir um karlmennsku höfðu áhrif á þetta ferli. Gögnum var safnað með einstaklings- og hópviðtölum, ásamt vettvangsathugunum í Búrúndí frá janúar til desember 2015. Andstætt hugmyndum og almennri orðræðu innan fræðaheimsins um hervædda karlmennsku komu hervæddar karlmennskuhugmyndir lítið sem ekkert fram í rannsókninni. Efnahagsstaða virtist hins vegar vera ein mikilvægasta breytan í mótun karlmennskuhugmynda viðmælenda. Ástæður fyrir því að karlar tóku þátt í stríðinu voru af ólíkum toga, en hugmyndir um hinn sterka, árásargjarna, volduga karlmann heyrðust sjaldan. Almennt litu mennirnir á veru sína í hernum eða skæruliðahópum sem neikvæða reynslu. Þeir litu gjarnan á tímann í hernum sem tímabil sem stóð í vegi fyrir þróun karlmennsku þeirra, tíma sem þeir hefðu annars getað varið í nám eða hafið starfsferil, fremur en tímabil þegar líf þeirra samræmdist hugmyndum um karlmennsku.

Guðrún Sif Friðriksdóttir

# Í leit að hinsegin rými í Tehran: Hvernig skapa íranskir hommar sér rými á jaðri samfélagsins?

Foucault setti fram hugtakið „heterótópía“ sem þýða má sem hinsegin rými eða jaðarrými. Samkvæmt honum einkennast heterótópíur af óreiðu og skipulagsleysi. Þar getur öðruvísi samfélag, hegðun og/eða rými mótast. Í raun má segja að heterótópíur þrífist á jaðrinum og lúta þær öðrum valdaafstæðum og lögmálum heldur en gerist og gengur annars staðar innan samfélagsins. Ég mun byggja erindi mitt á fyrstu niðurstöðum etnógrafískrar rannsóknar á því hvernig íranskir hommar, aðallega í Tehran, skapa sér rými, hinsegin rými á jaðri samfélagsins. Rannsóknargögn samanstanda af viðtölum við átta unga karlmenn, sem skilgreindu sig allir sem hommar. Enn fremur byggi ég erindi mitt á vettvangsnótum og öðrum gögnum sem safnað var á vettvangi. Gögnin voru greind út frá þemagreiningu og stuðst var við kenningar og nálgun hinsegin- og kynjafræða. En jafnframt voru hugmyndir Foucault um heterótópíur notaðar við að túlka og greina rannsóknargögnin. Niðurstöður benda til þess að íranskir hommar, jafnt innan hins opinbera rýmis sem og einkarýmisins, finna sér leiðir til að vera þeir sjálfir og veita tilfinningum sínum útrás. Þeir eru hins vegar stöðugt meðvitaðir um kúgun og valdbeitingu samfélagsins í garð þessa minnihlutahóps og urðu oft fyrir barðinu á yfirvöldum þegar þeir reyndu að skapa sér hinsegin rými.

Jón Ingvar Kjaran

# Sviðsmyndir og klasamótun

Á Þjóðarspegli Háskóla Íslands árið 2015 var kynnt úttekt á árangri sviðsmyndaverkefna og viðhorfum þátttakanda sem tekið höfðu þátt í slíkum verkefnum hér á landi síðastliðin tíu ár. Greinin heitir Framtíðarfræði og notkun sviðsmynda. Staðan hérlendis og framvinda. Árið áður var hugmyndafræði framtíðarfræða kynnt á sama vettvangi þar sem könnuð voru tengsl þessara fræða og svo þróun nýrra vara með grein sem heitir Framtíðarfræði og virði framtíðarrýnis við vöruþróun. Höfundar hafa ríka reynslu á framangreindum sviðum, ásamt að hafa unnið að miðlun þekkingar á gildi og rekstri á klösum og gerð klasaframtaka í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir og aðra opinbera aðila. Fjallað verður um mótun klasa og mismunandi viðhorf varðandi þátt stefnumótunar við að ná árangri. Skoðuð verða nokkur dæmi um samþættingu áherslna klasa og svo mismunandi sviðsmyndir sem dregnar hafa verið fram í sviðsmyndaverkefnum sem tengjast þeim. Rýnt verður í heimildir sem skoða framangreind atriði, og fjallað verður fræðilega um annars vegar framtíðarfræði með áherslu á sviðsmyndir, og svo hins vegar stefnumótun með áherslu á klasa og fræði er tengjast þeim.

Karl Friðriksson
Runólfur Smári Steinþórsson
Sævar Kristinsson

# Hýruspor: Klasaframtak á Norðurlandi vestra

Á undanförnum árum hefur verið algengt hér á landi að stofna til formlegs samstarfs fyrirtækja í tengdri atvinnuststarfsemi á ákveðnum landssvæðum og/eða á landsvísu. Er gjarnan talað um slíkt samstarf sem klasa (*cluster*). Sé litið til fræða um klasa væri slíkt samstarf fremur skilgreint sem klasaframtak (*cluster initiative*). Tilurð klasasamstarfs má oft rekja til styrkveitinga úr sjóðum sem ætlað er að efla atvinnulíf í dreifbýli. Hýruspor, klasasamstarf um hestatengda starfsemi á Norðurlandi vestra, er dæmi um slíkt klasaframtak. Til þess var stofnað í kjölfar styrkveitingar frá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra árið 2009 og tóku 20 aðilar þátt í stofnun þess. Þrátt fyrir að styrkir fengjust til að koma samstarfinu af stað lognaðist það fljótlega út af. Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er kynnt, er að kanna hverjar eru ástæður þess að klasaframtakið Hýruspor leið undir lok, sem og að rannsaka með hvaða hætti er mögulegt að auka líkur þess að klasasamstarf fyrirtækja í afmörkuðum atvinnugreinum geti dafnað. Tekin voru hálfopin viðtöl við fyrrum þátttakendur í Hýruspori, og benda frumniðurstöður til að þátttakendur hafi bundið ákveðnar vonir við samstarfið, en að mikilvægt sé að frumkvæði að slíku samstarfi komi frá grasrótinni sjálfri.

Ingibjörg Sigurðardóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

# Agile aðferðafræði í markaðs- og samskiptateymi

Markmið og tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvernig nýsköpunarfyrirtæki innleiðir og notar Agile aðferðafræði hjá nýju markaðs- og samskiptateymi sínu. Hér eru birtar niðurstöður rannsóknar hjá fyrirtæki sem farið hefur í gegnum ferli straumlínustjórnunar en aðferðafræðin hefur farið sigurför um heiminn, sérstaklega í Japan, Norður-Ameríku og Evrópu. Eigindleg aðferðafræði var valin í þeim tilgangi að skoða vinnuferla, atferli og samskipti innan lítils hóps einstaklinga og bera rannsóknargögnin sem aflað er saman við fræði Agile aðferðafræðinnar en rannsóknin var framkvæmd hjá nýju markaðs- og samskiptateymi nýsköpunarfyrirtækis í þeim tilgangi að skoða hvernig aðferðafræði Agile var innleidd hjá teyminu á fyrstu starfsvikum þess. Niðurstöður rannsóknar gefa vísbendingar um mikilvægi fræðslu og þjálfunar við innleiðingu aðferðafræðinnar svo notkun hennar verði að fullu skilvirk og að teymi geti þróast í að vera virk og öflug Agile teymi á sama tíma og aðferðafræðin er aðlöguð starfsumhverfinu. Því var lagt upp með að sprettir bæði markaðs- og samskiptateymis og annarra teyma sem eru oftast tveggja til þriggja vikna langir og til að koma til móts við síbreytilegt vinnuumhverfi nútíma markaðssetningar og fjölbreytileika verkefna nýsköpunarfyrirtækja, eru sprettir allra teyma skipulagðir þannig að vinna við skipulagða spretti fer fram hluta úr degi og vinna við aðra og ófyrirsjáanlega verkþætti starfsins fer fram meðfram sprettum hinn hluta dagsins. Rannsóknarniðurstöður gefa vísbendingu sem ætti að vera hvati fyrir önnur fyrirtæki til að ráðast í innleiðingu Agile aðferðafræðinnar í markaðs- og samskiptateymum hjá sér og þannig ná meiri framleiðni sem byggir á styttri ferlum og færri mistökum í samvinnu við viðskiptavininn.

Eðvald Möller
Hulda Margrét Schröder

# Skynjað siðferði vörumerkja og kaupáform neytenda

Mat neytenda á siðferði fyrirtækja og vörumerkja er tengt ímynd þeirra en ímyndin hefur svo aftur áhrif á samkeppnishæfni. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að fólk vilji almennt huga að siðferðilegum málum þegar kemur að innkaupum, hins vegar hafa niðurstöður fyrri rannsókna ekki sýnt fram á ótvíræð tengsl milli siðferðis og kauphegðunar. Siðferðisskynjun neytenda er fremur nýlegt hugtak sem er skilgreint sem samanlögð heildarskynjun neytenda á siðferði viðfangsefnis. Siðferðisskynjun neytenda er ætlað að segja til um hvers konar viðskiptahættir vekja einhvers konar siðferðistengda ímynd vörumerkja. Þegar siðferðisskynjun neytenda er mæld er fólk beðið að leggja mat á fjóra þætti; hversu löghlýðið vörumerkið er, hversu vel það virðir siðferðisviðmið, hversu einlægt og velviljað það er, og hversu samfélagslega ábyrgt það er. Markmið rannsóknarinnar er að skoða skynjað siðferði gagnvart fjórum íslenskum vörumerkjum á dagvörumarkaði og tengsl þess við kaupáform. Vörumerkin sem voru til skoðunar voru Kaffitár, MS, Góa og Brúnegg. Með rafrænu hentugleikaúrtaki fengust svör frá 262 einstaklingum. Niðurstöðurnar sýndu að í tilfelli allra vörumerkjanna sem voru til skoðunar reyndust vera jákvæð tengsl á milli skynjaðs siðferðis og kaupáforma. Niðurstöðurnar bentu þó til þess að siðferðisskynjun skýri aðeins lítinn hluta í kaupáformum, og því ekki líklegt að siðferðisskynjun sé ráðandi þáttur þegar neytendur taka ákvörðun um kaup.

Harpa Grétarsdóttir
Auður Hermannsdóttir

# Money talks: Gender budgeting in the University of Iceland

The presentation addresses the financial framework, decision-making and budgeting processes of the University of Iceland from a gender perspective. The UI distribution formula of budget allocation is currently under revision, which provides an opportunity to examine the system which is inspired by New Public Management. The aim of the presentation is to scrutinize the allegedly gender neutral system of budget allocation and its distribution. We ask how it plays out for different academic schools and disciplines and for academics in different ranks, when the gender dimension is taken into account. We draw on empirical data collected as part of the GARCIA research project. To shed a light on the process we focus on the male-dominated School of Engineering and Natural Sciences and the more feminised School of Social Sciences. The exploration shows that the budgeting system at the UI is only moderately transparent, and biased in favour of the natural sciences. It can be concluded that the system contains an internal, though unintended, gender bias that needs to be corrected.

Þorgerður Einarsdóttir
Finnborg Salome Steinþórsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

# Gendering of research funding within the 'excellent' university

Funding is fundamental in the production of new knowledge, but what knowledge and 'whose' knowledge is getting produced? This presentation examines how the construction of 'academic excellence' translates into the funding distribution processes. I want to raise the following research questions: Based on what 'excellent' criteria is the funding distributed? Does the way in which 'excellence' is constructed have gendered implications? Are some fields considered more 'excellent' than others, therefore receiving more research funding? Who is applying and who is getting the grants? Based on empirical data collected as part of the GARCIA research project, I examine how policies and practices, which are infused by the discourse of excellence, impact the distribution of research funding. I will argue that the distribution of research funding that is based on the notion of 'academic excellence' is more favorable for research in the male dominated Science, Technology, Engineering and Mathematics fields (STEM) than in the more gender equal fields of Social Science and Humanities (SSH). I want to raise awareness regarding the gender issues related to the uneven distribution of resources and the idea of excellence in knowledge production.

Finnborg Salome Steinþórsdóttir

# Charades: On the pretence of equality and diversity policy at the University of Iceland

Despite an elaborate equality and diversity policy which, among other things, calls for the incorporation of such dimensions into all teaching and research at the University of Iceland, this is far from reflecting reality in one SSH and one STEM department at this mid-sized university in a small island nation that traditionally prides itself on its commitment to gender equality. Through a qualitative interviewing process with 32 current and former academic employees, I ask the question: Do Icelandic academics even grasp the basic concepts of gender equality and diversity to the point where they can be expected to incorporate it into research and teaching? Taking a grounded theory approach to the data, I suggest that while there is certainly inconsistency between policy and praxis at the University of Iceland, this inconsistency is also reflected in the attitudes of its staff.

Thomas Brorsen Smidt

# The concept of academic housework in a European setting

In the labour market women's jobs have frequently been conceptually and literally tied to housework and hence thought of as unskilled and therefore undervalued. While academic institutions have undergone changes, start to be run with help of New Public Management tools and become increasingly feminized, women still occupy only a minority of full professors' positions. In this presentation I will focus on the gendered aspects of undervalued work in academia by examining the situation of early-career academics in six European countries. I will link the undervalued academic work to housework in a double sense. Firstly, I will discuss how domestic housework affects the working conditions of academic women and men differently in their early career. Secondly, I will approach academic work through the lenses of academic housework, hence making use of the notion of 'housework' in a transferred and more figurative meaning. The discussion aims at developing a new conceptual framework in the analysis of gendered academic careers and their implications for women's career building in academia. In this way the topic of undervalued academic work may become somewhat more easily discussable within the academic work environment.

Thamar Melanie Heijstra

# 'Playing the gender card': Gendered dimensions within the rural water supply in Namibia

The relevance of gender in rural water supply has been well established by a number of scholars. In this paper, the contradictory views of different actors for gender roles are explored, as well as how the gender pillar is manipulated by various actors within the development sphere.

The study examines four dimensions of gender within the rural water supply using Namibia as a case study: perspectives of different actors on gender roles in Namibia; how gender and culture are inevitably interwoven; gender roles in management of rural water resources; and how gender as an issue is used to manipulate outcomes, or how the 'gender card' is used in the development power play. Donors generally have a deep concern for gender-related factors,

such as women's management and participation in water projects and the positive impact water projects have on the lives and status of girls and women. This enables different actors to use gender to set the development agenda and in some cases to string donors along. Conclusions also indicate that the westernized development dialogue of gender roles in rural water supply is dualistic and that historical frameworks are of value for analyzing the gendered aspects of water.

Erla Hlín Hjálmarsdóttir

# Kynjaðar víddir virðiskeðjugreiningar fisks úr Tanganyika vatni

Erindið fjallar um kynjaða virðiskeðjugreiningu sem rannsóknaraðferð í félagsvísindum og sem hagnýtt rannsóknartæki er gagnast þróunarverkefnum. Virðiskeðjugreining, sem á uppruna sinn í viðskiptafræðum, hefur á síðustu misserum í auknum mæli verið endurhönnuð til þess að fanga kynjaðar víddir virðiskeðja. Þessi aðferðafræði hefur hlotið auknar vinsældir sem aðferðafræði innan kynja- og þróunarfræða þar sem hún er notuð til þess að fanga félagslegar og efnahagslegar aðstæður innan samfélaga sem reiða sig á eina eða fáar auðlindir. Farið verður yfir vettvangsrannsókn á vegum Jafnréttisháskóla Sameinuðu þjóðanna, í samvinnu við sjávarútvegsháskóla Sameinuðu Þjóðanna í Tansaníu þar sem að virðiskeðja fisks úr Tanganyikavatni er tekin út og virðiskeðjunni fylgt úr vatni og alla leið á markað. Dæmi eru gefin um hvernig þessi aðferðafræði hefur reynst þar, af hverju hún varð fyrir valinu og frumniðurstöður kynntar.

Pétur Waldorff

# „Þetta er svo lífsseigt“: Um kynjahlutverk á Íslandi 21. aldarinnar

Ísland oft er talið til fyrirmyndar hvað jafnrétti kynjanna varðar og í því sambandi vísað í tölur um að íslenskar konur hafi að jafnaði meiri menntun en karlar, atvinnuþátttaka þeirra nálgast atvinnuþátttöku karla, og þátttaka karla inni á heimilinu hafi aukist mikið. Á hinn boginn sýna tölur líka að laun kvenna eru að meðaltali um fimmtungi lægri en karla, fáar konur hafa komist til valda í atvinnulífinu og karlar bera skarðan hlut í töku fæðingarorlofs. Markmið fyrirlestursins er að skoða hvort íslenskar konur og íslenskir karlar sjái stöðu kynjanna í atvinnulífinu og inni á heimilinu sömu augum, eða hvort sýn þeirra sé ólík. Fyrirlesturinn byggir á eigindlegri rannsókn, einstaklingsviðtölum við sex sérfræðinga á íslenskum vinnumarkaði, og tveimur rýnihópum sjö kvenna og sjö karla. Niðurstöðurnar sýna ólíka sýn karla og kvenna á stöðu kynjanna. Karlarnir eru ánægðir með sinn hlut og telja að jafnrétti hafi verið náð þrátt fyrir að ábyrgð heimilisins hvíli í meira mæli á herðum kvenna. Á hinn bóginn telja konur sig vera fastar í hlutverki verkstjóra heimilisins, sem síðan dragi úr áhrifamætti þeirra á vinnumarkaði. Greining sérfræðinganna á stöðunni styður við sýn kvennanna. Sú ályktun er dregin af niðurstöðunum að sé staðan skoðuð frá sjónarhóli kvenna sé ekki hægt halda því fram að ásættanlegum árangi hafi verið náð í jafnrétti kynjanna á Íslandi.

Margrét Einarsdóttir
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

# Frá undirgefni til valdeflingar: Ferðalag kvenna undan viðjum útlitsdýrkunar

Kvenlíkaminn er samofinn félagslegum og menningarlegum öflum. Til þess að geta skoðað líkamsupplifun kvenna í heildarsamhengi, þá er markmið rannsóknarinnar þríþætt: Í fyrsta lagi að greina sameiginlega upplifun kvenna af ríkjandi útlitsvæntingum; í öðru lagi að greina sameiginleg einkenni kvennanna, annars vegar þegar þær gengust við ráðandi útlitsviðmiðum, og hins vegar þegar þær gengust ekki við útlitsviðmiðunum; í þriðja lagi að öðlast skilning á viðhorfsbreytingu kvennanna, bæði í garð eigin líkama og ráðandi útlitsvæntinga. Rannsóknin byggir á kenningarlegri nálgun félagsfræði ásamt femínískum fræðum, sálfræði, mannfræði, og kennslufræði. Rannsóknin er unnin með eigindlegri aðferðafræði þar sem tekin voru viðtöl við ellefu ólíkar konur á aldrinum 20-44 ára. Niðurstöðum er skipt upp í fjóra megin hluta; upplifun útlitsvæntinga, undirgefni, valdeflingu og breytt viðhorf til útlitsmenningar. Megin niðurstöður eru þær að allar konurnar upplifa miklar útlitskröfur og fundu fyrir þeim í gegnum miðla, úr nánasta umhverfi og í samskiptum. Slíkar væntingar virðast hafa minna vægi fyrir viðmælendur í dag en áður gerði. Neikvæð líkamsupplifun, öfgafull líkamsrækt, megrun og skortur á gagnrýni á ferlið sem var í gangi einkenndi líf kvennanna þegar þær gengust við ráðandi væntingum. Jákvæðari líkamsmynd, gagnrýn hugsun, heilbrigður lífsstíll með áherslu á heilsu en ekki útlit, og ögranir gagnvart ráðandi staðalmynd kvenfegurðar einkennir konurnar hins vegar þegar útlitsöflin hafa minna vægi. Það þurfti afdrifaríka atburði hjá flestum þeirra til þess að viðhorfin breyttust gagnvart útlitsmenningu og að áhrif útlitskrafna minnkuðu.

Linda Björk Pálmadóttir

# Nýliðun í landbúnaði á Íslandi og áhrif fjarlægðar frá Reykjavík

Fækkun bænda og veiking sveitarsamfélaga hefur verið áhyggjuefni meðal þeirra sem vilja halda landinu öllu í byggð. Í rannsókninni er nýliðun í nautgripa- og sauðfjárrækt á Íslandi í brennidepli. Skoðað var hvaða áhrif fjarlægð frá Reykjavík, aldur einstaklinga, kyn, uppruni, búgrein og landsvæði hefði á nýliðun í greininni. Stuðst var við gögn yfir allar bújarðir á tímabilinu 2000-2009 sem skilaði tæplega 35.000 athugunum. Notað var tölfræðilegt *logit líkan* af hefðbundinni gerð til að greina gögnin ásamt *fixed effect logit líkani* fyrir panel gögn til stuðnings og frekari glöggvunar. Í ljós kom að þegar horft var á fjarlægð frá Reykjavík eru líkurnar á nettónýliðun minnstar á jaðri hennar, en aukast eftir því sem fjær dregur og ná hámarki í 220 km. fjarlægð, en dragast svo saman eftir það. Heilt yfir var nettónýliðun meiri hjá þeim sem yngri eru en hjá þeim eldri, en óvænt kom í ljós að brottfall úr landbúnaði hefur verið meira hjá þeim sem ungir eru en hjá þeim sem eru á miðjum aldri. Þá er nýliðun meiri í sauðfjárrækt en nautgriparækt, konur líklegri en karlar til að hefja búskap, og það eigi sér frekar stað á Suðurlandi en annars staðar á landinu.

Vífill Karlsson

# Er slátrunar- og vinnslukostnaður landbúnaðarafurða hærri á Íslandi en í nálægum löndum?

Markmið verndartolla á landbúnaðarafurðir er að tryggja bændum og öðrum frumframleiðendum ásættanlega afkomu og verja þá fyrir sveiflum utan í frá. OECD reiknar árlega út svokallaðan neytendastuðning (*customer support estimate*) og miðar við verðlag afurða við heimreið að býli (*farm gate*). En áhrif verndartolla ná ekki aðeins til bænda og búaliðs. Verndartollar veita sláturhúsum og matvælavinnslum landbúnaðarafurða einnig skjól fyrir erlendri samkeppni. Almennt dregur vernd úr framleiðni og nýsköpun í viðkomandi greinum. Auk þess er mjólkurvinnsla undanþegin ákvæðum samkeppnislaga sem gefur möguleika á að haga verðlagningu afurðanna með allt öðrum hætti en líðst við samkeppni. Í þessu erindi reynum við að svara spurningum um þessi áhrif verndartollanna út fyrir það sem þeim er ætlað að verja.

Guðjón Sigurbjartsson
Þórólfur Matthíasson

# Þróun fjárhags íslensks sjávarútvegs frá tilkomu kvótakerfisins

Í fyrirlestinum verður farið yfir þróun á fjárhagsstöðu íslensks sjávarútvegs sl. 25 ár, þ.e. frá þeim tíma sem íslenska kvótakerfið náði yfir alla atvinnugreinina. Stuðst er við gögn Hagstofunnar og ársskýrslur mikilvægustu fyrirtækjanna. Íslenskur sjávarútvegur hefur þurft að glíma við minni afla. Atvinnugreinin hefur lagað sig vel að þeirri neikvæðu þróun en kvótakerfið hefur hjálpað til við þá aðlögun. Aðlögunin hefur oft verið neikvæð, en hún hefur m.a. falist í minni atvinnu, lokun verksmiðja og fækkun skipa. Sérhæfing hefur aukist og hefur greinin einblínt meir og meir á sérhæfða markaði. Hagnaður í íslenskum sjávarútvegi hefur aukist verulega. Þetta á sérstaklega við um fiskvinnsluna þar sem hagnaður hefur aukist mjög mikið. Meginástæðan fyrir því er kvótakerfið, auk annarra ástæðna. Aukning hagnaðar hjá útgerðinni er hins vegar minni en hjá vinnslunni. Ástæður þessa eru einkum mikil hækkun á olíuverði og tilkoma veiðigjaldsins sem er nú verulegur kostnaðarliður fyrir útgerðina. Skuldir atvinnugreinarinnar náðu hámarki árið 2008 eftir mikla aukningu sem byrjaði 2004. Þess þróun var að mestu vegna „fjármálabólunnar“ þó að kvótakerfið hafi skipt þar máli. Frá 2008 hefur fjárhagsstaða atvinnugreinarinnar lagast mikið og er nú yfirleitt góð hjá flestum fyrirtækjum. Það á sérstaklega við stærstu og minnstu fyrirtækin en mörg sjávarútvegsfyrirtæki að millistærð eru enn í erfiðri stöðu.

Stefán B. Gunnlaugsson

# Áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist: Niðurstöður 3. áfanga rammaáætlunar

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið hratt á undanförnum áratugum og eru helstu auðlindir hennar fjölbreytt náttúra og víðerni. En víðernin og náttúran eru ekki einungis mikilvæg auðlind ferðaþjónustunnar, heldur geta þau nýst til orkuframleiðu. Orkuvinnsla dregur hins vegar úr náttúrlegum eiginleikum svæða, þannig að ef nýta skal þau áfram fyrir náttúruferðamennsku, sem gerir kröfur um lítt raskað umhverfi, þarf að velja virkjunarsvæði af kostgæfni. Frá árinu 1999 hefur verið unnið að því að flokka vatnsföll og háhitasvæði hér á landi í vernd, eða orkunýtingu í verkefni sem í daglegu tali kallast rammaáætlun. Verkið skiptist í nokkra áfanga og er á árunum 2013-2017 unnið að 3. áfanga rammaáætlunar. Þar leggja fjórir faghópar skipaðir sérfræðingum á hinum ýmsu sviðum mat á áhrif virkjana og leggur einn þeirra, þ.e. faghópur 2, meðal annars mat á áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist. Hér verður greint frá forsendum matsins, þeirri aðferðafræði sem var notuð, og röðun virkjunarhugmyndanna með tilliti til áhrifa þeirra á ferðamennsku og útivist. Samkvæmt mati faghópsins hafa Búlandsvirkjun, Búrfellslundur, Fljótshnjúksvirkjun, Hrafnabjargavirkjun A og Hólmsárvirkjun án miðlunar mestu neikvæðu áhrifin á ferðamennsku og útivist. Niðurstöður rammaáætlunar koma til umfjöllunar og afgreiðslu Alþingis á komandi haustþingi.

Anna Dóra Sæþórsdóttir
Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir

# Kynjuð viðhorf til virkjana og verndunar landsvæða

Í erindinu verður rýnt í kynjamun sem fram kom í könnunum árið 2016 á vegum faghóps sem vinnur með samfélagsáhrif orkunýtingar og verndar landsvæða í þriðja áfanga rammaáætlunar. Í umfjöllun um eitt af stærstu ágreiningsefnum á Íslandi hefur verið talað almennt um þjóðina, staðarsamfélög og hagsmunaaðila, en lítið verið horft til félagslegs fjölbreytileika varðandi viðhorf, völd og möguleg áhrif þess að virkja eða vernda. Meginlínur í kynjamun í niðurstöðum umræddra kannana voru að konur, frekar en karlar, töldu tímabært að hægja á virkjanaáformum, og konur voru frekar fylgjandi verndun svæða eins og miðhálendisins. Áhugaverður kynjamunur kom einnig fram í viðhorfi til vatnsaflsvirkjana, meðal annars staðsetningar þeirra nálægt byggð. Velt verður upp mögulegum skýringum á þessum kynjuðu viðhorfum, þar sem m.a. er horft til kynskipts vinnumarkaðar og viðhorfa til umhverfismála og áhættu.

Magnfríður Júlíusdóttir

# Viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum

Í þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sveitarfélögum sem land eiga að miðhálendinu gert að útfæra stefnu um verndun víðerna. Til grundvallar þeirri stefnu á að liggja kortlagning á umfangi víðerna. Skilgreining á hugtakinu víðerni hefur hins vegar verið umdeild, þar sem upplifun og skynjun fólks á víðernum er mismunandi. Það getur því reynst erfitt að ákvarða hvað nákvæmlega á að varðveita. Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að meta og greina skynjun og upplifun Íslendinga á víðernum. Tvær spurningakannanir voru sendar á úrtak landsmanna sem beindu sjónum annars vegar að skilningi Íslendinga á hugtökunum víðerni, óbyggðir og miðhálendi, og hins vegar að því að láta þátttakendur teikna inn á kort hugmyndir sínar um umfang og staðsetningu víðerna. Niðurstöður sýna að í hugum Íslendinga stendur hugtakið óbyggðir nær lagalegri skilgreiningu stjórnvalda á hugtakinu víðerni eins og það er sett fram í lögum nr. 44/1999, 60/2013 og 109/2015. Hugtakið víðerni skynja landsmenn hins vegar fyrst og fremst sem víðáttumikið landslag. Í hugum landsmanna er það fyrst og fremst hugmyndin um óbyggðir og lítil mannleg ummerki sem gerir svæði að víðernum. Gildi víðerna telja þeir fyrst og fremst felast í tækifæri til að geta upplifað kyrrð, ró, og einveru. Orkumannvirki og aukin umsvif ferðaþjónustu eru þeir þættir sem landsmenn álíta vera helstu ógn við íslensk víðerni. Skipulag víðerna er þannig mikil áskorun fyrir sveitarfélög landsins að útfæra.

Rannveig Ólafsdóttir
Anna Dóra Sæþórsdóttir

# Hvernig má leggja mat á fagurferðilegt gildi landslags?

Landslag er eitt af þeim viðföngum sem leggja skal mat á í Rammaáætlun þegar ákvörðun er tekin um hvort landsvæði verði nýtt til orkuvinnslu eða njóti verndar. Landslagshugtakið vísar til flókins veruleika þar sem hlutbundnir þættir landslagsins, jafnt sem skynjun fólks og upplifun á þeim sömu þáttum haldast í hendur. Við mat á landslagi er því þörf á fjölbreyttri þekkingarfræðilegri nálgun og margháttuðum aðferðum. Í þriðja áfanga Rammaáætlunar var í fyrsta sinn kallað eftir mati á fagurfræðilegu-, upplifunar- og tilfinningalegu gildi íslensks landslags. Markmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að svara þessu kalli og þróa aðferðafræðilega nálgun sem gerir kleift að svara spurningum um fagurferðilegt gildi landslags á tilteknum landsvæðum. Beitt var eigindlegum aðferðum þar sem gagna var aflað í gegnum einstaklingsviðtöl, hópviðtöl og þátttökuathuganir. Tvö svæði voru tekin til skoðunar og borin saman, annars vegar við Þjórsá, og hins vegar á Reykjanesskaga. Samanburður var jafnframt gerður milli tveggja hópa fólks, annars vegar meðal þeirra sem vel þekkja til á rannsóknarsvæðunum, og hins vegar meðal fólks sem hafði litla þekkingu á svæðunum. Fjallað verður um aðferðafræðilegar áskoranir og helstu niðurstöður, sem meðal annars benda á mikilvægi hlutdeildar landslagsins í gagnaöflunarferlinu.

Edda R.H. Waage
Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

# Áhrif tekjuójöfnuðar á félagsauð og andlega heilsu unglinga

Samkvæmt kenningunni um áhrif tekjuójöfnuðar á andlega heilsu er mikill tekjumunur innan hverfa skaðlegur andlegri heilsu íbúa vegna þess að hann dregur úr félagsauði innan hverfasamfélaga. Nokkur skortur er á rannsóknum þar sem þessi tengsl eru prófuð, sérstaklega meðal unglinga. Það kemur nokkuð á óvart þar sem hnignun á andlegri heilsu yngra fólks á Vesturlöndum hefur verið eignuð tekjuójöfnuði og breytingum á félagslegum eiginleikum vestrænna samfélaga á undanförnum áratugum, og þá sérstaklega minni samheldni og samfélagslegrar þátttöku. Það er því markmið þessarar rannsóknar að prófa hvort skýra megi tengsl tekjuójöfnuðar í hverfum við andlega heilsu unglinga með hnignun félagsauðs. Rannsóknin byggði á þrepaskiptum gögnum frá 102 íslenskum skólum og 5958 nemendum þeirra í 9. og 10. bekk. Prófað var hvort félagsauðsvísar, eins og félagslegt traust og félagsleg tengsl, miðli hverfaáhrifum tekjuójafnaðar á þunglyndis- og kvíðaeinkenni unglinga. Niðurstöðurnar benda til þess að tekjuójöfnuður hafi neikvæð áhrif á andlega heilsu unglinga umfram tekjustöðu heimilis þeirra og hverfis. Aftur á móti fannst ekki stuðningur við þá tilgátu að félagsauður miðli þessum áhrifum. Þótt niðurstöður bendi til þess að munur sé milli hverfa í andlegri heilsu unglinga, og að þennan mun megi að einhverju leyti rekja til hverfaáhrifa tekjuójöfnuðar, er nauðynlegt að leita annarra sálfélagslegra skýringa á því hvers vegna þessi áhrif eru til staðar.

Arndís Vilhjálmsdóttir
Ragna Benendikta Garðarsdóttir
Jón Gunnar Bernburg
Inga Dóra Sigfúsdóttir

# Lífsánægja unglinga og samskipti við foreldra og fjölskyldu

Lífsánægja er hugarástand sem byggir á þeirri ánægju og gleði sem einstaklingar upplifa, vitsmunalega og tilfinningalega, og segir til um hversu vel þeim líkar við líf sitt. Markmið rannsóknarinnar er að kanna tengsl lífsánægju unglinga og samskipta við foreldra og fjölskyldu. Einnig voru skoðuð áhrif fjölskyldugerðar og fjárhagsstöðu fjölskyldu á lífsánægju. Notast var við gögn úr alþjóðlegu rannsókninni Health Behavior in School-age Children (HBSC) sem safnar upplýsingum um heilsu, velferð og félagslegt umhverfi 11 til 15 ára unglinga. Þátttakendur voru grunnskólanemendur í 10. bekk á Íslandi veturinn 2013/14. Lífsánægja nemendanna var mæld á lífsánægjustiga Cantril og var meðaltalið 7,5 sem telst almennt vera gott. Notast var við fjölbreytu aðhvarfsgreiningu til þess að ákvarða tengsl lífsánægju við fjölskyldubreytur. Mest áhrif komu fram hjá stelpum, en samskipti við fjölskyldu útskýrðu 24,6% af breytileika lífsánægjustigans hjá þeim, en 12,9% hjá strákum. Hjá strákum komu mestu áhrifin fram í samskiptum við foreldra, en þau útskýrðu 13,9% af breytileika lífsánægjustigans hjá þeim, en 19,6% hjá stelpum. Lífsánægja stráka mælist hærri en stelpna, og fjölskyldubreytur hafa minni áhrif á lífsánægju stráka. Samskipti hafa mun meiri þýðingu fyrir lífsánægju stelpna en stráka.

Jóhannes Eggertsson
Ársæll Arnarsson

# Hreyfing og vellíðan ungmenna

Dregið hefur úr hreyfingu meðal ungmenna og á heimsvísu ná aðeins um 20% 13–15 ára ungmenna daglegum viðmiðum um lágmarks hreyfingu af a.m.k. meðalákefð. Þetta er uggvekjandi þar sem skortur á hreyfingu hefur neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu, og á unglingsárum mótast hreyfimynstur einstaklinga sem jafnframt hefur forspárgildi fyrir hreyfingu síðar á lífsleiðinni. Markmið þessarar doktorsrannsóknar er að kanna hvernig hreyfing og einkenni þunglyndis þróast á unglingsárunum, eða frá 10 til 19 ára aldurs. Einnig er markmiðið að rannsaka áhrif hreyfiíhlutunar, með skrefmælum og dagbókum, á hreyfingu og svefngæði 15–16 ára ungmenna á fyrsta ári í framhaldsskóla. Niðurstöðurnar sýna að á unglingsárunum dregur úr hreyfingu, einkum frá 15 ára aldri. Einnig sést aldurstengd aukning í einkennum þunglyndis. Kynjamunur er greinilegur, en stelpur hreyfa sig að jafnaði minna en strákar, og jafnframt koma einkenni þunglyndis frekar fram hjá stelpum en strákum. Þriggja vikna hreyfiíhlutun með skrefmælum jók marktækt daglega hreyfingu og svefngæði meðal fyrsta árs framhaldsskólanema. Niðurstöður þessar eru áhugaverðar í lýðheilsufræðilegu samhengi því íhlutunina má auðveldlega framkvæma í framhaldsskólum. Hér er því um að ræða hagkvæmt og mikilvægt verkefni sem getur haft víðtæk áhrif á vellíðan ungmenna og þar með lýðheilsu landsmanna.

Birna Baldursdóttir
Heiðdís B. Valdimarsdóttir
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Alexandra Krettek

# The collective agency of innovation in team sports: The case of the “underdogs”

Iceland is the smallest nation to have qualified for the European Championship finals both in men´s basketball and handball. The case of Iceland is especially interesting in respect of those two sports, because the nation has limited resources of tall players – a feasible physical feature in both basketball and handball. Icelandic teams therefore face major shortcomings in regard to important physical attributes in the competitions. This presentation is based on a case study of the Icelandic men´s national teams in basketball and handball. The findings show that both teams were disadvantaged in terms of players’ height compared to their opponents. This disadvantage forced the teams to find new ways of playing the game. The teams therefore developed a somewhat “unorthodox” and innovative style of playing – both offensively and defensively. Those innovations emerged out of necessity. I argue that the “innovations” or “adaptations” in team play, made by the two teams, were fuelled by individual agency and developed by collective efforts of the members of both teams and helped the “short” Icelandic teams compete against much “bigger” nations.

Viðar Halldórsson

# Hvaða rétt eigum við? Viðhorf almennings til lýðræðis í 35 löndum

Lýðræðisríki nútímans þjóna þegnum sínum á ýmsan og mismunandi máta. Í velferðarríkjum er að minnsta kosti að einhverju leyti boðið upp á heilbrigðisþjónustu, almannatryggingar og menntun. Félagsfræðingar hafa löngum kannað viðhorf almennings til þess sem ríkið á að gera, meðal annars vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að viðhorf almennings hafa áhrif á stefnumótun. Við notum nýleg gögn frá vandaðri alþjóðlegri rannsókn, The International Social Survey Programme (ISSP), til að skoða viðhorf almennings í 35 löndum til ríkisábyrgðar. Niðurstöðurnar sýna að það er munur á viðhorfum almennings sem bæði styður og hafnar almennum kenningum um stuðning við velferðarríkið.

Sigrún Ólafsdóttir
Jón Gunnar Bernburg

# „Síðan ég fékk rétt til þess að kjósa, hef ég alltaf kosið til að sýna skoðun mína“: Raddir ungmenna

Breytingar á borgaralegu þátttökumynstri ungs fólks í samfélaginu hafa verið viðfangsefni fræðimanna á undanförnum misserum. Minnkandi kosningaþátttaka ungra kjósenda víða í hinum vestræna heimi hefur valdið áhyggjum. Samhliða hafa sjónir manna í auknum mæli beinst að nýjum aðferðum unga fólksins við að koma borgaralegri rödd sinni á framfæri. Markmið rannsóknar þessarar er að kanna viðhorf ungs fólks til virkrar pólitískrar þátttöku, markmiða þátttökunnar, og þess hvaða gildi þau tengja við hana. Notuð var eigindleg aðferðafræði og voru viðtöl tekin við 21 ungmenni (14 og 18 ára) í grunn- og framhaldsskólum úr þremur byggðakjörnum á Íslandi. Rannsóknin er hluti af rannsókninni Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi. Helstu niðurstöður benda til þess að ungt fólk telji kosningaréttinn mikilvægan, en þrátt fyrir það voru margir óvissir hvort þeir vildu nýta eigin kosningarétt. Þau tengdu markmið með kosningaþátttöku meira við réttindi en skyldur. Unga fólkið tjáði þó skýran vilja til þess að koma rödd sinni á framfæri varðandi mál eins og jafnréttismál, mannréttindi og málefni ungs fólks. Þau kölluðu eftir vettvangi í því skyni og fleiri tækifærum til þess að hafa áhrif. Jafnframt ræddu þau mikilvægi þess að góður borgari sýni virðingu og heiðarleika. Í erindinu verður nánar fjallað um þessar niðurstöður.

Ragný Þóra Guðjohnsen
Sigrún Aðalbjarnardóttir

# Notkun vörumerkja í tengslum við stofnun og viðhald vörumerkjaréttar

Vörumerki eru aðilum viðskiptalífsins mikilvæg til að leiða saman atvinnurekendur og neytendur. Af þeim sökum, meðal annars, er talið æskilegt að vörumerkjum sé búið lagaumhverfi sem veiti vörumerkjum réttarvernd. Þar sem virkni vörumerkja í atvinnustarfsemi er háð því að þau séu notuð er hluti af regluverki sem um vörumerki gildir tileinkaður notkun vörumerkja. Í því sambandi eru meðal þýðingarmestu reglna þær sem varða notkun vörumerkja í tengslum við stofnun og viðhald vörumerkjaréttar. Á undanförnum árum hafa mörg álitaefni, sem varða reglur þar að lútandi, komið til kasta úrlausnaraðila sem markmiðið með þessu framlagi er að varpa ljósi á og leita svara við. Í erindinu verður fjallað um inntak hugtaksins notkun í tengslum við stofnun og viðhald vörumerkjaréttar. Þá verður gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem þurfa að vera uppfyllt til að notkun vörumerkis hafi annars vegar áhrif við stofnun vörumerkjaréttar, og hins vegar til að viðhalda vörumerkjarétti.

Þorvaldur Hauksson

# Sjúkrasjóðir stéttarfélaga: Lögbundið hlutverk og réttarheimildir

Réttur til greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga er í senn hluti af starfskjörum launþega á vinnumarkaði og mikilvægt bótaúrræði. Starfsemi sjúkrasjóða er því viðfangsefni sem á jöfnum höndum heima á sviði vinnuréttar og bótaréttar. Réttindi í sjúkrasjóðum ávinnast með þátttöku á vinnumarkaði og skoðast þar sem hluti launakjara, en eru á sama tíma hluti þess bótakerfis sem á reynir við starfsorkumissi, samhliða öðrum stoðum bótaréttarins. Markmið rannsóknarinnar er að skoða þær réttarheimildir sem starfsemi sjúkrasjóða stéttarfélaga byggir á, einkum með tilliti til reglna um greiðslu dagpeninga úr sjóðunum. Lög hafa verið sett um skyldu launagreiðenda til að greiða framlag í sjúkrasjóði, en um greiðslu bóta úr sjóðunum fer eftir reglum hvers stéttarfélags fyrir sig. Til að afmarka lögbundið hlutverk sjúkrasjóða var nauðsynlegt að rýna í sögu sjóðanna og setja í samhengi við þróun lagasetningar um réttindi á vinnumarkaði, félagsleg réttindi og önnur bótaúrræði. Þá fólst í rannsókninni ítarleg greining á bótareglum sjúkrasjóða. Rannsóknin leiddi í ljós að ýmsar forsendur, sem lágu stofnun sjóðanna til grundvallar, hafa breyst. Huga þarf að samspili við önnur bótaúrræði, einkum vátryggingar og almannatryggingar, við áframhaldandi mótun starfseminnar.

Sigrún Ísleifsdóttir
Bergþóra Ingólfsdóttir
Guðmundur Sigurðsson

# Eru atvinnuleysisbætur eign í skilningi eignarréttarákvæðis íslensku stjórnarskrárinnar?

Ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru reist á allsherjarréttarlegum grunni. Í þessu felst að löggjafinn hefur með einhliða hætti kveðið á um skipulag sem hefur það að markmiði að tryggja launamönnum, eða sjálfstætt starfandi einstaklingum, tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt. Eldri fræðakenningar gerðu ráð fyrir að fjárhagsleg réttindi einstaklinga í opinberum kerfum af þessu tagi nytu ekki verndar sem eign í skilningi eignarréttarákvæðis íslensku stjórnarskrárinnar. Yngri fræðakenningar, sem og nýleg dómaframkvæmd, virðast hníga í aðra átt. Í erindinu verður fjallað um álitamál sem af þessu leiða. Þannig verður rýnt í dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 7. apríl 2016, í máli nr. E-125/2015, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að tiltekin ákvæði laga nr. 125/2014, sem stytti heildarbótatímabil atvinnuleitanda úr 36 mánuðum í 30 mánuði, færu í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Til að styrkja fræðilegan grundvöll umræðunnar verður enn fremur sjónum beint að dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu, og þá sérstaklega með hvaða hætti eignarhugtak 1. gr. 1. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu hefur verið túlkað þegar um er að ræða rétt til greiðslna úr einskonar opinberum tryggingakerfum á borð við almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum og lífeyrissjóðum.

Helgi Áss Grétarsson

# Viðskiptatengd ferðamennska: Virðisskapandi þættir í markaðsmiðun M.I.C.E ferðamennsku í Reykjavík

Grein þessi byggir á niðurstöðum megindlegrar rannsóknar sem unnin var í tengslum við mastersverkefni í ferðamálafræðum við Háskóla Íslands vorið 2016. Markmið rannsóknarinnar er að draga fram þá virðisskapandi þætti Reykjavíkurborgar sem mikilvægt er að hafa í huga við markaðsmiðun þeirrar viðskiptatengdu ferðamennsku sem tengist fundum, ráðstefnum, hvataferðum og sölusýningum (M.I.C.E). Spurningalisti var lagður fyrir erlenda M.I.C.E. skipuleggjendur úr gagnagrunni Meet in Reykjavík (MIR). Þeir þættir sem lágu til grundvallar rannsókninni voru: aðgengileiki, staðsetning, menning, náttúra, innviðir (gisting og fundaraðstaða), afþreying, verð, öryggi, ímynd og þjónusta. Þetta eru þeir þættir sem fjölþjóðlegar rannsóknir CBI og Cvent, benda til að séu ákvarðandi í vali M.I.C.E. skipuleggjenda á áfangastöðum fyrir viðburði. Engar sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar á M.I.C.E vörunni í Reykjavík og geta niðurstöðurnar þar af leiðandi verið mjög nytsamlegar fyrir þá sem vinna að markaðsfærslu hennar þar. Helstu niðurstöður benda til þess að það séu hinir erfðu þættir áfangastaðar, frekar en hinir áunnu (Porter, 1990), sem skapa aukið virði í hugum skipuleggjanda M.I.C.E, og um leið samkeppnisforskot í þessari tegund ferðamennsku fyrir Reykjavík. Einnig gefa niðurstöður vísbendingar um þá áunnu þætti sem skipta skipuleggjendur máli við val á áfangastöðum, sem geta nýst til að skapa aukið virði fyrir skipuleggjendur, og um leið efla þennan markað í Reykjavík.

Lilja Karlsdóttir
Magnús Haukur Ásgeirsson

# Árstíðasveifla í dreifingu ferðamanna um landið

Árstíðarsveifla í komu ferðamanna til landsins, sem og í Reykjavík, hefur minnkað verulega. Utan höfuðborgarinnar er þessi breyting miklu minni en gögn eru takmörkuð. Gistináttagögn hafa verið notuð til að meta árstíðasveiflu í ferðamennsku á landsvísu. Gistináttagögn sýna hvar ferðamenn gista, en ekki hvert þeir fara. Sumir gista í Reykjavík og fara þaðan í dagsferðir. Í verkefninu sem hér er sagt frá hafa bifreiðatalningar á áfangastöðum ferðamanna verið notaðar til að fá gögn um hvert ferðamenn fara á mismunandi árstímum. Upplýsingar um hversu margir ferðamenn heimsækja ákveðna áfangastaði, og á hvaða árstíma, eru mikilvægar vegna skipulags ferðamennsku á landsvísu, en einnig vegna skipulags og verndunar einstakra staða. Gögnin verða borin saman við fjöldatölur frá Leifsstöð, og sýnt hvernig dreifing ferðamanna um landið er mismunandi yfir árið, og að fjarlægð frá Reykjavík hefur ekki úrslitaáhrif um hvert ferðamenn fara. Fjöldaupplýsingar hafa verið notaðar af stjórnendum Vatnajökulsþjóðgarðs við skipulag innviða, bílastæða og útsýnispalls, og við að skipuleggja vaktir starfsfólks. Einnig hafa gögnin verið notuð til að finna hversu margir koma á einstaka staði vegna verndunar þeirra. Upplýsingar um fjölda ferðamanna eru ein af grunnforsendum aðgerða til að dreifa ferðamönnum betur um landið. Þær eru einnig mikilvægar þegar áfangastaðir og ferðaleiðir eru skipulagðar.

Gyða Þórhallsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson

# Viðhorf til ferðaþjónustu: Ólíkir staðir – ólík sýn

Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður greiningar á því hvaða áhrif hinn hraði vöxtur ferðaþjónustunnar samhliða lengra ferðamannatímabili hefur á minni samfélög, íbúa þeirra, menningu, og daglegt líf í samfélagslegu tilliti. Þessi rannsókn byggir á svipaðri aðferðafræði og rannsókn Háskólans á Hólum, sem unnin var á vegum Ferðamálastofu, um félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu þar sem svæðin Hella, Ísafjörður, Húsavík og 101 Reykjavík voru til athugunar. Þau samfélög, sem eru til skoðunar í þessari rannsókn, eru: Höfn í Hornafirði, Mývatnssveit og Siglufjörður. Öll eiga þau það sameiginlegt að ferðaþjónustu og ferðamennsku þar hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförnum misserum. Við rannsóknina var notast við blandaðar rannsóknaraðferðir. Annars vegar voru tekin hálfopin viðtöl við íbúa í bæjarfélögunum þremur, og hins vegar var spurningalisti lagður fyrir íbúa í símakönnun. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um hvaða áhrif ferðamennska og uppbygging ferðaþjónustu hefur á samfélag heimamanna á svæðunum þremur. Niðurstöðurnar benda til þess að viðhorf til samfélagslegra áhrifa ferðaþjónustu séu mismunandi frá einum stað til annars. Þannig séu viðhorf til ferðaþjónustu ekki endilega mótuð af grunnþáttum, s.s. menntun, kyni, stöðu o.s.frv., heldur kunna aðrir þættir að vera ráðandi sem mikilvægt er að skoða frekar.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir
Arnar Þór Jóhannesson
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

# Fjölmiðlar og ferðaþjónusta

Innihaldsgreining á umfjöllun netmiðla um íslenska ferðaþjónustu. Íslensk ferðaþjónusta hefur á undanförnum árum aukið vægi sitt í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Samhliða vaxandi umfangi greinarinnar vex umtal um hana, og mikilvægt er að skilja hvað fjallað er um og dregið er fram þegar talað er um ferðaþjónustu. Í erindinu verða kynntar forsendur og markmið, sem og fyrstu niðurstöður yfirstandandi rannsóknar á umfjöllun íslenskra netfréttamiðla um þjónustugreinina. Tekið verður mið af kenningum um upplýsingavægi og –skyldu fjölmiðla, auk þess sem skoðað verður hvort greina megi áhrif svokallaðra innrömmunaráhrifa við fréttaflutning um íslensk ferðamál. Við greiningu gagna er horft til þess hvort, og þá hvernig vöxtur ferðaþjónustunnar endurspeglast í umfjöllun íslenskra netmiðla á tímabilinu 2010-2016. Samhliða er rýnt í hvort og þá hvernig aðalefni frétta tengist ferðamálum; hvernig fjallað er um íslenska og erlenda ferðamenn; hvort áhersla er lögð á orðnar eða þarfar aðgerðir stjórnvalda eða annarra aðila, og hverjir helstu viðmælendur miðlanna eru, auk þess sem notkun mynda verður til skoðunar.

Þórný Barðadóttir

# Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum

Hinn öri vöxtur ferðaþjónustunnar á Íslandi hefur haft samfélagsleg, jafnt sem efnahagsleg áhrif, í byggðum landsins. Í þessu erindi eru kynntar niðurstöður greiningar á svæðisbundnum efnahagsáhrifum ferðaþjónustu, og hvaða gögn það eru sem geta legið slíkri greiningu til grundvallar. Rannsóknin var unnin á árunum 2012-2015, og var samstarfsverkefni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík, og Þekkingarnets Þingeyinga. Markmið verkefnisins er að leggja mat á svæðisbundin efnahagsleg áhrif atvinnugreinarinnar, með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga, en slík greining hefur ekki verið unnin með sama hætti hérlendis áður. Niðurstöðurnar byggja á viðtölum við ferðaþjónustuaðila í Þingeyjarsýslum, sem og ferðavenjukönnunum meðal erlendra ferðamanna á sama svæði. Umfangi atvinnugreinarinnar í Þingeyjarsýslum er lýst þar sem velta og þjónustukaup ferðaþjónustufyrirtækja innan svæðisins eru metin. Einnig er fjallað um fjölda ársverka í atvinnugreininni, launaveltu, og stöðugildi sumar og vetur. Þróun á fjölda ferðamanna til svæðisins og gistinóttum er einnig lýst, sem og greiningu á búsetulandi gesta.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir

# Landsmót hestamanna sem viðburður: Heildstæð viðburðarrannsókn

Viðburðastjórnun er tiltölulega nýlegt fræðasvið. Þrátt fyrir þann mikla fjölda viðburða, s.s. íþróttamóta og hátíða, sem haldnir eru árlega hér á landi, hefur lítið verið um heildstæðar rannsóknir á slíkum viðburðum hér á landi. Landsmót hestamanna er dæmi um viðburð sem dregur til sín fjölda innlendra og erlendra gesta. Hefur fjöldi gesta á þessum stærsta viðburði hestamanna hérlendis verið allt að 12.000, en mótið er haldið annað hvert ár. Árið 2016 fór mótið fram á Hólum í Hjaltadal, sem er nýr landsmótsstaður, ef frá er talið að þar var haldið landsmót hestamanna árið 1966. Í tengslum við þennan viðburð var myndaður rannsóknahópur sem samanstendur af tíu innlendum og erlendum rannsakendum sem rýna í viðburðinn frá mismunandi sjónarhornum. Markmið rannsóknarinnar er að auka þekkingu á Landsmóti hestamanna sem viðburði, og á viðburðahaldi á Íslandi, mikilvægi þess og áhrifum. Beitt var blöndu af eigindlegum og megindlegum aðferðum til að nálgast upplýsingar um efnahagslegt mikilvægi viðburðarins, væntingar og upplifun heimamanna, ræktenda og annarra gesta, þátt sjálfboðaliða í viðburðinum, mikilvægi viðburðarins fyrir markaðssetningu, og ímynd svæðisins og fleira sem lýtur að þróun viðburðarins. Í erindinu verður fjallað um rannsóknina í heild sinni og niðurstöður úr rannsókn á viðhorfum og upplifun heimamanna kynntar sérstaklega.

Ingibjörg Sigurðardóttir

# On shore vs. on board: Market segmentation of cruise passengers and marketing of local products and services to them

Á Íslandi hefur ferðaiðnaðurinn stækkað mjög mikið undanfarin ár. Komur skemmtiferðaskipa hafa jafnframt aukist mjög mikið, þar sem Ísland verður æ vinsælli áfangastaður farþega skemmtiferðaskipa. Þrátt fyrir að nokkrar rannsóknir hafi verið gerðar, er eins og þær nái ekki yfir öll mikilvægustu atriðin. Megin markmið þessarar rannsóknar er að bæta úr með því að skoða markaðshlutun farþega skemmtiferðaskipa sem koma til Íslands og hvers konar markaðssetningu er beint að þeim. Í rannsókninni var notuð eigindleg aðferð. Tekin voru einstaklingsviðtöl við 10 einstaklinga frá fyrirtækjum sem eiga í samskiptum við farþega skemmtaferðaskipa reglulega. Stefnt var að því að fá skilning á því hvernig þessir einstaklingar upplifa mismun á milli farþega skemmtiferðaskipa. Einnig að komast að því hvaða markaðssetning varnings og þjónustu til ferðamanna væri best að þeirra mati. Megin niðurstöður voru að viðmælendur verða varir við mestan mun farþega eftir þjóðerni, skipi (stærð og tegund), og eftir því hvaða hluta árs farþegar koma. Hvað varðar markaðssetningu sem beint er að farþegum skemmtiferðaskipa, er hún nánast einvörðungu á veraldarvefnum. Góð vefsíða, leitavélarbestun og orðspor fyrirtækis eru helstu aðferðirnar. Gildi þessara niðurstaðna felst í því að safna vitneskju um hver viðskiptavinurinn er, hvernig eru þeir ólíkir innbyrðis, hvers þeir vænta, og hvernig er best að nálgast þá. Með því að svara þessum spurningum verður auðveldara að færa farþegum skemmtiferðaskipa betri gæði á þjónustu og vöru.

Iryna Charnyk
Gunnar Óskarsson

# Viking Futures: Panama Papers, Pirates, and the Fates of Utopia in Iceland

Similar to the 2008 banking crash in Iceland, the Panama Papers offshore banking revelations in April 2016 spurned mass protests and debate about what it means to be Icelandic and Icelandic sovereignty. Icelanders often created a dichotomy of, on the one hand, the future of Iceland's role in global capitalism and on the other, the construction of Icelandic moral selves. The Prime Minster resigned, support of Iceland's Pirate Party rose to fourty percent and a new generation of protesters formed an informal committee that used Occupy Movement tactics for actions centered on moral value. However, interestingly, in both 2008 and 2016, those in power leading up to the crises as well as those critical of 'immoral' economic practices used the very same execptional stories of Iceland's past to imagine a "New Iceland". These viking futures forcasted Iceland as both utopic city-state and its citizens as members of a global pirate rebellion. Based on twelve months of ethnographic reseach and video documentary all over Iceland this paper argues that 1) these antipodal groups, often connected in intersecting relations and geographies, used place-based storytelling to construct value amid ongoing crises, 2) that their practices show that terms taken-for-granted in modern economic and political scholarship do not always obtain in Icelandic contexts and 3) that value in Iceland is influenced by cosmologies and temporalities rooted in a cultural notion of fate and history that need to be taken seriously in studies of Iceland's economy.

Jen K. Hughes

# Panamamótmælin: Hve margir tóku þátt og af hverju?

Fjöldamótmælin sem brutust út á Austurvelli og víðar í apríl síðastliðnum, daginn eftir umfjöllun Kastljóss um Wintris málið og Panamalekann, eru einn stærsti einstaki mótmælaviðburður sem fram hefur farið hérlendis. Mótmælabylgjan sem fylgdi í kjölfarið er einstök líka að því leyti að mótmæli fóru fram nánast daglega í þrjár vikur. Í erindinu er fjölþætt gagnaöflun (spurningalistagögn og viðtalsgögn) notuð til þess að skoða þátttöku almennings í þessum mótmælum. Könnunargögn verða notuð til þess að meta hlutfallslega þátttöku almennings í mótmælunum, og til þess að kanna hvernig mótmælaþátttaka tengist félags- og efnahagslegum einkennum, stjórnmálaviðhorfum og kosningahegðun. Enn fremur verður „áhrifamáttur“ Kastljósþáttarins metinn með því að skoða hvort áhorf á þáttinn tengist mótmælaþátttöku, að teknu tilliti til stjórnmálaviðhorfa, kosningahegðunar, og félags- og efnahagslegra þátta. Loks verða opnar spurningar og eigindleg vettvangsviðtöl notuð til þess að skoða huglæg markmið („ástæður“) mótmælenda. Rætt verður hvernig niðurstöður úr þessari rannsókn hjálpa okkur að túlka þessa markverðu atburði úr samtíma okkar.

Jón Gunnar Bernburg

# Bananar og Bónusfánar: Pólitískt háð og skop

Rannsóknir á húmor og íroníu sýna að pólitískt háð er ólíkt eftir því hverjir beita því, og í hvaða aðstæðum og samhengi því er beitt. Skop getur þannig birst sem öflugt tæki mótmælenda, í stjórnmálabaráttu reyndra stjórnmálamanna, eða jafnvel í viðleitni fólks til að vinna úr erfiðri reynslu. Út frá aðferðum þjóðfræðinnar verður hér fjallað um það hvað einkennir pólitísk háð og skop, innlent sem erlent, og hvaða heimsmynd megi greina í því. Í því samhengi má horfa til alþýðuhefða og ímynda tengdum „þjóðmenningu", en ekki síður þverþjóðlegra samskipta og átaka. Rýnt verður í ólíkar hugmyndir um íronískar afstöður og athafnir, t.d. þegar einstaklingar og jafnvel menningarhópar bregðast við ólíkindum í heimsmynd sinni og orðræðu. Fjallað verður um rannsóknir og viðburði á tímum íslenskrar útrásar, eftirhrunsára og norðurslóðasóknar, svo sem uppljóstranir Panama-skjalanna, forsetakosningarnar 2016, og aðdraganda þingkosninga sama ár. Kynntar verða niðurstöður sem gefa meðal annars gefa til kynna að hversdagsrof, til dæmis í formi bankakrísu eða pólitísks hneyklis á alþjóðavísu, kallar fram háð sem „kveikir á", eða virkjar hugmyndakerfi og ímyndir sem annars eru óvirk í hversdagsmenningu okkar.

Kristinn Schram

# Saga Bandalags æskulýðsfélaga í Reykjavík BÆR

Tillögur um byggingu æskulýðshallar í Reykjavík komu fram árið 1942. Í kjölfar þessara tillagna var Bandalag æskulýðsfélaga í Reykjavík (BÆR) stofnað í þeim tilgangi að verða burðarás í byggingu og síðar rekstri æskulýðshallarinnar. Markmið þessara rannsóknar er að skýra og leita svara við því hvers vegna BÆR varð aldrei það afl sem til stóð? Nú nýverið komu fram i dagsljósið ýmis frumgögn varðandi starfsemi BÆR, s.s. fundargerðarbækur o.fl., sem gefa góða mynd af starfseminni og innra starfi bandalagsins, ekki síst hverning BÆR þróaðist, og skýrir að miklu leyti hvers vegna æskulýðshöllin, sem rísa átti á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar, varð aldrei að veruleika. Rannsóknin byggir á greiningu þessara gagna. Í þessu erindi fer undirritaður yfir sögu BÆR í stórum dráttum, allt frá því er fyrstu hugmyndir um æskulýðshöllina komu fram árið 1942, og til þess tíma er BÆR lognaðist út af tæpum þremur áratugum síðar. Höfundur veltir fyrir sér hlutverki og þýðingu BÆR varðandi uppbyggingu æskulýðsstarfs í Reykjavík, og hvers vegna BÆR varð aldrei það afl sem til stóð. Helstu niðurstöður eru þær að takmarkað fjármagn, og innri átök um forgangsröðun varðandi uppbyggingu æskulýðshallarinnar, hafi valdið því að BÆR varð aldrei það afl sem efni stóðu til.

Árni Guðmundsson

# Íslenska lopapeysan

Megintilgangur rannsóknarinnar er að rannsaka uppruna og sögu íslensku lopapeysunnar. Íslenska lopapeysan hefur fest sig í sessi sem eitt af okkar helstu þjóðareinkennum, og því tímabært að skoða uppruna hennar í ljósi þeirra sem eru enn á meðal okkar, og eru til frásagnar um mótun og þróun hennar. Lopapeysan hefur marga snertifleti og því var í rannsókninni lögð sérstök áhersla á að skoða þróunina í heild þar sem margir áhrifavaldar koma við sögu. Rannsóknin er byggð á frumheimildum í formi viðtala við fjölmarga einstaklinga og gagna úr rituðum heimildum, bréfasöfnum, ljósmyndum og safnmunum. Útbúnar voru tímalínur með myndum yfir sögu lopapeysunnar, meðal annars þróun munstursins, auglýsingar í blöðum, myndir úr bæklingum og prjónauppskriftum, verk prjónakvenna og prjónahönnuða, ljósmyndir af fólki í lopapeysum frá söfnum og einstaklingum, eldri peysum sem varðveittar eru á söfnum, auk innlendra og erlendra áhrifavalda. Tímalínurnar voru síðan bornar saman og sameinaðar í eina heild. Í rannsókninni er þáttur íslenskra prjónakvenna gerð sérstök skil, en það voru þær sem nýttu sér lopann, útfærðu fjölbreytt munstur, auk þess sem þær þróuðu hraðvirkt prjón. Án þessa, auk fjölmargra annarra þátta sem rannsóknin nær yfir, hefði vöruheitið „Íslensk lopapeysa“ ekki orðið til. En það var upphafið að ævintýralegri atburðarrás þegar íslensk ullarframleiðsla varð að stórfelldum útflutningsiðnaði sem þykir vera eitt af merkustu afrekum íslensku þjóðarinnar.

Ásdís Jóelsdóttir

# Heilagur Ambrósíus kirkjufaðir, biskup og stjórnmálamaður

Ambrósíus (340-397) er einn af helstu kirkjufeðrum vesturkirkjunnar og segja má að hann hafi lagt hugmyndagrundvöllinn að þróun kirkjunnar og stöðu hennar gagnvart ríkisvaldinu. Hann er þekktur fyrir það að vera andlegur faðir Ágústínusar kirkjuföður, en sá síðarnefndi getur um hann í Játningum sínum sem hafa komið út á íslensku. Stjórnkænska Ambrósíusar, og hæfileiki til að fá fólk á sitt band, gerði það að verkum að kristnir í Milanó kölluðu hann til biskups þótt hann væri enn óskírður. Það varð til þess að hann tók skírn og með blessun páfa var hann prestsvígur um leið. Viku seinna tók hann svo biskupsvígslu. Ambrósíus var vel menntaður lögfræðingur og beitti stjórnkænsku sinni til þess að byggja upp rómversk kaþólsku kirkjuna.

Pétur Pétursson

# Enn um málvöndun á miðöldum

Í afmælisgrein sem helguð er Indriða Gíslasyni sjötugum skrifar Sverrir Tómasson um málvöndunarviðleitni manna á Íslandi á miðöldum eins og hún birtist í nokkrum ritum; Íslenskri hómilíubók, norræna Elucidarius og í Fyrstu og Þriðju málfræðiritgerðunum. Sverrir ræðir mest um málvöndun í Þriðju málfræðiritgerðinni, enda efni hennar á mörkum málfræði og stílfræði, en það eru greinar sem málvöndun tengist sterkum böndum. Markmið þessa erindis (og fræðigreinar um sama efni sem bíður birtingar) er fyrst og fremst að endurskoða greiningu Sverris og mögulega að bæta einhverju við hana. Höfundur tekst tvennt á hendur í erindinu: annars vegar rekur hann, og greinir fleiri dæmi um málvöndun á miðöldum, og hins vegar setur hann málvöndunariðkun Íslendinga fyrri alda í samhengi við evrópskan lærdóm. Horft verður til sambærilegra fyrirbæra meðal þjóða í Suður-Evrópu, t.d. meðal Ítala, og í Norður-Evrópu, t.a.m. meðal Þjóðverja og Dana. Að lokum verður þess freistað að skilgreina betur en áður stöðu og gildi málvöndunar miðaldamanna.

Matteo Tarsi

# Hlutdeild íslenskra háskóla í menntun þjóðarinnar

Fram til ársins 1911 var háskóli Íslands í Kaupmannahöfn, en með stofnun háskólans í Reykjavík gjörbreyttust möguleikar til háskólanáms innanlands. Fram undir lok níunda áratugar síðustu aldar var aðeins hægt að stunda háskólanám í Reykjavík og nágrenni hennar. Með stofnun Háskólans á Akureyri árið 1987, og þeirri ákvörðun að færa Samvinnuskólans á Bifröst á háskólastig árið 1988, sköpuðust nýir möguleikar á staðarnámi og fljótlega fjarnámi um land allt. Undir lok aldarinnar var Landbúnaðarháskólinn færður á háskólastig og Búnaðarskóinn á Hólum fékk heimild til að starfa sem háskólastofnun árið 2003. Háskólasetur Vestfjarða tók til starfa árið 2006, og Keilir var stofnaður í Keflavík 2007. Auk þess starfrækti Háskóli Íslands íþróttanám á Laugarvatni til ársins 2016, og ýmis rannsókna- og fræðslusetur eru starfrækt um land allt. Mikill munur er þó á hlutfalli háskólamenntaðra íbúa eftir landshlutum. Samkvæmt manntali Hagstofu Íslands árið 2011 er 39% ibúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 25-64 ára með háskólapróf samanborið við 31% íbúa Akureyrar á þessum aldri, og 21% íbúa annarra landshluta. Í þessari rannsókn er hlutdeild íslenskra háskóla í háskólamenntun einstakra landshluta metin á grundvelli opinberra gagna og könnunar meðal almennings um land allt.

Þóroddur Bjarnason
Kolbrún Ósk Baldursdóttir

# Háskóli Íslands og búseta fyrir og eftir háskólanám

Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að háskólastofnanir hafa mikil áhrif á búsetuþróun þar sem þær laða að ungt fólk til náms, og unga fólkið hefur tilhneigingu til að búa áfram á þeim svæðum sem það stundaði nám. Mikill munur er á hlutfalli háskólamenntaðra íbúa eftir landshlutum. Samkvæmt manntali Hagstofu Íslands árið 2011 er 39% ibúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 25-64 ára með háskólapróf, samanborið við 31% íbúa Akureyrar á þessum aldri, og 21% íbúa annarra landshluta. Í þessari rannsókn eru áhrif Háskóla Íslands á búsetu fyrir og eftir háskólanám metin á grundvelli gagna frá nemendaskrá HÍ og könnunar meðal almennings um land allt. Fjallað verður um það hvaðan nemendur koma til náms við Háskóla Íslands og hvað þeir búa að námi loknu. Litið verður til ólíkra fræðasviða í því sambandi, og hvort sama búsetumynstur birtist hjá körlum og konum. Niðurstöður leiða í ljós að HÍ hefur mikið aðdráttarafl fyrir nemendur alls staðar af landinu og flestir þeirra dvelja á höfuborgarsvæðinu að námi loknu.

Ingi Rúnar Eðvarðsson

# Samfélagsleg áhrif háskólastarfs á Norðurlandi

Háskólar hafa víðtæk áhrif á samfélög, siðferðislega, félagslega og efnahagslega. Háskólastarf hefur stóraukist á Íslandi á undanförnum árum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þekking okkar á þessari þróun og áhrifum hennar er aftur á móti brotakennd. Í þessari rannsókn eru áhrif Háskólans á Akureyri og Háskólans á Hólum á búsetu fyrir og eftir háskólanám metin á grundvelli opinberra gagna og könnunar meðal almennings um land allt. Niðurstöður verða ræddar í ljósi þeirra fræðigreina sem um ræðir, uppbyggingar og stefnu skólanna, sem og tengsla þeirra og starfsemi í nærsamfélaginu.

Skúli Skúlason
Þóroddur Bjarnason
Bjarni K. Kristjánsson

# Svæðisbundin áhrif háskóla á Vesturlandi

Á Vesturlandi eru starfandi tveir háskólar í dreifbýli, Háskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Næsti þéttbýliskjarni við þess tvo háskóla er Borgarnes þar sem búa um 1850 manns. Aðrir þéttbýliskjarnar á Vesturlandi eru í 100 kílómetra fjarlægð eða meira frá þessum skólum. Þéttbýliskjarnarnir eru litlir og dreifðir, atvinnulífið oft einsleitt og tiltölulega fá atvinnutækifæri á þessum stöðum. Það er við því að búast að áhrif búsetu nemenda eftir nám í Háskólum Vesturlands mælist minni í tölulegum gögnum en t.d. fyrir Háskólann á Akureyri þar sem fyrir er þéttbýliskjarni með flestum innviðum samfélagsins. Við þetta bætist að menntun Landbúnaðarháskólans, samkvæmt eðli sínu, er miðuð við starfsemi í dreifbýli á öllu Íslandi, og að um það bil 80% af nemendum Háskólans á Bifröst eru fjarnemar sem koma frá öllum landshlutum. Hlutverk háskólanna innan nærsamfélagsins er hins vegar margþætt, og sumt er erfitt að mæla tölulega. Í þessari rannsókn verða áhrif háskólanna á Vesturlandi metin á grundvelli opinberra gagna og könnunar meðal almennings. Ennfremur verður metin bein fjárhagsleg áhrif af veru háskólanna á nærsamfélagið ásamt menntunarstigi á viðkomandi svæði. Niðurstöðurnar verða ræddar í ljósi fræðilegrar umfjöllunar á þessu sviði, ásamt stefnu skólanna og almennrar pólitískrar umræðu.

Ingólfur Arnarson
Þóroddur Bjarnason

# Tengslanet nemenda og brottfall úr námi

Brottfall nemenda úr háskólanámi hefur verið rakið bæði til akademískra þátta og félagslegra þátta, svo sem hversu vel nemendur falla í hópinn. Hér eru tengslanet nemenda í háskólanámi til rannóknar, sér í lagi hvort fylgni sé milli tiltekinna eiginleika tengslaneta annars vegar, og námsárangurs og brottfalls hins vegar. Markmið rannsóknarinnar er að skilja betur möguleg áhrif tengslaneta nemenda á brottfall úr námi. Gögnum um tengslanet nemenda var safnað kerfisbundið á rafrænan hátt frá nemendum í skyldunámskeiði á fyrsta ári við íslenskan háskóla og er það í fyrsta skipti sem gögnum á þessu formi hefur verið safnað um nemendur á Íslandi. Tölfræðileg greining gagnanna leiddi í ljós að jákvæð fylgni er milli fjölda tengsla sem nemendur hafa við aðra nemendur í námskeiðinu og þeirrar einkunnar sem nemendur fá. Brottfall úr námi minnkar einnig eftir því sem nemendur hafa stærra tengslanet, jafnvel að teknu tilliti til einkunnar. Þó er á því sú undantekning að tengsl við aðra nemendur sem hætta í námi auka líkurnar á brottfalli. Einnig kom í ljós að nemendur sem segjast hafa meiri metnað fyrir náminu eru ólíklegri til að hætta í námi, sem og að brottfall er meira meðal eldri nemenda en yngri nemenda. Niðurstöðurnar varpa ljósi á mikilvæga félagslega þætti sem tengjast brottfalli úr háskólanámi og kunna að nýtast við að skipuleggja uppbyggingu náms þannig að nemendur séu líklegri til að ljúka námi.

Magnús Þór Torfason
Margrét Sigrún Sigurðardóttir

# Skiptir kyn hæstaréttardómara máli?

Ein af forsendum réttarríkisins er sú að unnt sé komast að niðurstöðu um lög án mats eða geðþótta. Með því að dómendur skulu í embættisverkum sínum fara „einungis eftir lögunum" á að vera tryggt að úrlausn um réttindi og skyldur borgaranna, svo og hvers kyns refsingu, ráðist af hlutlægum og fyrirsjáanlegum viðmiðum. En jafnvel þótt fallist sé á að lögin geti að mestu staðið undir þessum væntingum hljóta að koma upp tilvik þar sem lögin þarfnast nánari túlkunar og þar koma dómstólar til skjalanna. Dómstörf eru því í eðli sínu matskennd og gildismat dómarans hlýtur að skipta máli. Þjóðernisuppruni, uppeldi og menntun, trú, samfélagsleg staða, o.s.frv. eru atriði sem jafnan eru talin hafa áhrif á viðhorf okkar til þess sem við teljum skipta máli. Og líffræðilegt kyn okkar er vafalaust eitt slíkt atriði, a.m.k. þegar kemur að ákveðnum atriðum. Ein af meginskyldum dómarans er að horfast í augu við takmarkaðan reynsluheim sinn og hefja sig upp yfir eigið gildismat. Í þessu sambandi er hjálplegt að dómarahópurinn sé ekki of einsleitur, að í honum séu einstaklingar með mismunandi bakgrunn og lífsviðhorf, meðal annars þannig að hlutföll kvenna og karla séu í jafnvægi. Hér er Hæstiréttur ekki undanskilinn. Sé svo ekki er eðlilegt að orsakir séu rannsakaðar og gripið sé til ráðstafana sem þó verða að taka tillit til annarra markmiða dómskerfisins og grunnreglna sem um það gilda.

Skúli Magnússon

# Af hverju eru svona margir karlar í Hæstarétti?

Á undanförnum 30 árum hefur kynjahlutfall útskrifaðra lögfræðinga verið nokkuð jafnt. Kynjahlutfall meðal dómara við Hæstarétt Íslands endurspeglar þó engan veginn þennan raunveruleika þar sem hlutfall karla í hópi hæstaréttardómara er nú 90%. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu atvinnurekendur sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar, og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Við skipun í starf hæstaréttardómara fer fram mat á hæfni umsækjenda af hálfu dómnefndar. Við skipun dómara við Hæstarétt árið 2015 var nefndin eingöngu skipuð körlum þar sem tilnefningaraðilar neituðu að tilnefna bæði konu og karl í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008. Þessari rannsókn er ætlað að varpa ljósi á hvort finna megi í dómnefndarálitum skýringu þess að karlar eru almennt skipaðir í störf hæstaréttardómara. Skoðað verður hvaða þættir liggja til grundvallar við mat á hæfni umsækjenda til að gegna starfi hæstaréttardómara og hvort greina megi áhrif kynferðis í starfi dómnefndarinnar.

Brynhildur G. Flóvenz

# Skiptir kyn máli og hvernig er hægt að virkja forgangsreglu jafnréttislaga við skipun dómara við Hæstarétt Íslands?

Árið 2016 eru 10% af skipuðum dómurum við Hæstarétt Íslands konur, sem er með því lægsta sem þekkist við æðstu dómstóla í ríkjum Evrópu. Samkvæmt stjórnarskránni skulu dómarar í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum, en þessari rannsókn er ætlað að svara þeirri spurningu hvort kyn eigi samt sem áður að skipta máli við skipun dómara í Hæstarétt Íslands. Kannað verður hvaða ljósi kenningar um hina lagalegu aðferð varpa á það hvort dómarar hafi í reynd áhrif á mótun réttarheimilda með túlkun sinni og hvort einstaklingsbundnir þættir hafi þar áhrif. Gerð verður gerð grein fyrir rannsóknum á viðhorfum dómara og annarra fagaðila til þeirrar spurningar hvort kyn dómara skipti þar máli og fjallað um nokkur dæmi af sviði kynferðisbrotamála. Eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að slá því föstu með ótvíræðum hætti að konur dæmi á annan hátt en karlar, en að önnur mikilvæg sjónarmið hnígi að því að jafna beri kynjahlutföll við Hæstarétt Íslands, verður gerð grein fyrir forgangsreglu jafnréttislaga og leitað svara við þeirri spurningu hvað þurfi til að koma til þess að hún hafi tilætluð áhrif á þessu sviði.

Inga Valgerður Stefánsdóttir
Oddný Mjöll Arnardóttir

# Áhrif kynferðis dómara á atkvæðagreiðslur þeirra: Yfirlit yfir rannsóknir

Kynferði hefur verið talið hafa áhrif á hvernig dómarar leysa úr dómsmálum, bæði í almennri umræðu og fræðum. Byrjað verður á því að gera stuttlega grein fyrir kenningu Carol Gilligan (1982), en algengt er að hún sé í forgrunni rannsókna á því hvort kynferði dómara hafi áhrif á atkvæðagreiðslur/úrlausn þeirra. Næst verður gert grein fyrir niðurstöðum helstu rannsókna erlendis á því hvort kynferði dómara hafi áhrif. Niðurstöðum er gróflega skipt niður í málaflokka. Margar rannsóknir sýna að kynferði dómara hafi áhrif á hvernig þeir leysa úr málum en dæmi eru um hið öfuga. Til að varpa nánar ljósi á hvernig stendur á því verður fjallað stuttlega um rannsóknir þar sem viðfangsefnið hefur verið skoðað í ljósi markfjöldakenningarinnar (*critical mass theory*). Rætt verðum um mögulega aðferðafræðilega og fræðilega vankanta rannsóknanna og settar verða fram tillögur til úrbóta fyrir frekari rannsóknir. Loks verða niðurstöður ræddar í ljósi rannsókna á viðhorfum dómara til þess hvort kynferði hafi áhrif.

Daði Heiðar Kristinsson

# Landsskipulagsstefna, grundvöllur, hlutverk og skuldbindingargildi

Lagagrundvöll landsskipulagsstefnu er að finna í 10.-11. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og eru ákvæðin nýmæli. Samkvæmt skipulagslögum er landsskipulagsstefna samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til tólf ára sem umhverfis- og auðlindaráðherra lætur vinna og leggur fyrir Alþingi. Í stefnunni eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landsnotkun með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Hinn 16. mars 2016 samþykkti Alþingi fyrstu landsskipulagsstefnuna, sbr. þingsályktun nr. 19/145 um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Nýsamþykkt landsskipulagsstefna inniheldur fjórar sjálfstæðar skipulagsstefnur. Í fyrst lagi stefnu um skipulag á miðhálendi Íslands, í öðru lagi stefnu um skipulag í dreifbýli. Í þriðja lagi stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Loks, í fjórða lagi, stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum. Í málstofunni verður gerð grein fyrir grundvelli, hlutverki og skuldbindingargildi landsskipulagsstefnu með áherslu á efnislegt og landfræðilegt gildissvið hennar, áhrif á heimildir sveitarstjórna í skipulagsmálum, og samspil landsskipulagsstefnu við tiltekin lagaákvæði sérlaga. Samkvæmt skipulagslögum er lágmarksinnihald landsskipulagsstefnu stefna um skipulagsmál á miðhálendi Íslands, og bar að fella niður svæðisskipulag miðhálendis Íslands við samþykkt þingsályktunar um landsskipulagsstefnu. Það hefur það verið gert, sbr. auglýsingu nr. 335/2016 í B-deild Stjórnartíðinda frá 7. apríl 2016. Samkvæmt framansögðu hefur orðið ákveðin grundvallarbreyting á skipulagsmálum miðhálendisins og verður sérstaklega fjallað um þær.

Aðalheiður Jóhannsdóttir

# Er heimild sveitarstjórna til breytinga á deiliskipulagi takmörkuð?

Skipulagslög nr. 123/2010 byggja á þeirri grundvallarreglu að allt land sé skipulagsskylt og allar framkvæmdir verði að vera í samræmi við skipulag, svo sem ráð má af a-lið 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna. Setur það öllum framkvæmdum ákveðnar skorður og tiltekinn ramma. Víða í lögunum er mælt fyrir um heimildir sveitarstjórna til að breyta skipulagsáætlunum, þar með talið deiliskipulagi, svo sem í 43. gr. laganna. Í lögunum er jafnframt mælt fyrir um bótaskyldu sveitarstjórna vegna breytinga á skipulag, þar með talið deiliskipulagi sbr. 51. gr. laganna. Hvergi í skipulagslögum nr. 123/2010 eru með beinum hætti reistar skorður eða takmarkanir á heimild sveitarstjórna til breytinga á deiliskipulagsáætlunum. Fjöldi auglýstra tillagna um breytingar á deiliskipulagi benda til þess að breytingar á deiliskipulagsáætlunum séu nokkuð algengar. Sú spurning hefur vaknað hvort heimild sveitarstjórna til breytinga á deiliskipulagsáætlunum sé ótakmörkuð eða hvort hún takmarkist á einhvern hátt? Við leit að svari við framangreindu álitaefni verður farið yfir ákvæði laganna sjálfra og reynt að draga fram þau sjónarmið sem óbeint koma fram í lögunum og varða álitaefnið. Þá verða rakin helstu álit Umboðsmanns Alþingis, úrskurðir úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, úrskurðarnefndar um umhverfis og auðlindamál, og dómar þar sem vísbendingar er að finna um framangreint álitaefni.

Ívar Pálsson

# Sérstök og veruleg skerðing á verðmæti fasteignar í skilningi 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 22. gr. laga nr. 59/2014

Í 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 22. gr. laga nr. 59/2014, er mælt fyrir um bótarétt fasteignaeigenda og eftir atvikum annarra rétthafa vegna tjóns sem leiðir af skipulagsáætlunum eða breytingum á þeim. Ákvæðið tók nýlega breytingum og hefur hvorki verið fjallað um það í fræðiskrifum né á það reynt fyrir dómstólum. Þrátt fyrir takmarkaða réttarframkvæmd byggir ákvæðið á gömlum merg, og á margt sammerkt með bótaákvæðum eldri skipulagslaga, svo sem því mikilvæga skilyrði fyrir bótaskyldu að skipulag, eða breyting á skipulagi hafi valdið verulegri og sérstakri skerðingu á verðmæti fasteignar, en sönnunarbyrði um að skilyrði þetta sé uppfyllt er lögð á meintan tjónþola. Tilætlun þessa framlags er að varpa ljósi á hvenær skerðing á verðmæti fasteignar telst sérstök og veruleg í skilningi ákvæðisins. Í því skyni verður fyrst og fremst litið til dómaframkvæmdar og skilnings fræðimanna á eldri bótaákvæðum skipulagslaga. Einnig verður sérstaklega tekið til skoðunar hvort 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga áskilji að einungis skuli bæta eignarskerðingar sem eru þess eðlis að þeim yrði jafnað til eignarnáms í skilningi eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Jörgen Már Ágústsson
Helgi Áss Grétarsson

# Stopull starfsframi: Um starfsframa maka íslenskra sendierindreka

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna afstöðu maka íslenskra sendierindreka til starfsframa síns og hvernig starf innan utanríkisþjónustu hefur áhrif þar á. Gerð var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við átta einstaklinga, sem allir deildu þeirri lífsreynslu að vera giftir flutningsskyldum starfsmönnum í utanríkisráðuneyti Íslands, og að hafa flutt búferlum vegna þess starfs. Var tilgangurinn að heyra afstöðu þeirra til eigin starfsframa, og hvort þeim hefði tekist að viðhalda honum í ljósi allra þeirra áskorana sem fylgja tíðum búferlaflutningum. Niðurstöðurnar sýndu að makarnir höfðu fremur jákvæða afstöðu til starfsframa síns á þeim tíma er viðtölin voru tekin. Hins vegar mátti merkja ugg vegna framtíðarinnar, og þeirra áhrifa sem tíðir flutningar geta haft á starfsframa þeirra og möguleika á atvinnuþátttöku. Einnig kom í ljós að stuðningi við maka og fjölskyldur flutningsskyldra starfsmanna er verulega ábótavant.

Berglind L. Ingadóttir
Svala Guðmundsdóttir

# Getting past the hurdle of foreignness

The purpose of this study is to look at how foreign applicants are viewed in the hiring process of financial and insurance companies in Iceland. Previous research on prejudice in Iceland has shown a weak position of foreign specialists in the Icelandic labour market, stressing the need for analysing more closely different manifestations of their weak position, and how it relates to the highly gendered job market in Iceland. This paper looks at the hiring process of foreigners using qualitative interviews and the think aloud process. Curriculum vitae for seven applicants were composed for a fictional job description. Eight human resource managers were asked to review the applications while thinking aloud. The findings show that experiences the human resource managers can relate to, either from their personal life or professionally, seems to lessen the foreignness of the applicant. While aspects that counter what the interviewees perceived as important in Icelandic culture, such as gender equality where treated with suspicion. The findings indicate, that public policy supporting foreigners in the first steps on the Icelandic labour market, might help them gain experience Icelandic human resource managers can relate to and thus get them past the hurdle of foreignness.

Margrét Sigrún Sigurðardóttir
Kristín Loftsdóttir
Kári Kristinsson

# Fagstétt þroskaþjálfa á breytingatímum: Hlutverk og starfsþróun á vinnustað

Í nýlegri skýrslu starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands kemur fram mikilvægi þess að auka samstarf og stuðning við fagstéttir sem brautskráðar eru af sviðinu. Þá er dregið fram að þörf sé á markvissri stefnu byggðri á þarfagreiningu. Þetta samræmist niðurstöðum nýlegra rannsókna og kannana er lúta að störfum þroskaþjálfa. Þar er kallað eftir möguleikum til starfsþróunar í samræmi við þau hugmyndafræðilegu viðmið sem endurspegla eftirsóttan árangur í þjónustu við fatlað fólk. Rannsóknin sem hér er kynnt beinist að hlutverki og verkefnum þroskaþjálfa, helstu áhrifavöldunum í starfsumhverfi þeirra, og þeim forsendum sem hvað best stuðla að starfsþróun þeirra, og þess umhverfis sem þeir starfa í. Byggt er á félagslegu sjónarhorni mannréttinda og menningarsögulegri starfsemiskenningu (CHAT). Í þessu erindi eru kynntar niðurstöður úr spurningakönnun sem var lögð fyrir í fyrsta hluta rannsóknarinnar í því skyni að varpa ljósi á hlutverk og stafsþróunarþarfir þroskaþjálfa í tveimur ólíkum sveitarfélögum. Niðurstöðurnar sýna ríka þörf fyrir aðgengilega og hagnýta fræðslu tengda fjölbreytilegri starfsábyrgð á breiðum starfsvettvangi. Ennfremur kemur fram mikilvægi þess að samræmi sé á milli starfsþróunar fagstéttarinnar og þróunar þjónustunnar sem viðkomandi stofnun á að veita. Þýðing niðurstaðna verður skoðuð með tilliti til áframhaldandi þróunar rannsóknarinnar.

Vilborg Jóhannsdóttir
Jóna G. Ingólfsdóttir

# Þroskaþjálfar í leik- og grunnskólum: Hvað hindrar og hvað styrkir stöðu þeirra á flóknum vettvangi?

Erindið er byggt á stærri rannsókn höfunda á störfum og starfsþróun þroskaþjálfa. Í þessum hluta er sjónum beint sérstaklega að þroskaþjálfum er starfa í skóla margbreytileikans. Ísland er aðili að fjölmörgum alþjóðasamningum sem fjalla um réttindi barna, þar með talin réttindi fatlaðra barna til náms í almennum skólum í sínu heimahverfi. Þessi stefna, ásamt breyttri sýn á fötlun, eykur þörf fyrir aðkomu fleiri starfstétta innan skólans eins og sýnt hefur verið fram á í rannsóknum og skýrslum um efnið. Þetta er þó ekki einfalt í framkvæmd þar sem skólinn hefur langa sögulega hefð sem starfsvettvangur kennara og þroskaþjálfar eiga þar engan lagalegan sess. Í þessum hluta rannsóknarinnar er sjónum beint að starfsþróunarþörfum þroskaþjálfa í leik- og grunnskólum, og skoðað hvert þeir sækja stuðning og viðbótarþekkingu. Gagna var aflað með rýnihópaviðtölum við starfandi þroskaþjálfa í leik- og grunnskólum í einu sveitarfélagi. Kenningin um hringrás útvíkkaðs náms sem þróuð er innan menningar-sögulegrar starfsemiskenningar er notuð til að greina niðurstöðurnar í ljósi sögunnar, og til að skýra þær hindranir og þau tækifæri sem þroskaþjálfar innan leik- og grunnskóla standa andspænis.

Jóna G. Ingólfsdóttir
Vilborg Jóhannsdóttir

# Birtingarmyndir eineltis á íslenskum vinnustöðum

Einelti á vinnustöðum eru alvarleg og flókin mál sem geta valdið mikilli vanlíðan meðal starfsfólks. Þetta eru á meðal alvarlegustu mála á sviði vinnuverndar í samfélaginu. Þrátt fyrir það eru íslenskar rannsóknir á þessu sviði enn fáar. Í kvörtunum sem berast Vinnueftirlitinu fást mikilvægar upplýsingar um eðli þessara mála, en um 200 kvartanir hafa borist á árunum 2004-2015 til Vinnueftirlitsins. Markmið þessarar rannsóknar er að greina kvartanir vegna eineltis sem hafa borist Vinnueftirlitinu á árunum 2004-2015 með það fyrir augum að varpa ljósi á birtingarmyndir eineltis á íslenskum vinnustöðum. Rannsóknin gefur upplýsingar um það hvernig unnið er með þessi viðkvæmu mál á vinnustöðum, hvaða þættir það eru í vinnuumhverfinu sem geta ýtt undir einelti, og hvaða hegðun það er af hendi meintra geranda sem leiðir til þess að kvartað er undan einelti. Þessi rannsókn mun leiða til aukinnar þekkingar á eðli eineltismála á íslenskum vinnustöðum. Aukinn skilningur á málefninu mun nýtast til að efla forvarnir á vinnustöðum, og leiða til þekkingar um það hvernig betur megi taka á þessum viðkvæmu málum.

Helgi Dan Stefánsson
Ásta Snorradóttir
Kristinn Tómasson

# „Enginn hefur kvartað“: Könnun á reynslu, þekkingu og viðbrögðum stjórnenda varðandi einelti á vinnustað

Rannsókn sem þessi grein byggir á er tvíþætt, annars vegar rýni á fræðilegt efni og reglugerðir um einelti á vinnustað, og hins vegar viðtalskönnun með það að markmiði að kanna viðhorf stjórnenda til vinnustaðaeineltis. Lögð er áhersla á að fá fram þekkingu stjórnenda á forvörnum gegn einelti, og hvernig brugðist er við því á vinnustöðum, ásamt því að meta þörf stjórnenda fyrir stuðning og leiðbeiningar til að fyrirbyggja og takast á við einelti á vinnustað. Helstu niðurstöður benda til þess að það sé visst misræmi í skilgreiningu á einelti á milli viðmælenda sem voru stjórnendur, og því sem þolendur skilgreina sem einelti á vinnustað. Viðmælendur könnunarinnar, sem störfuðu á almenna vinnumarkaðinum, þekktu vel til viðmiða í reglugerðum sem falla undir vinnuverndarlöggjöfina. Þeir höfðu gert áhættumat starfa og forvarnaráætlun gegn einelti á sínum vinnustöðum. Þeir töldu að með skýru verklagi væri hægt að bregðast fyrr við ágreiningsmálum, auk þess sem starfsfólk léti fyrr vita ef það þekkti viðmiðin. Viðmælendur, sem störfuðu hjá sveitarfélagi, höfðu aftur á móti ekki gert slíkar áætlanir á sínum vinnustöðum. Samhljómur var um mikilvægi þess að hafa mannauðsráðgjafa á hliðarlínunni til að styðja við bakið á stjórnendum í erfiðum málum. Almenn fræðsla um samskipti og eineltismál var talin af því góða fyrir starfsfólk. Viðmælendurnir lögðu þó meiri áherslu á að fá hnitmiðað námskeið fyrir stjórnendur um einelti, orsakir og afleiðingar.

Svava Jónsdóttir
Inga Jóna Jónsdóttir

# Siðblindueinkenni íslenskra yfirmanna: Samband við óæskilega hegðun og samskipta- og stjórnunarstíl

Siðblinda er persónuleikaröskun sem lýsir sér meðal annars í ýktu sjálfsáliti, sjálfhverfu, undirferli, skorti á samkennd og eftirsjá, og tilhneigingu til að hunsa samfélagsleg gildi. Viðmót siðblindra litast af þessu og þeir nota ógnun og lævísi til að ráðskast með fólk og aðstæður. Þeir búa gjarnan yfir yfirborðsþokka, eru mælskir, metnaðarfullir, óttalausir og öruggir með sig, og eru lagnir við að líkja eftir félagslega eftirsóknarverðu atferli. Siðblindum getur reitt vel af í skipulagsheildum nútímans, sérlega þar sem áhættusækni og eiginhagsmunasemi er metin ofar öðrum gildum. Einnig virðast ýmis einkenni siðblindu gjarnan ranglega greind sem sérstakir stjórnunarhæfileikar, en algengi meðal stjórnenda virðist hærra heldur en í almennu þýði. Rannsóknir hafa sýnt fram á almenn neikvæð áhrif siðblindra einstaklinga á umhverfið, aukna óæskilega vinnuhegðun, neikvætt samskiptamynstur, og sterkt samband virðist vera á milli siðblindueinkenna yfirmanna og vinnustaðaeineltis. Markmið rannsóknar er að meta hugsanleg siðblindueinkenni íslenskra yfirmanna, og tengsl þeirra við samskipta- og stjórnunarstíl viðkomandi og óæskilega vinnuhegðun. Rannsóknin var þversniðsrannsókn þar sem þátttakendur tóku þátt í netkönnun. Frumbreyta rannsóknar var skor yfirmanns á siðblinduprófi fyrir skipulagsheildir, og fylgibreytur voru tíðni óæskilegrar vinnuhegðunar, birtingarmynd óæskilegrar vinnuhegðunar, og samskipta- og stjórnunarhæfileikar. Niðurstöður benda til að eftir því sem siðblindueinkenni yfirmanna færast í vöxt, meta undirmenn að samskipta- og stjórnunarstíll sé meinyrtari og neikvæðari. Að sama skapi virtist tíðni og umfang óæskilegrar hegðunar aukast.

Harpa Hödd Sigurðardóttir
Þórður Snorri Óskarsson

# Endurskoðunarnefnd: Starfsumhverfi og umfang endurskoðunarnefnda

Endurskoðunarnefndir hafa á síðustu árum fengið meira vægi en áður. Skv. tilskipun Evrópuráðsins frá 2014 hefur starfsumfang verið aukið til muna. Samhliða því hefur verksvið og mikilvægi þeirra aukist mjög mikið, sem og væntingar fjármagnsmarkaðarins og almennings. Endurskoðunarnefndir hafa m.a. verið settar til þess að styrkja innviði fyrirtækisins og var lögleitt 2009. Lykilatriði er að ákveðin þekking, hæfni og óhæði náist, og verði viðvarandi í endurskoðunarnefndinni, svo að markmið sem vænta má af nefndinni náist. Hagsmunaaðilar, sem og löggjafavaldið og samfélagið í heild sinni, setja mikið traust á endurskoðunarnefndir, og vænta mikils af starfi nefndarinnar. Sú þekking, sem nauðsynlegt er að hafa, tengist m.a. reikningsskilum, fjármálum, endurskoðun, ákvörðunum, verkferlum, skilvirkni, sem og markvissum stjórnunar- og eftirlitsferlum. Sjálfstæði og óhæði endurskoðunarnefndar er því mjög mikilvægt, og er i raun grundvallaratriði fyrir tilvist nefndarinnar. Endurskoðunarnefndir verða að hafa nægan tíma til umráða til að framkvæma viðfangsverkefni sín skv. lögum og tilmælum. Endurskoðunarnefnd þarf að geta unnið sjálfstætt og vera óháð gagnvart sínu nánasta umhverfi. Gerð var rannsókn 2012 um starfsumhverfi og umfang endurskoðunarnefnda. Gerð var ný og sambærileg rannsókn vorið 2016. Við þá rannsókn var bætt við nokkrum nýjum spurningum. Úrtak í ransókninni 2016 voru öll félög sem skilgreind eru sem „félög tengd almannahagsmunum“ skv. lögum nr. 79/2008. Gerð verður grein fyrir tveimur niðurstöðum; annars vegar fyrir rannsókninni 2016, og hins vegar fyrir samanburð við fyrri rannskókn frá 2012.

Einar Guðbjartsson
Jón Snorri Snorrason

# Microfinance, gender and trade-off

This presentation will contribute to the understanding of microfinance. Having women in the MFI's management will not lead to a trade-off between social performance, outreach and financial performance, sustainability. The findings are based on an original data set of 226 MFIs. Statistical analysis demonstrates a weak relationship between female managers and female loan officers vis-à-vis financial performance, but female board members do not. Knowing that female presentation in MFI´s management positions improves outreach, the trade-off between outreach and sustainability can be avoided with the appointment of females to the MFIs' management position. The same cannot be concluded for female board members.

Sigurður Guðjónsson

# „Þetta kemur bara ekkert upp í hendurnar á manni“: Upplifun kvenna í forystu í fjármálageiranum á Íslandi

Fjármálageirinn hefur alltaf þótt karllægur, en konur hafa þó verið að ryðja sér til rúms, þótt þær séu enn í minnihluta í forystunni. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða, og skilja betur eiginleika og upplifun þeirra kvenna sem eru í forystu í fjármálageiranum á Íslandi, á hlutverki sínu og stöðu sem kvenleiðtogar þar sem karlmenn eru í meirihluta. Lítið hefur verið skrifað um upplifun kvenna í forystu í fjármálageiranum, og því ákveðið að einblína á þennan tiltölulega fámenna hóp, með því að gera eigindlega rannsókn með fyrirbærafræðilegri aðferð. Tekin voru hálfopin djúpviðtöl við 10 konur í æðstu stjórnunarstöðum til að fá innsýn í reynsluheim þeirra, viðhorf, og upplifun á áhrifaþáttum í starfumhverfi þeirra. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að starfsframinn hafði ekki komið upp í hendurnar á þeim, þær hafa þurft að sækjast eftir og grípa tækifærin. Þær virðast beita felandi stjórnun, með því að útdeila verkefnum og fela öðrum ábyrgð. Þær töluðu um að vera þær sjálfar og breyta sér ekki til að þóknast öðrum. Tíminn er stærsta fórnin sem þarf til þess að komast í stöður sem þessar. Viðhald og uppbygging á tengslaneti þykir líka mikilvæg, og ein helsta hindrun kvenna á Íslandi ef þær vilja komast til áhrifa. Kröfur eru miklar og oft um kynbundinn mun á þeim að ræða. Þær hindranir og áskoranir sem þær standa frammi fyrir eru ýmsar, en færri en þær voru fyrir fimm árum.

Dagný Jónsdóttir
Erla Sólveig Kristjánsdóttir

# Ég er bara mjög ánægð þar sem ég er

Í þessari eigindlegu rannsókn er upplifun og reynsla kvenna sem gegna starfi millistjórnenda til skoðunar. Tekin voru 11 viðtöl við konur sem allar gegna starfi millistjórnenda í stórum eða meðalstórum fyrirtækjum. Gögnin sem söfnuðust voru greind eftir aðferðum fyrirbærafræði og upp úr þeim spruttu fimm meginþemu og fimm undirþemu. Þau eru „fá ekki að vera með í þessu karlasamfélagi", og undir því eru þemun „æ, þetta er svo mikið typpafyrirtæki" og „stundum svona karlakærulaus". Annað meginþema er sjálfstraust, og undir því „ég vil samt vera viss viss". Þá er „100% alls staðar" og undirþema, „anda í bréfpoka". Fjórða meginþemað er „pissa utan í rétta fólkið", og þar undir „einhver sem ryður brautina". Að lokum er þemað, þversögnin. Helstu niðurstöður benda til þess að ýmsar hindranir blasa við konum sem eru á vegferð upp metorðastigann og að konur sitja ekki við sama borð og karlar þegar litið er til tækifæra og hindrana til æðstu metorða. Öllum sýnilegum hindrunum hefur verið ýtt úr vegi, og samkvæmt lögum er réttur kynjanna jafn. Flókinn vefur óáþreifanlegra og ómeðvitaðra hindrana er þó enn til staðar í formi karllægrar menningar, viðhorfa, formgerða fyrirtækja, sem og langlífra staðalímynda. Þessir þættir í sameiningu draga úr sjálfstrausti og þrótti kvenna til að sækjast eftir æðstu störfum, ásamt því að valda þeim álagi, og um leið viðhalda raunverulegum vanda ójafnréttis kynjanna í æðstu stjórnendastöðum fyrirtækjanna.

Unnur Dóra Einarsdóttir
Erla S. Kristjánsdóttir
Þóra Christiansen

# „Maður festir bara rætur“: Upplifun leikskólakennara sem hafa starfað yfir fimmtán ár í sama leikskólanum

Miklar breytingar hafa orðið á starfi leikskólakennara síðastliðin 20 ár. Fjölmargir þættir hafa haft mótandi áhrif á starfsemi leikskóla og störf leikskólakennara, eins og gríðarleg fjölgun barna í leikskólum, breytingar á menntun leikskólakennara, og auknar kröfur til leikskóla sem menntastofnana. Markmið rannsóknarinnar er að fá fram upplýsingar um upplifun leikskólakennara með tiltölulega langan starfsaldur á sama vinnustað, eða meira en 15 ár, af vinnustað sínum og starfi. Jafnframt að fá innsýn í helstu breytingar sem orðið hafa á starfinu undanfarin ár. Gerð var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við átta leikskólakennara sem starfa á sjö leikskólum í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík. Niðurstöður benda til þess að vinnustaðir þátttakenda einkennist af sterkum starfsmannakjarna sem hefur starfað saman um langt árabil. Starfsmenn eru farnir að þekkjast vel eftir langan tíma, og væntumþykja og vinátta einkennir kjarnahópinn. Á vinnustöðum þeirra hefur verið töluverður stöðugleiki á starfsmönnum í gegnum tíðina. Einnig kom fram að stjórnandinn er talinn geta verið stór áhrifavaldur varðandi þann starfsanda sem ríkir á vinnustað.

Anna Bjarnadóttir
Svala Guðmundsdóttir

# Hlustunarfærni stjórnenda og sérfræðinga: Má þjálfa hana? Hverju skilar hún?

Í greininni er gefið yfirlit yfir rannsóknir sem skoðað hafa hlustunarfærni (*active listening*). Yfirmenn (stjórnendur) og sérfræðingar eru þá sérstaklega í brennipunkti greiningar. Í öðru lagi verður lýst líkönum og aðferðum sem prófaðar hafa verið í þeim tilgangi að þjálfa hlustunarfærni stjórnenda. Teknar verða saman og ræddar helstu niðurstöður um ávinning hlustunarfærni í tengslum við vinnustaði, og störf yfirmanna og sérfræðinga þar sem sérstaklega reynir á slíka færni. Yfirlitið telur 10 greinar og var stuðst við kerfisbundna aðferð við heimildagreiningu (*systematic literature review*). Litið er til þess hvað rannsóknir hafa að segja um áhrif bakgrunnsbreyta, svo sem á hvaða stjórnunarstigi yfirmenn eru, og hvort greina má mun á hlustunarfærni eftir kyni eða aldri. Heimildir um þjálfun og þróun hlustunarfærni gefa skýrt til kynna jákvæð tengsl milli þjálfunar og færni í að beita virkri hlustun. Niðurstöður og ályktanir þeirra sem rannsakað hafa hlustunarfærni og áhrif hennar á vinnustað nefna tengsl við að höndla betur streitu og betri streitustjórnun, og góð áhrif á sjálfmetna vellíðan á vinnustað (*subjective well-being at work*). Sömuleiðis eru sterkar vísbendingar um að minna sé um áform að hætta í starfi. Þá eru vísbendingar um betra og jákvæðara sjálfsmat bæði yfirmanna og sérfræðinga sem beita virkri hlustun, sem og hjá starfsmönnum sem eru þátttakendur í samtalinu.

Inga Jóna Jónsdóttir

# Litlir heimar: Áhrif erlendrar reynslu stjórnenda á viðhorf til notkunar tengslaneta

Tengslanet eru lykiltæki fyrir stjórnendur í atvinnulífinu og sýnt hefur verið fram á mikilvægi þeirra fyrir starfsframa, atvinnuleit og árangur að öðru leyti. Í þessari rannsókn er til skoðunar hvert viðhorf íslenskra stjórnenda er til tengslaneta og notkunar þeirra í starfi. Viðtöl voru tekin við stjórnendur sem höfðu reynslu erlendis frá og stjórnendur sem höfðu ekki slíka reynslu. Sjónum var sérstaklega beint að því hvaða áhrif erlend reynsla hefur á það hvernig íslenskir stjórnendur nýta tengslanet sín, byggja þau upp, og hafa ávinning af þeim. Viðmælendur voru einhuga um mikilvægi tengslaneta, en vísbendingar voru um að stjórnendur með erlenda reynslu séu líklegri til að byggja tengslanet sitt upp með markvissum hætti. Ennfremur virðast stjórnendur með erlenda reynslu vera líklegri til að líta á tengslanet sem uppsprettu hugmynda og óvæntra upplýsinga, á meðan mikilvægi tengslaneta við að auka afköst og skilvirkni, virðist vera ríkjandi viðhorf óháð slíkri reynslu. Konur virðast bera meira traust til sinna tengiliða en karlmenn, sér í lagi konur með erlenda reynslu. Niðurstöðurnar eru bæði innlegg í rannsóknir á mikilvægi tengslaneta fyrir íslenska stjórnendur, og rannsóknir á hlutverki tengslaneta í uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi í heild.

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
Magnús Þór Torfason

# Stefna í reynd: Vinnufundir í stefnumótun

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvernig stefnumiðað starf fer fram hérlendis. Í þeim tilgangi er rýnt í vinnufundi stefnumótunar (*strategy workshops*), framkvæmd þeirra og markmið, hverjir koma að, og hvaða áhrif þeir höfðu á hina ýmsu þætti innan fyrirtæka. Rannsóknin er mikilvægt innlegg í rannsóknir á stefnumiðuðu starfi, og er sú fyrsta sem rannsakar vinnufundi stefnumótunar hér á landi. Megindlegri aðferðafræði var beitt, og var netkönnun send á stjórnendur í 100 stærstu fyrirtækjum landsins. Svör bárust frá 148 stjórnendum í framkvæmdarstjórn og/eða lykilstjórnendum. Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar er stefna í reynd (*strategy as practice*) og meginhugtök nálgunarinnar eru: starfhættir, iðkun og iðkendur stefnu sem ávallt eru samtvinnuð í stefnumiðuðu starfi. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að vinnufundir stefnumótunar eru hérlendis, líkt og erlendis, hluti af venjubundnum starfsháttum í stefnumiðuðu starfi fyrirtækja. Þeir eru haldnir reglulega, yfirleitt standa þeir yfir hálfan til einn dag, og í flestum tilfellum haldnir utan fyrirtækjanna. Notkun greiningartóla er töluvert algeng og skora SWOT og sviðsmyndagreiningar þar hæst. Forstjóri, og stjórnendur í framkvæmdarstjórn, eru þeir sem helst koma að vinnufundunum stefnumótunar, en einnig er töluvert algengt að utanaðkomandi ráðgjafar komi þar að. Markmið vinnufundanna voru skýr, og algengt að tilgangur þeirra væri reglubundið stefnumótunarferli, að fá nýjar hugmyndir og að endurskoða fyrirliggjandi stefnu. Vinnufundirnir höfðu yfirleitt jákvæð áhrif á hina ýmsu þætti innan fyrirtækjanna, og jákvæðust mældust áhrif á framtíðarsýn og skilning á gildum.

Snæfríður Einarsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

# Stefna í reynd hjá opinberri stofnun: Landhelgisgæslan sem dæmi

Bent hefur verið á mikilvægi rannsókna á stefnumiðuðu starfi opinberra skipulagsheilda, og er þessari rannsókn ætlað að dýpka skilning á því viðfangsefni. Rannsóknin fjallar um stefnu Landhelgisgæslu Íslands út frá kenningum um stefnu í reynd (*strategy as practice*), þar sem varpað er ljósi á samspil iðkenda (*pratctitioners*), starfshátta (*practices*) og iðkunar (*praxis*) stefnu. Þetta er þriðja rannsóknin á Íslandi sem vitað er um að styðst við kenningar um stefnu í reynd, og er um að ræða sérstaka leitandi raundæmisrannsókn (*single exploratory case study*) sem byggir á hálfstöðluðum viðtölum við átta einstaklinga sem starfa í stofnuninni, og fyrirliggjandi gögnum, bæði innan og utan stofnunarinnar. Rannsóknin varpar ljósi á hvernig stefna Landhelgisgæslunnar hefur tekið breytingum byggðri á formaðri og sjálfsprottinni stefnu í bland yfir tíma. Pólitísk stefnumörkun í bland við formlega stefnumótun stofnunar og ytri áhrifaþætti hefur bæði með beinum og óbeinum hætti haft áhrif til stefnubreytinga sem virðast oftar en ekki vera viðbragð iðkenda við áhrifum úr ytra umhverfi.

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

# Sendur í sveit: Endurskoðun minninga

Í fyrravetur tók ég mig til og heimsótti alla bæina sex þar sem ég hafði verið í sveit. Þetta tímabil stóð í ein tíu sumur. Ég fór fyrst austur fyrir fjall í sveit þegar ég var sex ára, og svo þvældist ég um landið þar til ég varð fullra sextán, þá í miðjum heyskap árið 1990. Í erindi mínu ætla ég að segja þessa ferðasögu. Sú saga snýr ekki einungis að hinu eiginlega ferðalagi að heimsækja alla bæina, heldur var þetta ferðalag þar sem ég komst að nýjum sannleika um okkur strákana úr Seljahverfi, Árbæ, Vesturbergi, og neðan af Langholtsvegi sem vorum sendir í sveit. Ég komst að því að vorum ekki bara villingar, heldur svo margt, margt fleira. Í sveitinni nýttist ofvirknin og fólkið þáði krafta okkar með þökkum. Allt í einu vorum við ekki sama vandamálið og við vorum í öllum þessum viðtölum við yfirkennara, sálfræðinga og skólahjúkrunarfræðinga. Við gátum gert gagn, og í sveitinni vorum við líka góðir. Það var einhver þörf fyrir lætin í okkur, og þess vegna kveið maður því í raun oft að mæta aftur til sérfræðinganna fyrir sunnan sem vildu kenna okkur góð samskipti, án þess að hafa nokkurn áhuga á að skilja okkur.

Mikael Torfason

# Fjórðungsforeldrar og aðrir vinnuveitendur á Ströndum

Megnið af 20. öldinni tíðkaðist að senda börn í sveit. Börn frá kaupstöðum voru send mislangan veg frá heimili sínu til dvalar hjá ættingjum eða vandalausum, jafnan frá sauðburði og framyfir réttir. En mestu máli skipti að lenda hjá góðu fólki. Börnin, sem send voru norður á Strandir, komu í nýjan heim á afskekktu svæði, þar sem nútímaþægindi á borð við rafmagn, salerni, sjónvarp og ökutæki, bárust seint til margra bæja. Eflaust skipti ekki síður máli fyrir bændur að lenda á góðum börnum, börnin voru jú eins misjöfn og þau voru mörg. Verkvit þeirra og vilji til að vinna var mismikið, rétt eins og kröfurnar sem gerðar voru til þeirra. Samvistin gat verið erfið, sum börn komu frá erfiðum heimilum, og stundum urðu tengslin gífurlega sterk. Það, að taka að sér börn annarra fjórðung úr ári, og jafnvel sömu börnin ár eftir ár, hlýtur að hafa áhrif á sálarlífið, auk óumdeildra áhrifa á daglegt líf íbúa á bænum. Hér verður rýnt í skoðanir bænda, bústýra og barna á sveitabæjum á Ströndum á þessum sið, og varpað ljósi á ólíka sýn þeirra með sérstakri áherslu á upplifun kynjanna í samhengi við kynjaða verkaskiptingu sveitalífsins.

Esther Ösp Valdimarsdóttir

# Sveitin: Eyðileggjandi eða æðisleg?

Erindið er hluti af rannsókn Jónínu Einarsdóttur mannfræðings á sumardvöl borgarbarna í sveit. Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir bókmenntafræðingur fjallar um það hvernig sveitadvöl barna birtist í íslenskum bókmenntum. Rannsökuð eru nokkur þemu sem ítrekað birtast þegar fjallað er um sumardvöl barna í sveit, en hluti rannsóknarinnar miðar að því að ígrunda muninn á bókmenntategundum þegar fjallað er um efnið, þ.e. barnabókum, skáldsögum fyrir fullorðna, ljóðum og sjálfsævisögulegum bókmenntum, og hvernig sá munur hefur áhrif á rannsóknina. Heilt yfir eru barnabækurnar jákvæðastar, og miða einkum að því að innræta ungum lesendum mikilvægi fegurðar sveitamenningarinnar. Til að mynda ævintýr, skemmtileg upplifun af dýrum, það sem gerði börn að fullgildum einstaklingum, og kenndi þeim m.a. að vinna. Það sem er íslenskt og fagurt og gott er lýsandi fyrir þá tegund bókmennta. Skáldsögurnar geta verið á ýmsa vegu, en þó ber oftar á því að eitthvað slæmt gerist í sveitinni. Ljóðin eru oftast sveipuð rómantísku ljósi, en algengast er að sagt sé frá trámatískri reynslu úr sveit í sjálfsævisögum/æviminningum.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

# Siðurinn að senda börn í sveit á 21. öldinni

Allt frá lokum 19. aldar hafa íslensk bæjarbörn verið send í sveit og að margra mati hefur siðurinn lagst af. Siðurinn hefur í gegnum tíðinna verið stór hluti af menningu og sjálfsmynd þjóðarinnar og þess vegna er mikilvægt að skoða áhrif hans í dag. Markmið þessara rannsóknar er að skoða hvort, og þá með hvaða hætti, siðurinn heldur áfram. Hvað eru börn að gera í sveitinni? Eru þau að vinna, eða er eingöngu verið að hafa ofan af fyrir þeim? Gagnaöflun er enn í gangi. Notast er við viðtöl, og búið er að taka viðtöl við níu einstaklinga sem voru í sveit á sumrin á árunum 2000 til 2016. Fyrstu niðurstöður benda til að börnin hafi oftar er en ekki mest um það að segja sjálf hvort þau fara. Einnig er áhugavert að sjá að þau fara jafnt til fjölskyldumeðlima sem og ókunnugra. Börnin, sem eru að fara í sveit í dag, hafa atbeina um hvort þau fara, hvert þau fara, og ef þau fá laun, semja þau sjálf um þau við bændurna sem þau eru hjá.

Steingerður Friðriksdóttir
Jónína Einarsdóttir

# Kvikar myndir úr sveitinni

Mikið er til af myndefni af íslensku sveitalífi, þar á meðal af lífi barna, bæði í einkasöfnum og opinberum söfnum, t.d. á Þjóðminjasafninu, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Kvikmyndasafni Reykjavíkur, og í safni Ríkisútvarpsins. Þetta myndræna efni gefur innsýn inn í heim og störf barna í sveit. Í rannsóknarverkefninu Óháður flutningur íslenskra barna á 20. öldinni er unnið með aðferðafræði sjónrænnar mannfræði til að miðla reynslu fólks af sveitadvöl barna og fræðilegum niðurstöðum í kvikmynd. Í kvikmyndinni er unnið með ljósmyndir, kvikmyndir, hljóð, viðtöl og prentefni sem lið í því að tefla saman fræðilegri greiningu á sveitadvöl og reynslu fólks. Í erindinu verður fjallað um hvernig nota má kvikmyndaformið til að miðla minningum og reynslu fólks og sýnd verð myndbrot liðins tíma.

Tinna Grétarsdóttir
Emma Ævarsdóttir
Sigurjón Baldur Hafsteinsson

# „Að nota tækifærið og koma börnum sínum af götunni“: Börn send í sveit í upphafi 20. aldar

Flestir þekkja einhvern sem sendur var í sveit sem barn. Á 20. öld voru mörg börn send úr þéttbýlinu á sveitabæi, meðal annars til að forða þeim frá hættum höfuðstaðarins og ýmsum vágestum sem þar áttu að leynast. Í staðinn áttu börn að dvelja í öruggu yfirlæti sveitanna, læra vinnusemi og aðrar dyggðir sveitamennskunnar, og kynnast þannig upprunanum. Þessi siður hefur lítið verið rannsakaður til þessa, en ljóst er að hann hefur haft mikil áhrif á börnin sem send voru að heiman, sum hver aðeins örfárra ára gömul. Sömuleiðis hefur þessi siður haft mikil áhrif á fólkið í sveitunum, og því ekki að undra að margir hafi myndað með sér ólíkar skoðanir á þessum málefnum. Í erindinu er fjallað um hvernig þessu siður kemur fyrir sjónir í blöðum og greinum á fyrstu áratugum 20. aldar og hvaða viðhorf má þar sjá, bæði frá einstaklingum og áhrifafólki úr ólíkum geirum þjóðlífsins. Í þessum frásögnum er að finna líflegar umræður um viðfangsefnið, umdeildar skoðanir, og kostulegar pælingar sem skóku þjóðmálaumræðuna.

Eiríkur Valdimarsson

# Sumardvöl í sveit: Upplifun og reynsla af úrræðinu

Allt frá því að barnaverndar- og félagsmálanefndir tóku til starfa á Íslandi hafa börn sem búa við félagslega erfiðar aðstæður verið send á þeirra vegum til sveitardvalar. Að dvelja í sveit hefur þótti mannbætandi, sveitaloftið heilnæmt, auk þess sem börn hafa fengið tækifæri til þess að læra til ýmissa verka. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður eigindlegra- og megindlegra rannsókna á úrræðinu sumardvöl í sveit. Markmiðið er að skoða reynslu af úrræðinu og umfang þess frá árinu 1970. Fjallað verður um fjölda þeirra barna sem hafa nýtt sér úrræðið. Þá verða kynntar niðurstöður viðtala um reynslu þeirra sem sendir voru til sumardvalar, og upplifun þeirra sem höfðu það að starfi að taka á móti börnum til sumardvalar. Viðtöl voru tekin við níu einstaklinga sem sendir voru í sveit á árunum 1981-2005, og sex einstaklinga sem tóku á móti börnum til sveitardvalar frá árunum 1985-2005. Viðmælendur sem höfðu verið sendir í sveit áttu oft við alvarlegan félagslegan vanda að stríða. Þeir töldu þó að úrræðið hafa haft þroskandi og jákvæð áhrif á þau, og veitt þeim öryggi og vellíðan á meðan á dvölinni stóð. Þeir viðmælendur sem tóku á móti börnunum sögðu samveruna við börnin alla jafna hafa verið ánægjulega. Þeir lögðu þó áherslu á að bæta þyrfti undirbúning varðandi komu barnanna, og auka þyrfti stuðning fagfólks og eftirlit á meðan á dvöl stæði. Tölulegar upplýsingar benda til þess að dregið hafi úr notkun úrræðisins á síðustu árum. Niðurstöðurnar mætti nota til þess að rýna í úrræðið, og meta það á gagnrýninn hátt með það í huga hvort sumardvöl í sveit nýtist börnum í dag á jákvæðan hátt.

Anni G. Haugen
Hervör Alma Árnadóttir

# Umfang og reynsla fullorðinna Íslendinga af sveitadvöl í æsku

Á 20. öld var það algengur siður á Íslandi að senda börn í sveit á sumrin og talið gott fyrir heilsu þeirra og vellíðan. Markmið rannsóknarinnar er að kanna algengi þessarar reynslu meðal fullorðinna Íslendinga. Erindið byggir á lagskiptu úrtaki 2.000 Íslendinga, 18 ára og eldri úr Þjóðskrá Íslands, en rætt var við þá í síma um slíka reynslu í desember 2015. Meðalaldur 1.246 viðmælenda (62% svarhlutfall) var 61 árs (miðgildi 59, spönn 23-98); 920 (74%) voru jákvæðir gagnvart siðnum að senda börn í sveit, og voru þeir eldri jákvæðari en þeir yngri (p=0.0001). Af 510 (41%) sem voru sendir í sveit, voru 286 karlmenn (56%) og 224 konur (44%). Af þeim töldu 39% að siðurinn væri góður, og 49% að hann væri mjög góður. Flestir (89%) höfðu dvalið tvö sumur eða meira (meðaltal 5.1), og var meðalaldur við fyrstu dvöl 8.7 ár (miðgildi 9, spönn 0-17). Við fyrstu dvöl dvaldist 53% þátttakenda hjá fjölskyldumeðlimum, 20% hjá fjölskylduvinum, og 27% hjá vandalausum. Þeir sem hafa reynslu af siðnum eru sáttari við hann en þeir sem ekki hafa slíka reynslu. Athygli vekur að stór hluti þátttakenda dvaldi sem börn hjá vandalausum.

Jónína Einarsdóttir
Geir Gunnlaugs

# Eldheimar og erfiðar minningar

Þann 23. maí 2014 voru Eldheimar í Vestmannaeyjum opnaðir fyrir gesti, en Eldheimar er „safn minninganna“ um eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973. Eldgosið stóð í rúma fimm mánuði og hafði meðal annars þær afleiðingar að fjórðungur byggðarinnar grófst undir gosefni, og fjölmargir Vestmannaeyingar áttu ekki afturkvæmt vegna þess. Vestmanneyingar hafa frá goslokum minnst þessa atburða með margvíslegum hætti, en með opnun Eldheima var tekið stórt skref í að minnast þeirra. Á sama tíma og Eldheimar eru hugsaðir sem liður í uppbyggingu Vestmannaeyja sem áfangastaður, og þar með aðdráttarafl fyrir ferðamenn, gegnir safnið mikilvægu hlutverki við að takast á við minningar og reynslu núverandi íbúa og brottfluttra Vestmanneyinga af gosinu og afleiðingum þess. Í þessu erindi verður brugðið ljósi á þetta hlutverk Eldheima, með sérstakri áherslu á erfiðleika sem minningar um gosið og afleiðingar þess hafa haft fyrir þá sem heimsótt hafa safnið.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson

# Konur, söfn og samtvinnaðar sögur: Rannsókn á byggðasafninu að Snartastöðum frá sjónarhorni post-human femínisma og ný-efnishyggju

Þessi fyrirlestur fjallar um femíníska safnafræði frá sjónarhorni post-human femínisma og ný-efnishyggju. Markmiðið er að skoða efnisgerð safna sem þekkingar-verufræðilega samtvinnun sem – í stað þess að greiða í sundur þætti og aðskilja í anda tvíhyggju og flokkunarfræða - varpar ljósi á samtvinnun orðræðu og hins efnislega. Fræðilegur áþreifanleiki er sóttur í tilviksrannsókn á byggðasafninu að Snartastöðum. Líkt og á við um flest byggðasöfn er grundvöllur safnsins að Snartastöðum litaður af hugmyndum um söfnun muna sem vísa til sveitasamfélaga, þjóðernishyggju og hugmyndafræði um konur sem framverði á sviði þjóðlegrar menningar og heimilishalds. Það sem gerir byggðasafnið að Snartastöðum frábrugðið öðrum söfnum er að tilurð þess var í höndum konu. Það setur mark sitt á safnkostinn en mikill meirihluti þeirra gripa sem eru á safninu eru á einn eða annan hátt tengdir verkum kvenna. Við rannsóknina er stuðst við kenningar Karen Barad um *agential-realism* og sjónarmið Amade M'Charek á venslun mismunar. Aðferðin (diffraction) miðast við að kortleggja og greina sambönd og truflanir þar sem einstaka þættir koma saman og koma þannig auga á mismunandi mynstur í samþættum tengslum. Í rannsókninni er spurt hvernig konur (sem kyn/kyngervi) efnisgerast á sýningu safnsins að Snartastöðum þar sem hugmyndafræði, pólitík, hlutir, fólk, verufræði, þekkingarfræði, náttúra og menning samtvinnast í gagnkvæmum vensluðum tengslum. Í niðurstöðum er því haldið fram að þær hugmyndir sem felist í veru-þekkingarfræðilegum vensluðum tengslum leyfi söfnum að komast handan tvískiptingar og gefi færi á sögum sem eru samtvinnaðar úr mismunandi atriðum og aðskildar í tíma og rúmi. Slíkt feli í sér gagnkvæmar breytingar á mannlegum og ómannlegum þáttum safna.

Arndís Bergsdóttir

# Hvað geta gamlar upptökur sagt okkur um sagnamenningu kvenna?

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að koma eldri þjóðfræðisöfnum yfir á stafrænt form, með áherslu á endurbyggingu ýmissa þátta menningarsamhengis. Þessi viðleitni hefur opnað tækifæri til rannsókna á flötum alþýðumenningar sem vanræktir voru í eldri rannsóknarhefð, svo sem á sagnamenningu kvenna, og sambandi hennar við rými og reynsluheim. Í erindinu verður gerð grein fyrir ýmsum kostum og göllum þess að nota efni eldri þjóðfræðasafna við rannsóknir á sagnamenningu kvenna í fortíðinni. Í erindinu verður bæði fjallað um ýmsa tæknilega þætti og hugmyndafræðilega, eins og þeir birtast okkur í heimildum um þjóðsagnasöfnun á 19. og 20. öld. Sjónum verður beint að því hvernig ríkjandi hugmyndafræði í söfnun og rannsóknum á sögnum á mismunandi tímabilum hefur haft áhrif á varðveislu og þekkingu á sagnamenningu kvenna. Í þessu samhengi hefur hljóðritasafn Hallfreðar Arnar Eiríkssonar (1932-2004), sem birtir okkur efni frá síðustu kynslóð torfbæjarsamfélagsins, ákveðna sérstöðu þar sem það inniheldur bæði mun ríkari lýsingar á sagnaskemmtunum kvenna og sögur þeirra með þeirra eigin rödd. Niðurstaðan er sú að eldri þjóðfræðisöfn séu síður en svo gagnslausar heimildir þótt þau skorti vissulega ýmsar samhengisupplýsingar. Þau hafa því enn mikilvægu hlutverki að gegna í þjóðfræðirannsóknum, ekki síst þar sem þau gefa mynd af ýmsum þáttum og þjóðfélagshópum sem fræðimönnum fortíðarinnar sást yfir.

Júlíana Þ. Magnúsdóttir

# „...vjer erum allir meir en vjer vitum leiddir af tilfinníngum kvennfólksins“: Sigurður málari og konurnar

Sigurður Guðmundsson málari beitti sér á mörgum sviðum íslenskrar menningar á 19. öld. Hann nam málaralist, en var afkastamikill á fleiri sviðum; hann málaði myndir og leiktjöld, kom á forngripasafni, safnaði þjóðminjum sem stóðu frammi fyrir glötun, en einna helst beindist eldmóður hans að íslenska kvenbúningnum. Þó hlutverk Sigurðar hafi gjarnan fallið í skugga í sögulegri umræðu um helstu áhrifamenn 19. aldar, þá má með sanni segja að enn minna ljósi hafi verið varpað á konurnar í kring um hann og kvennasögu í því samhengi. Erindið er byggt á aðkomu minni að verkefninu: Menningarsköpun, en þar rannsakaði ég helst bréfasamskipti Sigurðar. Rannsóknaraðferðin byggðist á því að leita í bréfasöfnum að mikilvægum bréfum, ljósmynda þau og skrifa þau upp í xml forrit. Í greiningu á innihaldi bréfanna fann ég svo tilfinnanlega fyrir tilvist kvenna í hugmyndum og hrifnæmi Sigurðar, sem þó var sjaldan sýnileg í öðrum heimildum. Þær voru alltumlykjandi, en þó hvergi. Helstu niðurstöður sýna að konur höfðu mikil áhrif á verk Sigurðar, og að víxlverkandi andagift ríkti þar á milli. Sigurður var á undan sinni samtíð hvað varðar hugmyndir um réttindi og menntun kvenna, hann hvatti þær til að láta til sín taka í samfélaginu, og virti skoðanir þeirra á jafningjagrundvelli. Konurnar veittu Sigurði innblástur og fegurðartilfinningu, þær voru sem nærandi jarðvegur þar sem hugmyndir hans gátu blómstrað, og það mætti segja að áhrif hans hafi haldist eftir að ævidagar hans voru taldir, samofin í dug og áræðni þeirra kvenna sem höfðu síðar margvísleg áhrif á íslenskt samfélag.

Elsa Ósk Alfreðsdóttir

# Félagsleg og tónlistarleg áhrif Kvæðamannafélagsins Iðunnar á kvæðahefðina

Kvæðamannafélagið Iðunn var stofnað í Reykjavík 1929 af fólki sem flest hafði flutt þangað af landsbyggðinni í atvinnuleit. Félagið bar þess merki að atkvæðamestu frumkvöðlarnir voru einnig þátttakendur í stjórnmálum og forkólfar í verkalýðsbaráttu. Ákvarðanir voru teknar með atkvæðagreiðslu á félagsfundum, en þó var ekki allt borið upp til atkvæða. Þar ber hæst ákvarðanir varðandi rímnalögin, stemmurnar, en rímnalaganefnd félagsins átti síðasta orðið í öllu sem að þeim laut. Umræður voru fjörugar um flest mál, en voru samt ekki leyfðar þegar kom að mismunandi útgáfum á rímnalögum. Þessi atriði, og stemmurnar sjálfar, eru aðalefni doktorsrannsóknar minnar, en í henni skoðaði ég 450 stemmur sem birtust í tveimur bókum, 1906-9 og 2004. Þó nærri hundrað ár séu á milli útgáfuára, byggir seinni bókin á upptökum sem gerðar voru veturinn 1935-6. Rannsóknin heyrir undir tónlistarþjóðfræði, og nýtir bæði eigindlegar og megindlegar aðferðir. Tekin voru viðtöl við ríflega 30 manns, einnig voru skriflegar heimildir, t.d. í formi fundargerða nýttar, sem og fræðirit af ýmsum toga. Nótnauppskriftir að stemmunum 450 voru bornar saman og flokkaðar, með það í huga hvort finna mætti sameiginleg einkenni. Hljóðupptökur á rímnalögum voru greindar með tilliti til stíleinkenna kvæðamannanna. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að kvæðamannafélagið setti mjög ákveðið mark á rímnahefðina.

Ragnheiður Ólafsdóttir

# „Að koma sér í vandræði“: Samfélag íslenskra dægurtónlistarmanna með augum félagsfræðinnar

Í þætti Gísla Marteins, „Þú ert hér“, sem var sýndur í Ríkissjónvarpinu vorið 2015, var Einar Örn Benediktsson, fyrrum Sykurmoli tekinn tali. Einar ræddi m.a. um mikilvægi þess að „koma sér í vandræði“ og reyna síðan, með hjálp vina, að klóra sig út úr þeim. Þannig yrði eitthvað til og sköpunarferlið væri virkjað. Hér var Einar, á sinn skemmtilega hátt, að lýsa því hvernig virkni lítilla vina- og eða samstarfshópa hagar sér þegar meðlimir eiga sameiginlegar hugsjónir og markmið. Neðanjarðarrokksenan sem þreifst í kringum Sykurmolana, og úgáfufyrirtæki þeirra Smekkleysu á níunda áratugnum, er skínandi gott dæmi um þessa virkni, hvernig einstaklingar þróa með sér tengslanet, og koma svo hlutum í verk í gegnum þau. Í rannsókninni er stuðst við sagn- og félagsfræðilegar heimildir sem hafa tekið á íslenskri neðanjarðarokksmenningu almennt, en einnig verður horft til sértækra skrifa um Sykurmolana. Þær lýsingar verða svo settar í samhengi við míkrófélagsfræðilegar kenningar um hópvirkni, þá sérstaklega skrif Michael P. Farrell um þessi efni í bók hans Collaborative Circles: Friendship Dynamics & Creative Work.

Arnar Eggert Thoroddsen

# Lestraruppeldi í þremur bæjum á Norðurlandi: Niðurstöður nýrrar rannsóknar

Börn sem hafa áhuga á bóklestri eiga það sameiginlegt að hafa fengið lestraruppeldi, þ.e. alist upp innan um bækur, lesið hefur verið fyrir þau, og þau hafa séð foreldra sína lesa. Sterk tenging er á milli þess að lesið sé fyrir börn á leikskólaaldri, og að þau lesi síðar sjálf. Miklu skiptir að byggja upp lestraráhuga barna því rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli lestraráhuga og lesskilnings, og þar með námsárangurs. Strax þegar börn hefja grunnskólagöngu er orðinn munur á þeim sem hafa fengið lestraruppeldi og hinum sem ekki hafa notið slíks. Hér verður greint frá niðurstöðum nýrrar rannsóknar þar sem markmiðið er auk annars að kanna hvernig lestraruppeldi væri háttað á norðlenskum heimilum. Lagðar voru fyrir tvær spurningakannanir á Akureyri, Húsavík og Dalvík, önnur fyrir almennt úrtak íbúa, en hin fyrir íbúa af erlendum uppruna. Niðurstöðurnar sýna m.a. hversu hátt hlutfall svarenda sinnir lestraruppeldi, hvort karlar og konur taki jafnan þátt, og hvort jafnt sé lesið fyrir drengi og stúlkur. Með því að kortleggja lestur foreldra/forráðamanna fyrir börn, eins og hér var gert, er mögulegt að grípa inn í með hvatningu og fræðslu þar sem helst er þörf á.

Brynhildur Þórarinsdóttir

# Uppeldisaðferðir foreldra, sjálfstjórnun ungmenna og brotthvarf þeirra frá námi: Langtímarannsókn

Miklu skiptir fyrir framtíð ungmenna að ljúka framhaldsskóla. Unglingsárin eru sérstakt áhættutímabil því skuldbinding nemenda (*student engagement*) til náms dvínar að jafnaði á þessum árum sem eykur líkur á brotthvarfi. Ópersónulegra skólaumhverfi miðað við fyrri skólastig er álitið ein möguleg orsök. Þekktir fræðimenn á sviðinu hafa sett fram líkan þar sem hvatt er til þess að taka tillit til trúar nemenda á eigin sjálfstjórnun (*perceived control*) þegar námsgengi þeirra er til athugunar. Í þessari rannsókn tökum við þeirri áskorun og tengjum fyrri rannsóknum okkar á mikilvægi uppeldisaðferða foreldra fyrir skuldbindingu barna sinna á unglingsárum í tengslum við brotthvarf þeirra frá námi. Lítið er um slíkar rannsóknir. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig uppeldisleg samskipti foreldra og barna þeirra, trú ungmennanna á eigin sjálfstjórnun og skuldbinding þeirra til náms við 14 ára aldur tengist námsstöðu þeirra við 22 ára aldur. Rannsóknin náði til um 800 ungmenna sem var fylgt eftir frá 14 til 22 ára aldurs og er hluti af langtímarannsókninni Áhættuhegðun, samskipti og styrkleikar ungs fólks. Fyrstu niðurstöður benda til þess að ungmenni séu líklegri til að hafa lokið námi úr framhaldsskóla við 22 ára aldur eftir því sem foreldrar þeirra nota meira leiðandi uppeldisaðferðir á unglingsárum, ungmennin hafa meiri trú á eigin sjálfstjórnun og námsleg skuldbinding þeirra er meiri.

Kristjana Stella Blöndal
Sigrún Aðalbjarnardóttir

# Skilningur íslenskra unglinga á nokkrum atriðum tengdum þekkingarfræði vísinda

Gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á þeim skilningi sem unglingar leggja í eðli vísinda og vísindastarfsemi. Vísindi og niðurstöður vísindastarfs hafa orðið æ fyrirferðarmeiri í samfélagsumræðu, og iðulega er vitnað til vísindalegra niðurstaðna, bæði þegar fjallað er um persónuleg og samfélagsleg viðfangsefni. Því er áhugavert að skoða hvaða merkingu unglingar leggja í þekkingarfræðilegan bakgrunn vísinda, og hvaða skilning unglingar hafa á vísindalegum aðferðum. Lagður var spurningalisti fyrir íslenska unglinga sem voru að ljúka skyldunámi. Spurningarnar snerust um skilning þeirra á mikilvægum atriðum sem snerta þekkingarfræði vísinda og eðli vísindalegrar þekkingar. Til þátttöku voru valdir af handahófi bekkir úr íslenskum grunnskólum, og var spurningalistinn lagður fyrir um 350 unglinga í íslenskum grunnskólum árið 2015.

Haukur Arason

# Virkni í netnámi, áhrifaþættir og námsmynstur

Opin netnámskeið njóta vaxandi vinsælda víða um heim, m.a. svokölluð MOOC-námskeið (*Massive Open Online Courses*). Með auknu framboði þeirra hafa vaknað áleitnar spurningar um virkni og árangur nemenda, en lágt hlutfall þeirra sem ljúka slíkum námskeiðum hefur vakið nokkra athygli. Kallað hefur verið eftir skýringum á brottfalli úr netnámskeiðum og leiðum til að auka virkni (Bawa, 2016). Einnig hefur verið bent á að markmið nemenda í námskeiðunum sé mismunandi og að taka þurfi tillit til þess þegar árangur sé metinn (Koller o.fl., 2013; Reich, 2014). Á vegum Háskóla Íslands hafa verið þróuð sjö opin netnámskeið, *Icelandic Online*, en innbyggt vöktunarkerfi (*tracking system*) námskeiðanna hefur fylgt nemendum (um 155.000 manns) eftir um árabil. Í þessu erindi verður greint frá niðurstöðum fyrsta hluta doktorsrannsóknar á gagnagrunninum um a) framvindu og virkni í *Icelandic Online*-námskeiðunum, b) áhrif mismunandi námsumgjarðar (fjarnám, blandað nám, sjálfsnám) m.t.t. virkni, og c) einkenni námshegðunar í heild. Niðurstöðurnar sýna í fyrsta lagi að lágt hlutfall nemenda klárar námskeið til enda, í öðru lagi að námsumgjörð í netnámi er áhrifaþáttur, þar sem blandað nám hefur sérstöðu, og í þriðja lagi vekur greining á námsmynstri upp spurningar um mælikvarða sem eru settir við mat á virkni og framvindu í netnámi.

Kolbrún Friðriksdóttir

# Fjarmenntaskólinn, samstarfsnet 13 framhaldsskóla á landsbyggðinni: Tækifæri í skólaþróun og byggðaþróun

Kynnt verður rannsókn á Fjarmenntaskólanum, samstarfsvettvangi þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni, sem ætlað er að tryggja fjölbreytt framboð náms, og styrkja fámenna skóla með fjarnámi. Samstarfsnetið er skiptimarkaður þar sem kennarar taka fjarnema inn í hópana sína, þannig að stærðin verði hagkvæm, og nemendur taka áfanga í fjarnámi á milli skóla. Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á starfsemi og þróun Fjarmenntaskólans og gildi hans fyrir starfsemi lítilla skóla á landsbyggðinni. Rannsóknarspurningarnar eru: Hvaða aðstæður í ytra umhverfi skólanna leiddu til stofnunar Fjarmenntaskólans, og hvernig hefur hann þróast? Hvernig getur skilningur á gildi starfsemi Fjarmenntaskólans og greining á möguleikunum sem felast í samstarfsnetinu orðið til að efla skólana og landsbyggðarsamfélögin þar sem þeir eru? Gögnin sem byggt er á eru skráð gögn um starfsemi Fjarmenntaskólans, og upplýsingar um áhrif hans á starfsemi þeirra skóla sem að honum standa sem aflað hefur verið með viðtölum við skólameistara. Beitt er menningar- og sögulegri nálgun við að greina áhrifaþætti sem skipt hafa máli, og geta haft áhrif á mögulega framtíðarþróun. Niðurstöður benda til þess að samstarfsnetið hafi styrkt samstarf skólanna, og það hafi nýst bæði til að styrkja faglegt skólastarf, svo og til að auka hagkvæmni og bæta rekstarskilyrði. Fjamenntaskólinn virðist geta eflt sjálfstæði lítilla skóla og verið mikilvægur liður í að halda uppi skólastarfi í fámennum byggðarlögum.

Þuríður Jóhannsdóttir

# Þróun tilurðar, geymdar og miðlunar þekkingar og upplýsinga: Áhrif á þjónustueiningar og störf í bóka- og skjalasöfnum frá 1989

Kynntar verða niðurstöður þriggja kannana á þjónustueiningum og mannafla á bóka- og skjalasöfnum. Markmið rannsóknanna er að kanna þróun þjónustueininga og mannafla á bókasöfnum 1989, og á bóka- og skjalasöfnum 2001 og 2014, og möguleg áhrif hennar á framboð náms á þessu sviði. Kannanirnar voru framkvæmdar með hliðsjón af aðferð Moore‘s við framkvæmd slíkra kannana. Árin 1989 og 2001 voru spurningalistar póstsendir, en 2014 sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um framkvæmd rafrænnar könnunar. Kenningarfræðilegur grunnur var Vistfræðileg þróunarkenning Lenski‘s. Samkvæmt henni felur þjóðfélagsþróum annars vegar í sér stöðugleika, og hins vegar tvenns konar breytingar: sífelldar og afturkræfar breytingar sem hafa ekki varanleg áhrif á grunngerð þjóðfélagsins, og byltingarkenndar breytingar sem valda byltingarkenndum og óafturkræfum þjóðfélagsbreytingum. Við greiningu gagna voru tvær kenningar notaðar: kenning Abbott‘s um kerfi fagstétta sem tekur til sífelldra breytinga, og miðilskenning Meyrowitz sem tekur til byltingarkenndra breytinga. Niðurstöður gefa til kynna miklar breytingar á þjónustueiningum og mannafla. Þær eru annars vegar tilkomnar vegna sífelldra breytinga, svo sem breytinga á lögum og annarra afturkræfra þjóðfélagsbreytinga, og hins vegar vegna byltingarkenndra breytinga á tilurð, geymd og miðlun þekkingar og upplýsinga, sem eru tilkomnar vegna óafturkræfrar og byltingakenndrar tækniþróunar. Námsframboð hefur að miklu leyti þróast í samræmi við þessar breytingar.

Stefanía Júlíusdóttir

# Meðferð trúnaðarupplýsinga meðal stjórnsýslustofnana: Fræðsla starfsmanna

Ríkisstarfsmenn meðhöndla mikið magn upplýsinga við sín daglegu störf. Efnislegt form upplýsinganna er ólíkt, þær eru skriflegar, munnlegar, sem og verða starfsmenn áskynja um hluti sem þeir geyma í hugum sér bæði meðvitað og ómeðvitað. Allt geta þetta verið viðkvæmar upplýsingar sem varða ólíka hagsmuni; einkahagi einstaklinga, almannahagsmuni og þjóðaröryggi svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir að margvís ákvæði séu í lögum og reglugerðum um takmarkanir á miðlun upplýsinga, eru ekki til sérstök íslensk lög sem kveða á um staðlaðar lágmarksöryggisráðstafanir varðandi meðhöndlun upplýsinga sem gilda þvert á stjórnsýsluna. Í erindinu verða kynntar helstu niðurstöður eigindlegrar rannsóknar sem gerð var á meðferð trúnaðarupplýsinga meðal stjórnsýslustofnana sem fara með öryggis- og löggæslumál. Áhersla verður sérstaklega á fræðslu til handa ríkisstarfsmönnum um meðferð trúnaðarupplýsinga, öryggisvitund, og kvaðir bæði starfsmanna og stofnana. Þó ríkisstarfsmenn séu bundnir lagalegri þagnarskyldu og trúnaði, bentu helstu niðurstöður til þess að fræðslu um öryggisráðstafanir og meðferð trúnaðarupplýsinga skorti á öllum stigum, fyrir nýráðna, jafnt sem símenntun eldri starfsmanna. Brýn þörf er á vitundarvakningu varðandi rétta og örugga meðferð viðkvæmra upplýsinga innan stjórnsýslunnar.

Kristín Guðmundsdóttir
Jóhanna Gunnlaugsdóttir

# „Helduðu að þú sért svona merkileg?" Reynsla og viðhorf þeirra sem afhenda opinberum skjalasöfnum einkaskjalasöfn til varðveislu

Á skjalasöfnum er ritaður menningararfur varðveittur og eign skjalasafna byggist á því að þeim séu afhent skjalasöfn til varðveislu. Fjallað er um hluta niðurstaðna rannsóknar á viðhorfi og reynslu fólks af afhendingu einkaskjalasafna á opinber skjalasöfn. Rannsóknin var framkvæmd veturinn 2015-2016. Markmið rannsóknarinnar er að kanna reynslu og viðhorf til afhendingar einkaskjalasafna á opinber skjalasöfn. Í rannsókninni var rætt við aðstandendur sem höfðu afhent skjöl látinna ættingja sinna, svo og skjalamyndara sem sjálfir höfðu afhent eigin gögn til varðveislu. Gagna var aflað með eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem tekin voru hálfopin viðtöl við níu þátttakendur. Viðtölin voru greind með hliðsjón af grundaðri kenningu. Þátttakendur voru valdir kerfisbundið; fjórir skjalamyndarar sem höfðu afhent eigin skjöl, fjórir aðstandendur sem afhent höfðu skjöl látinna ættingja, og einn sérfræðingur á skjalasafni. Helstu niðurstöður voru þær að öllum þátttakendum þóttu persónulegar heimildir hafa mikið varðveislugildi, en einnig að fólk hefði ekki forsendur til þess að meta heimildagildi skjala fyrir framtíðina. Hluti þátttakenda lét í ljós áhyggjur sínar af því að ómetanlegar heimildir töpuðust. Það rímar vel við það sem fræðimaðurinn Barbro Klein hefur fjallað um; að við séum alltaf á elleftu stundu að bjarga menningarverðmætum frá glötun.

Berglind Inga Guðmundsdóttir
Jóhanna Gunnlaugsdóttir

# Viðhorf íbúa Vesturbyggðar gagnvart bókasafns- og upplýsingaþjónustu

Þjónusta og starfsemi almenningsbókasafna hefur breyst úr því að vera eingöngu bókasöfn þar sem fólk fær bækur að láni, í það að vera menningarmiðstöðvar sem sinna margvíslegum verkefnum og þjónusta ólíka hópa. Þetta á við um íslensk bókasöfn jafnt og erlend, en munur er þó á starfsemi bókasafna landsins eftir stærð sveitarfélaga. Viðhorfskönnun var gerð meðal íbúa sveitarfélagsins Vesturbyggðar gagnvart núverandi þjónustu almenningsbókasafna þess, og því hvernig þjónustu íbúarnir vilja sjá í framtíðinni. Markmið rannsóknarinnar er að skapa grunn upplýsinga til að vinna stefnumótun fyrir bókasöfnin út frá. Könnunin var megindleg og send til allra íbúa sveitarfélagsins 18 ára og eldri, á íslensku, ensku og pólsku, en 13% íbúa Vesturbyggðar eru af erlendum uppruna. Alls voru sendir út 713 spurningalistar og svarhlutfallið var 23,3%. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um að íbúar sveitarfélagsins vilji sjá sömu breytingar á starfsemi bókasafnanna og hafa orðið í stærri samfélögum. Þegar kemur að vali á búsetu hefur aðgengi að menningu töluvert að segja, þó bækur verði áfram hjarta bókasafnanna, er greinileg þörf til staðar fyrir möguleikum á óformlegum félagslegum samskiptum og aðgengi að menningarviðburðum.

Alda Davíðsdóttir
Ágústa Pálsdóttir

# Information management at crossroads: Personal knowledge registration in Icelandic organizations

This research sheds light on new aspects of personal knowledge registration (PKR). While studies on knowledge management, records management or information science are extensive, interdisciplinary approaches are less prominent. The research seeks to provide an understanding of the accessibility and usability of PKR in organizations. The originality lies in how it approaches the adjacent roles of varied professionals when implementing interactive knowledge databases or social media in organizations. It seeks to answer the following questions: Q1. What is the current status of personal knowledge registration in Icelandic organizations? Q2. In what way is PKR made accessible and what are the underlying requirements? Q3. How do records professionals collaborate with educational or HR managers on PKR? Q4. In what way is PKR made usable for in-house training? The research contains interviews, documented material and participant observations in 18 Icelandic organizations. Information on management, accessibility and usability of interactive PKR is gathered holistically. The preliminary findings suggest that Icelandic organizations are, despite all possible technological and social solutions available, still struggling to encompass their knowledge. This information is strategically and collaboratively relevant for knowledge professionals. The research provides valuable findings that can be employed for comparative studies in Iceland and elsewhere. Finally, it provides a significant contribution to a rapidly growing academic field of information management.

Ragna Kemp Haraldsdóttir

# Upplýsingalög í 20 ár: Starfsemi úrskurðarnefndar um upplýsingamál

Fyrstu upplýsingalögin tóku gildi á Íslandi þann 1. janúar 1997 og verða því tuttugu ár frá þeim tímamótum um næstu áramót. Þá tóku ný upplýsingalög gildi þann 1. janúar 2013 með lögum nr. 140/2012, en forsætisráðherra skilaði skýrslu til Alþingis um framkvæmd laganna á vorþingi. Á málstofunni verða flutt erindi um framkvæmd upplýsingalaga, álitaefni sem upp hafa komið, og jafnframt horft til framtíðar um skipan mála á sviði upplýsingaréttar. Meðal annars verður fjallað um störf úrskurðarnefndar um upplýsingamál, ákvæði laga um þagnarskyldu og þróun í lagasetningu um endurnot opinberra upplýsinga.

Hafsteinn Þór Hauksson
Kjartan Bjarni Björgvinsson
Oddur Þorri Viðarsson

# Réttur úrskurðarnefndar um upplýsingamál til afrits af gögnum er kæra tekur til

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem leysir úr ágreiningsmálum um aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum og öðrum opinberum aðilum. Um nefndina og málsmeðferð hennar er fjallað í V. kafla upplýsingalaga nr. 140/2012. Hún hefur meðal annars samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laganna heimild til að óska eftir því að kærði afhendi henni afrit af þeim gögnum sem kæra tekur til að nánari skilyrðum uppfylltum. Ákvæðinu var bætt við eldri upplýsingalög nr. 50/1996 þann 10. maí 2000, og snemma bar á tregðu stjórnvalda til að láta úrskurðarnefndinni í té afrit samkvæmt því. Í úrskurðarframkvæmd nefndarinnar hefur alloft komið fyrir að stjórnvald neitar beinlínis að verða við ósk hennar um afrit gagna sem kæra lýtur að á ýmis konar forsendum. Í erindinu verður fjallað um helstu álitamál um túlkun ákvæðisins sem upp hafa komið, og tekið til skoðunar hvaða réttaráhrif synjun beiðni nefndarinnar hefur.

Oddur Þorri Viðarsson

# Nordic Nationalism and Right Wing Populist Politics

Based on a constructivist approach, this study offers a comparative analysis into the causes of nationalist populist politics in each of the five Nordic independent nation states. Behind the social liberal façade of the economically successful, welfare-orientated Nordic states, right-wing populism has found support in the region. Such parties emerged first in Denmark and Norway in the 1970s, before becoming prominent in Sweden and Finland after the turn of the millennium and in Iceland in the wake of the financial crisis of 2008, when populist parties surged throughout the Nordics. The author traces these Nationalist trails of thoughts back to the National Socialistic movements of the 1920s and 1930s (the respective Nordic version Nazi parties) and before, to the birth of the Nordic nation states in the nineteenth century following the failure of integration. Since then, separate nationalisms have grown strong in each of the countries. This study will appeal to students and scholars as well as wider audience interested in European Politics, Nordic Politics, Nationalism, and Populism.

Eiríkur Bergmann

# Siðferðileg álitamál í Icesave-deilunni

Icesave-deilan 2008–20013 var mikið hitamál. Um skeið leit út fyrir, að íslenska þjóðin yrði fyrir stórkostlegu fjárhagslegu áfalli hennar vegna. Hart var deilt um málið opinberlega, tvær þjóðaratkvæðagreiðslur voru háðar um það, og líklega átti það drjúgan þátt í því, að stjórnarflokkarnir 2013 biðu stærsta kosningaósigur íslenskrar stjórnmálasögu. Dómstóll komst að þeirri niðurstöðu, að íslenska ríkið bæri ekki lagalega ábyrgð á skuldbindingum við innstæðueigendur Icesave-reikninga. En bar íslenska þjóðin siðferðilega ábyrgð á þeim? Hvað um ábyrgð bankamanna og innstæðueigenda? Gátu opinberir aðilar, íslenskir eða erlendir, afstýrt hættunni? Hver er hlutur breskra stjórnvalda í deilunni? Leitað verður svara við þessum spurningum með ýmsum hugtökum og kenningum heimspeki og leikjafræði, þar á meðal bragðvísi skynseminnar (*List der Vernunft* hjá Hegel), freistnivanda (*moral hazard*), Ödípusaráhrifum (*Oedipus Effect* hjá Popper), samábyrgð (*collective responsibility* hjá Feinstein), ógöngum fanganna (*prisoners' dilemma*), og afarkostum eða úlfakreppu, sem oft er lýst með orðum eins og „Catch-22“ og setningunum: „You are damned if you do; you are damned if you don't“. Rökstutt verður, að á útmánuðum 2008 hafi jafnt bankar, opinberar stofnanir, og stjórnmálamenn á Íslandi verið í úlfakreppu vegna Ödípusaráhrifa, þótt það skýri frekar, en afsaki aðgerðir þeirra, eða aðgerðaleysi. Þjóðin hafi ekki borið siðferðilega ábyrgð á skuldbindingum vegna Icesave-reikninganna, heldur bankamenn, innstæðueigendur og tryggingasjóðir. Bresk stjórnvöld hafi að sumu leyti sjálf skapað þann vanda, sem þau hafi sagst vera að leysa.

Hannes H. Gissurarson

# „Lekamálið“ í leiðurum fréttablaða: Sínum augum lítur hver silfrið

„Lekamálið” svokallaða, er eitt af viðurhlutameiri málum í fjölmiðlum hér á landi hin síðari ár ef miðað er við þá athygli sem málið hlaut og það rúm sem það fékk í fjölmiðlum. Upphaf málsins er að rekja til þess að í nóvember 2013 birtu fjölmiðlar fréttir úr óformlegu minnisblaði sem lekið var til þeirra og hafði að geyma persónulegar trúnaðarupplýsingar um hælisleitanda. Böndin bárust skjótt að því að minnisblaðið væri komið úr innanríkisráðuneytinu. Málið átti eftir að draga dilk á eftir sér áður en yfir lauk með sakfellingu annars aðstoðarmanns þáverandi innanríkisráðherra og afsögn ráðherra í kjölfarið. Í fyrirlestrinum eru kynntar niðurstöður orðræðugreiningar á leiðurum fréttablaða um „lekamálið“, eða frá því að fyrsti leiðarinn var skrifaður í desember 2013, og þar til sá síðasti birtist um málið undir lok október 2015 í kjölfar þess að Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi innanríkisráðherra, tilkynnti á landsfundi Sjálfstæðisflokksins að hún gæfi ekki aftur kost á sér til endurkjörs varaformanns. Á þessu tímabili birtu fréttablöðin vel á þriðja tug leiðara sem fjölluðu um málið og hinar ýmsu hliðar þess. Misjafnt var hversu iðin einstök blöð voru við að fjalla um málið í leiðurum; sömuleiðis voru efnistök, áherslur og röksemdir leiðarahöfunda með afar ólíkum hætti. Í grófum dráttum skiptist umfjöllunin í tvö horn, annars vegar voru þeir leiðarahöfundar sem töldu málið hið alvarlegasta og lögðu áherslu á brot á persónuvernd og um pólitíska ábyrgð ráðherra í skrifum sínum, og hins vegar þeir sem töldu málið lítilvægt og sprottið af illum hvötum í garð ráðherra og af miskilinni umhyggju fyrir hælisleitendum. Við greiningu á orðræðu í leiðurunum var beitt verklagi sögulegrar orðræðugreiningar (*discourse-historical approach*). Niðurstöður orðræðugreiningarinnar sýna að eignarhald blaða og staða þeirra á markaði hafi ráðið afstöðu leiðarahöfunda til málsins.

Ragnar Karlsson

# Hvers konar fréttir gera lesendur fréttamiðla athugasemdir við eða deila með öðrum?

Miklar breytingar hafa orðið á fjölmiðlun undanfarna áratugi. Netið og stafræn tækni hefur m.a gjörbreytt framleiðslu, dreifingu og neyslu fjölmiðlaefnis. Notendur eru ekki lengur óvirkir viðtakendur efnis, sem fjölmiðlar kjósa að reiða fram. Þeir geta lesið, horft eða hlustað þegar og þar sem þeim hentar, deilt efni og gert athugasemdir við það ef þeim svo sýnist. Rannsóknir fjölmiðlafræðinga hafa því í vaxandi mæli beinst að því hvað fólk gerir við fjölmiðlaefni, fremur en að leggja áherslu á hvaða áhrif efni fjölmiðla hefur á fólk. Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður rannsóknar á virkni, eða þátttöku lesenda, tveggja mest lesnu fréttamiðla landsins, Vísis og mbl á ákveðnu tímabili 2013 og 2015. Skoðað er hvers konar fréttum er einkum dreift, eða gerðar athugasemdir við, og í hve ríkum mæli. Rannsóknin byggir á megindlegri innihaldsgreiningu. Gagnaöflun er að mestu lokið, en stendur yfir.

Valgerður Anna Jóhannsdóttir

# Félagsþjónustan og almannavarnakerfið: Norrænn samanburður

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort félagsþjónusta sveitarfélaga hefur skilgreint hlutverk í skipulagi almannavarna vegna náttúruhamfara og annarra samfélagslegra áfalla. Rannsóknin nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Norðurlöndin eru þekkt fyrir víðtæk velferðarkerfi og öfluga félagsþjónustu. Norrænar rannsóknir á hlutverki félagsþjónustunnar á tímum hamfara eru hins vegar af skornum skammti. Rannsóknir benda á að svo virðist sem tíðni náttúruhamfara, og annarra samfélagslegra áfalla, fari vaxandi og því eykst áherslan á frekari rannsóknir um viðbrögð vegna áfalla. Þörfin er því brýn á rannsóknum um hlutverk félagsþjónustunnar vegna náttúruhamfara og áfalla af öðru tagi. Félagsráðgjöf hefur í auknum mæli lagt áherslu á sérhæfingu og rannsóknir á sviði hamfarafélagsráðgjafar (*disaster social work*) þar sem félagsþjónusta er talin leika lykilhlutverk í vinnu með hópum sem standa höllum fæti í því skyni að draga úr tjónnæmi (*vulnerability*) þeirra og efla viðnámsþrótt (*rescilience*). Greind verða opinber gögn svo sem skýrslur, lög og reglugerðir og önnur opinber gögn með það fyrir augum að greina og bera saman tengsl almannavarnakerfa og félagþjónustu á Norðurlöndunum.

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir
Guðný Björk Eydal

# Ash and aviation in Europe: Stakeholder partnership analysis through scenario narratives

With increasing interconnectedness, a disturbance of air traffic in one part of the world can have long-ranging social and financial effects elsewhere. The eruption of the Eyjafjallajökull volcano in April 2010 illustrated this with more than a 100,000 flights cancelled and an estimated global economic damage of 5 billion US dollars. Since a volcanic eruption cannot be prevented from occurring, cooperation and preparation are the keys to impact mitigation. This research assesses developments in governance since 2010 and its current performance by researching the cooperation between stakeholders involved today. The study also tests how well the aviation industry is prepared to meet the risk of another volcanic ash cloud reaching the European continent. The research conducted expert interviews and uses the method of scenario narratives and visualisation in an alternation participatory stakeholder workshop to facilitate the discussion and jointly develop improvement measures. In cooperation with the stakeholders, the study identified room for improvement along the lines of long-term contingency planning, communication, research & development, and staff preparation. The international aviation community can use these measures to strengthen its positive impact on society's resilience to an event similar or larger than the Eyjafjallajökull eruption in 2010.

Uta Reichardt
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Guðrún Pétursdóttir

# Að sníða sér hús eftir vexti: Vangaveltur um hófsaman húsakost og hentug heimkynni

Í erindinu verður fjallað um smáhýsahreyfinguna (*Tiny House Movement*) sem notið hefur vinsælda í Bandaríkjunum undanfarin ár og teygt anga sína víða um heim, til að mynda til Íslands. Í auknum mæli sækist fólk eftir smærra og ódýrara húsnæði, það kýs að vera laust við ok himinhárra lána, hefur áhuga á sjálfbærni og umhverfisvernd, vill geta notið ferðalaga um heiminn og nennir ekki að eyða dýrmætum tíma í þrif og viðhald óþarflega stórra húseigna. Þarna birtist viðnám við neyslumenningu samtímans, þrá eftir skuldlausu, nægjusömu en samt sem áður innihaldsríku lífi. Þrátt fyrir aukinn hreyfanleika og ferðaþrá birtist einnig sterk löngun eftir því að eiga samastað og notalegt heimili. Fjallað verður um heimilið og gildi þess í samtímanum. Rýnt verður í breytingar á stærð íbúðarhúsnæðis frá síðari hluta 20. aldar og fram til okkar daga, og skoðað hvernig þær haldast í hendur við breytingar á öðrum sviðum samfélagsins. Tilfinningar og tengsl við hið byggða umhverfi verða í fyrirrúmi. Viðfangsefnið verður skoðað frá þjóðfræðilegu sjónarhorni sem snýr að upplifun fólks, en auk orðræðugreiningar í fjölmiðlum og á vefnum, verður notast við svör við eigindlegri spurningaskrá. Niðurstöður leiða í ljós að efnahagshrunið, umhverfismál, upplifunartúrismi og fleira hefur haft áhrif á gildismat og væntingar til heimilisins.

Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir

# Miðborgarblús: Hugur hins almenna borgarbúa til miðborgar Reykjavíkur

Á síðustu misserum hefur skapast mikil umræða um miðborg Reykjavíkur þar sem sjónarmið uppbyggingar og varðveislu hafa tekist á. Umræðan er í sjálfu sér ekki ný, en hefur náð nýjum hæðum vegna mikilla framkvæmda í Kvosinni og nágrenni. Yfirvöld, verktakar, fagaðilar, og aðrir sérfræðingar, hafa látið til sín taka á opinberum vettvangi og lýst sjónarmiðum sínum. En hvað finnst almennum borgarbúum um varðveislu gamalla húsa og uppbyggingu miðborgarinnar? Hver er upplifun þeirra af svæðinu og hvaða hug bera þeir til þessa? Hvers eðlis eru tengsl þeirra við þennan elsta hluta borgarinnar? Til að fanga viðhorf og upplifun hins almenna borgara var leitað í smiðju áhrifakenninga (*affect theory*) og tekin viðtöl við valinn hóp borgarbúa á göngu með þeim um miðborg Reykjavíkur. Gönguleiðin var fyrirfram ákveðin með nokkrum áherslustöðum sem hafa mikið verið í umræðunni, en þó var tekið mið af áhuga viðmælenda og lykkjur lagðar á leiðina ef ástæða þótti til. Í erindinu verður fjallað um rannsóknaraðferðina þar sem farið er á vettvang og gengið um með upptökutæki í farteskinu, og sýnt fram á hvernig hún getur varpað nýju ljósi á merkingu og gildi gamalla húsa í borgarlandslaginu. Rannsóknin er tengd stærra yfirstandandi verkefni um samband fólks við reykvíska byggingararfleifð.

Snjólaug G. Jóhannesdóttir
Ólafur Rastrick

# Sirkus sem fjarverandi menningararfur

Um nokkurra ára skeið var rekinn hinn þjóðsagnakenndi skemmtistaður Sirkus í litlu gömlu húsi við Klapparstíg 30, í Reykjavík. Staðnum var lokað 2007 þar sem til stóð að húsið viki fyrir nýbyggingu sem síðar varð raunin. Margir sem sótt höfðu staðinn urðu til að mótmæla þessari niðurstöðu, m.a. var borgarstjóra afhentar undirskriftir 2200 einstaklinga sem vildu vernda staðinn. Á grunni dæmisins af Sirkus verður í erindinu rýnt í samband þess óefnislega (s.s. minninga og andrúmslofts), og þess efnislega (s.s. hús og innréttingar). Hugtakinu menningararfur verður beitt til að sýna hvernig þessu sambandi er háttað í tilviki Sirkus. Á grunni viðtala við fólk sem stundaði staðinn verður í erindinu horft til tilfinningalegra tengsla sem fólk myndaði við staðinn, hvernig hann mótaði sjálfsmynd einstaklinga og hópa, og hvernig hann varð að vettvangi fyrir sköpun sameiginlegra minninga. Niðurstaðan dregur fram hvernig hið efnislega, jafnvel eftir að það er horfið af sjónarsviðinu, verður að haldreipi fyrir einstaklinga til að muna, heldur áfram að móta umhverfi sitt, stuðlar að fortíðarþrá, og skapar tímavitund um horfinn heim sem gjarnan fær á sig rósrauðan bjarma. Rannsóknin er hluti af stærra yfirstandandi verkefni um samband fólks við reykvíska byggingararfleifð.

Vilborg Bjarkadóttir
Ólafur Rastrick

# Eldri borgarar á Íslandi: Hjálparþurfi eða bjargvættir

Eldri borgarar mynda stóran og fjölbreyttan hóp í samfélagi okkar. Þeir sem falla inn í þennan hóp spanna vítt aldursbil, og er heilsufar þeirra og félagsleg staða ólík. Umræðan um eldri borgara hefur á stundum verið einsleit. Hún er oft tengd kostnaði, skorti á þjónustu og að eldri borgarar séu baggi á samfélaginu. Minna fer fyrir umræðu um framlag eldri borgara til samfélagsins sem þó er umtalsvert, en oft hulið. Eldri borgarar sinna fjölbreyttum verkefnum, en þetta er oftast ólaunuð vinna sem er mikilvæg bæði fyrir þá sem þiggja aðstoðina og fyrir efnahag þjóðarinnar. Fyrir 10 árum rannsökuðu höfundar framlag eldri borgara til samfélagsins. Niðurstöður leiddu í ljós þátttakendur aðstoðu fjölskyldur sínar og aðra með margvíslegum hætti. Nú hefur hluti rannsóknarinnar verið endurtekinn með það að markmiði að sjá hvernig framlag eldri borgara til samfélagsins birtist í dag. Gögnum var safnað með símakönnun í júní 2016 og voru þátttakendur 706 á aldrinum 67-85 ára. Í ljós kom að framlagið var umtalsvert, til að mynda höfðu 73% þátttakenda sinnt barnagæslu. Ríflega fjórðungur hafði tekið þátt í sjálfboðastörfum, og 17% þátttakenda höfðu hýst afkomendur eða aðra um lengri tíma eftir að 67 ára aldri var náð.

Ingibjörg H. Harðardóttir
Amalía Björnsdóttir

# Heilsulæsi eldra fólks: Hindranir í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl

Mikilvægt er að eldri borgarar taki virkan þátt í heilsueflingu með því að ástunda heilbrigðan lífsstíl. Til að þeir geti aflað sér þekkingar um heilsusamlegt líferni og viðhaldið henni þarf að vera fyrir hendi greiður aðgangur að vönduðum upplýsingum sem fullnægja þörfum þeirra. Fjallað verður um könnun þar sem markmiðið var að rannsaka hindranir sem Íslendingar upplifa í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl. Áhersla verður lögð á að kynna niðurstöður um þátttakendur sem tilheyra tveimur elstu aldurshópunum, annars vegar fólk á aldrinum 60 til 67 ára, og hins vegar fólk sem er 68 ára og eldra. Leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum: 1) Hvaða hindranir eru fyrir hendi hjá annars vegar fólki 60 til 67 ára, og hins vegar fólki 68 ára og eldra? 2) Hvaða tengsl er milli menntunar þátttakenda í aldurshópunum tveimur og þeirra hindrana sem þeir upplifa? Notaðar voru megindlegar aðferðir og gagna aflað frá 1.200 manna tilviljunarúrtaki fólks á aldrinum 18 ára og eldri. Svarhlutfall var 58%. Þátttakendur voru beðnir um að svara 13 staðhæfingum um hugsanlegar hindranir. Niðurstöður sýna að 10 af staðhæfingunum mæla hindranir og gefa vísbendingu um að báðir aldurshóparnir eigi í nokkrum vanda með heilsulæsi í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl. Ennfremur kom fram marktækur munur eftir menntun þátttakenda í aldurshópunum tveimur.

Ágústa Pálsdóttir

# Ferðavenjur eldri borgara: Reynsla frá Kóreu og lærdómur fyrir Ísland

Lýðfræði Íslands tekur nú breytingum og hlutfall eldri borgara vex. Samtímis eru skipulagsbreytingar á höfuðborgarsvæðinu til að þétta byggð og meiri áherslu á almenningssamgöngur. Reynsla annarra þjóða getur hjálpað að skilja áhrif þessara breytinga á ferðavenjur. Í Kóreu hefur þétting byggðar verið ríkjandi undanfarin 30 ár og hlutfall eldri borgara er ört vaxandi. Þróunin í Kóreu er á undan Evrópu og sér í lagi Íslandi. Tölfræðigreining með raðtölu logit líkani sem tekur á misdreifni var notuð til að rannsaka ferðafjölda fólks 65 ára og eldra í samanburði við yngra fólk. Gögn eru frá ferðavenjukönnun Seoul frá 2010. Könnunin er slembisafn sem endurspeglar lýðfræði Seoul. Niðurstöðurnar eru túlkaðar m.t.t. íslenskra aðstæðna til að sjá hvaða lærdóm Ísland og höfuðborgarsvæðið geta nýtt sér. Munur finnst á milli þeirra sem eru yngri en 65 og þeirra sem eru eldri. Elsti hópurinn, 75 ára og eldri, er einnig frábrugðinn þeim sem eru 65 til 74. Akstur einkabifreiða er mikilvægur fyrir ferðavenjur eldra fólks þrátt fyrir góðar almenningssamgöngur. Það er munur á milli kynja, þannig að karlar fara færri ferðir, og misdreifni fannst í elsta hópnum, 75 ára og eldri. Til að uppfylla ferðaþarfir eldri borgara verður því að taka tillit til aðstæðna eftir aldri, rannsaka mismunandi upplifun kynjanna, og þróa fjölbreyttari lausnir en þegar aðeins miðað er við miðaldra eða yngra fólk.

Guðmundur Freyr Úlfarsson
Joon-Ki Kim
Jin-Seok Hahn
Hyoung-Chul Kim

# Aksturslok aldraðra: Líf að loknum akstri

Akstur einkabíls er sá ferðamáti sem aldraðir kjósa helst og er þeim mikils virði þar sem hann auðveldar hreyfanleika, sem er lykilþáttur lífsgæða og farsællar öldrunar. Einkabíllinn þykir tiltækur og sveigjanlegur ferðamáti sem veitir öldruðum ökumönnum tilfinningu fyrir frelsi og sjálfstæði. Það verða ákveðin tímamót hjá eldra fólki þegar það leggur bílnum fyrir lífstíð, og hugmyndin og umræðan um aksturslok getur verið viðkvæm og erfið. Spurning um það hvenær eigi að hætta að keyra verður gjarnan áleitnari eftir því sem lengra líður á ævina, og jafnvel skapast utanaðkomandi þrýstingur þar á. Viðhorf til efri áranna hafa gjörbreyst á síðari árum. Almennt er litið svo á að það sé bæði hagur einstaklinga og samfélags að aldraðir geti viðhaldið sjálfstæði sínu og þátttöku í samfélaginu. Með tilliti til þessa er áhugavert að afla þekkingar á því hvort, og þá hvernig, líðan og hagir aldraðra ökumanna taki breytingum við og eftir aksturslok. Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er byggt á var að kanna viðhorf aldraðra fyrrum ökumanna til einkaaksturs og akstursloka, hvernig aksturslok þeirra bar að garði, upplifun og reynslu af aksturslokunum, og að síðustu hvað hafi tekið við eftir að akstri einkabílsins lauk. Rannsóknin var eigindlegrar gerðar og byggði á hálfopnum viðtölum. Viðtöl voru tekin við átta heimabúandi einstaklinga yfir áttrætt, sem höfðu gengið í gegnum aksturslok. Stuðst var við markvisst hentugleikaúrtak. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar gáfu vísbendingar um að almennt verði breyting á högum aldraðra við aksturslok. Það dró úr athöfnum utan heimilis og félagslegri þátttöku, og flestir viðmælenda upplifðu verra heilsufar og skerðingu á sjálfstæði sínu og frelsi. Ástæður og aðdragandi akstursloka höfðu þó mikið með áhrif akstursloka á líf og líðan viðmælenda að gera. Í ljósi niðurstaðna rannsóknarinnar má telja að mikilvægt sé fyrir aldraða einstaklinga að taka sjálfir ákvörðun um að hætta að keyra, og að sú ákvörðun sé tekin tímanlega. Afleiðingar akstursloka eru einkum komnar undir ferðamöguleikum, hreyfifærni og heilsufari ásamt tengslaneti, búsetu og efnahag. Það að geta aðlagast breyttum lífsstíl, og öðlast sátt við tilveruna, virðist vera úrslitaatriði fyrir líf og líðan aldraðra eftir aksturslok.

Álfhildur Hallgrímsdóttir
Sigurveig H. Sigurðardóttir

# Framtíðarþing um farsæla öldrun: „Hún er farsæl ef maður er sáttur“

Markmið rannsóknarinnar er að komast að því hvað Íslendingar telja vera farsæla öldrun og hvernig best sé að stuðla að henni, hvernig þær niðurstöður samrýmast kenningum og rannsóknum í öldrunarfræðum, og hvernig niðurstöður samrýmast opinberri stefnu stjórnvalda í öldrunarmálum. Auk þess að leggja mat á þýðingu Framtíðarþings um farsæla öldrun fyrir öldrunarmál. Framtíðarþing um farsæla öldrun var haldið vorið 2013 og var það byggt upp með sextán rýnihópum með samtals 126 þátttakendum. Svör við spurningunum: Hvað er farsæl öldrun og hvernig er best að stuðla að farsælli öldrun voru greind með grundaðri kenningu. Rannsóknin sýndi fram á að sjö samverkandi þættir fela í sér farsæla öldrun og stuðla að henni. Þeir eru: huglægir einstaklingsbundnir þættir, hlutlægir einstaklingsbundnir þættir, virkni, félagsleg tengsl, samfélagið, þjónusta við aldraða og stjórnsýslan. Niðurstöður voru settar fram myndrænt sem grunduð kenning í félagsvistfræðilegu líkani þar sem huglægir einstaklingsbundnir þættir eru kjarni líkansins. Niðurstöður rannsóknarinnar voru í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna sem gerðar hafa verið á áliti aldraðra á farsælli öldrun. Niðurstöður Framtíðarþingsins voru í miklu samræmi við stefnumótun stjórnvalda og gefa vísbendingu um að óskir þátttakenda á Framtíðarþinginu og stefna stjórnvalda fari að miklu leyti saman. Stjórnvöld þurfa þó að fylgja eigin stefnu betur eftir.

Ragnheiður Kristjánsdóttir
Sigurveig H. Sigurðardóttir

# Eden hugmyndafræðin og hlýleiki

Síðan 2009 hafa Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) unnið eftir Eden hugmyndafræðinni og er fyrsta og eina dvalar- og hjúkrunarheimili sem hefur alþjóðaviðurkenningu sem Edenheimili. Viðurkenningin felur í sér ákveðið ferli þar sem gerð er úttekt á starfsemi heimilanna. Í viðurkenningu Eden felst gæðavottun á starfsemi og stöðu heimilanna, sem endurnýja þarf á tveggja ára fresti. Hluti af úttektinni er fyrirlögn hlýleikakönnunar á meðal íbúa, starfsfólks og aðstandenda. Könnunin var fyrst lögð fyrir í nóvember 2013, og aftur í mars 2016. Könnuninni er ætlað að gefa mynd af því andrúmslofti sem ríkir, hvernig íbúum, gestum, og starfsfólki líður á heimilinu. Niðurstöður könnunarinnar eiga að gefa vísbendingar um hvar heimilið er statt á Eden ferðalaginu, hvað sé gott og hvað betur megi fara. Á heimilunum búa 183 íbúar, og um 80 einstaklingar eru vikulega í dagþjálfun. Leitast var eftir að ná 50% úrtakshlutfalli í hverjum þátttakendahópi, með handahófsúrtaki af nafnalista, þar til tilskildum fjölda var náð. Niðurstöður flokkast eftir sex þemum; þátttaka og skilningur, tortryggni og vantraust, sjálfræði og virðing, einmanaleiki og vanmáttur, tiltrú og öryggi, leiði og bölsýni. Niðurstöður könnunar árið 2013 bentu til einmanaleika, leiða og vanmáttar hjá íbúum. Í framhaldi var framkvæmd viðtalsrannsókn og gerð úrbótaáætlun. Niðurstöður könnunar 2016, og samanburður milli kannana, benda til að náðst hafi árangur í að bæta líðan íbúa og að næstu aðgerðir þurfi að taka mið af áherslum á þátttöku íbúa, markvissa upplýsingamiðlun, og styrkingu á tengslum við fjölskyldur. Gerð verður grein fyrir áhrifum Eden hugmyndafræðinnar á starfsemi, samskipti og gæðaviðmið hjá ÖA. Velt verður upp hvort Eden-væðing hjá ÖA svari þörfum eldra fólks, auki traust til þjónustunnar, og hvert sé yfirfærslugildi slíkrar nýsköpunar fyrir öldrunarþjónustu á Íslandi.

María Guðnadóttir
Helga G. Erlingsdóttir
Halldór S. Guðmundsson

# Ráðgjöf og stuðningur nemenda við hælisleitendur og flóttafólk

Fjöldi hælisleitenda og flóttafólks hefur aukist hratt hérlendis að undanförnu. Því fylgja ýmsar áskoranir fyrir íslenskt samfélag og mikið álag á opinberar stofnanir. Aukin aðstoð, ráðgjöf og stuðningur til virkrar þátttöku í samfélaginu getur skipt sköpum fyrir þessa einstaklinga. Á vorönn 2016 var sett á laggirnar tilraunaverkefni innan Háskóla Íslands þar sem laganemar og félagsráðgjafanemar aðstoðuðu hælisleitendur við að fóta sig betur í samfélaginu. Aðstoðin fólst m.a. í félagslegum stuðningi, samskiptum við opinberar stofnanir, aðstoð við atvinnuleit og öðrum stuðningi eins og hentaði hverju sinni. Þar sem um var að ræða tilraunaverkefni var nauðsynlegt að gera úttekt á því og þróa verkefnið áfram með það að markmiði að koma varanlegri stuðningi og ráðgjöf nemenda á laggirnar. Það var markmið rannsóknarverkefnis þessa sem unnið var með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Við mat á tilraunaverkefninu var eigindlegri aðferðafræði beitt með viðtölum við þátttakendur í tilraunaverkefninu, fagaðila sem vinna með hælisleitendum og flóttafólki ásamt viðtölum við fræðimenn á erlendri grundu sem unnið hafa að sams konar verkefnum. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að ráðgjöf og stuðningur nemenda að þessu leyti er jákvæður en þar sem um viðkvæman hóp er að ræða er að mörgu að hyggja. Í upphafi árs 2017 verður verkefnið sett af stað aftur þar sem nemendur munu vinna með einstaklingum sem fengið hafa stöðu flóttamanna hér á landi. Í framtíðinni er fyrirhugað að koma af stað lagalegri ráðgjöf fyrir flóttafólk og hælisleitendur í samstarfi við Rétt lögmansstofu og fleiri aðila.

Áslaug Björk Ingólfsdóttir
Brynhildur G. Flóvenz

# Er staða flóttafólks á Íslandi jöfn? Mismunandi réttarstaða kvótaflóttafólks of flóttafólks sem fær hæli samkvæmt umsókn

Flóttafólki má skipta í tvo hópa sem hafa mismunandi stöðu hér á landi. Annars vegar eru svokallaðir kvótaflóttamenn sem valdir eru af stjórnvöldum í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, og hins vegar er um að ræða flóttamenn sem komið hafa hingað á eigin vegum, og sótt um og fengið stöðu flóttamanns. Markmið rannsóknar þessarar, sem unnin var með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, var að gera rannsókn á réttarstöðu þessara hópa, sem og hælisleitenda, og skoða hvernig þessi réttindi birtast í framkvæmd. Við rannsóknina var hefðbundinni lögfræðilegri aðferð beitt, þ.e.a.s. „dogmatískri" aðferð samhliða aðferðum gagnrýnnar lögfræði. Niðurstöðurnar staðfestu að flóttafólk hér á landi fær mismunandi aðstoð og stuðning af hálfu hins opinbera eftir því hvort um er að ræða einstaklinga sem koma til Íslands sem svokallaðir kvótaflóttamenn, eða aðra einstaklinga sem koma hingað á eigin vegum og óska eftir stöðu flóttamanns samkvæmt umsókn. Hér er þó um keimlíka hópa að ræða. Fyrrnefndi hópurinn nýtur margþættra efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda og stuðnings af hálfu hins opinbera. Einstaklingar sem koma á eigin vegum njóta hins vegar ekki sömu réttinda og stuðnings, og verða að standa á eigin fótum eftir að hafa fengið stöðu sem flóttamenn hér á landi.

Brynhildur G. Flóvenz
Áslaug Björk Ingólfsdóttir

# Jafnrétti og kynjatvíhyggja meðal femínista, trans og hinsegin fólks á Íslandi

Á Íslandi er jafnrétti allra viðtekin hugmynd. Skilningur fólks á jafnrétti er hins vegar mismunandi og leiðir valdaminni hópa til að ná því fram sömuleiðis. Baráttufólk meðal femínista, hinsegin og trans fólks á það sameiginlegt að vera gagnrýnið á ráðandi kynjakerfi. Þessir hópar hafa þó ekki endilega sama skilning á því hvar skóinn kreppi, né hvað þurfi til svo baráttan skili árangri. Þótt femínísk sjónarmið byggi almennt á þeirri hugmynd að kyn sé menningarlega og félagslega skilyrt, er ekki þar með sagt að kynjatvíhyggju og gagnkynhneigð norm séu ekki að finna meðal femínista. Þá hefur kynjajafnréttispólitíkin verið gagnrýnd fyrir blæbrigðalausa sýn á kyn og kyngervi og að taka ekki nægilega mikið mið af samtvinnun mismunarþátta (*intersectionality*). Markmið rannsóknarinnar er að greina hugmyndir um kyn, kyngervi og kynvitund meðal femínista, trans og hinsegin fólks, og hvernig þær setja mark sitt á skilning þeirra á jafnrétti. Byggt er á 25 viðtölum sem tekin voru við þessa hópa sumarið 2013 og 2014. Niðurstöðurnar sýna að viðhorf til kyns, kyngervis og kynvitundar er margbreytilegt. Þrátt fyrir pólitíska afstöðu gegn eðlishyggju og tvíhyggju er slík sjónarmið að finna í öllum hópunum, og eru hugmyndafræðileg kynslóðaskipti fyrirferðarmeiri en tenging við tiltekna baráttuhreyfingu.

Þorgerður Einarsdóttir
Jyl J. Josephson
Svandís Anna Sigurðardóttir

# Trans aktívistar og kynjatvíhyggja íslenskrar tungu

Íslenska er ekki bara flókið, formfast og íhaldssamt tungumál, heldur er það einnig mjög kynjað. Íslenska sem tungumál er nátengt þjóðernisvitund Íslendinga og setur hugsun okkar og hugmyndum margvíslega yrta og óyrta ramma. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á hvernig íslenskan skilyrðir upplifun, kynvitund, sjálfsmyndir og sjálfsákvörðunarrétt trans fólks. Byggt er á viðtölum sem tekin voru við femínista, hinsegin og trans fólk sumarið 2013 og 2014, og er hér sjónum sérstaklega beint að trans fólki. Skoðuð eru lög um mannanöfn og hlutverk mannanafnanefndar, en lögin kveða á um að stúlku skuli gefið kvenmannsnafn og dreng skuli gefið karlmannsnafn. Þá er rýnt í hlutverk íslenskrar málnefndar sem ætlað er að vernda tungumálið. Þar skiptir ekki síst máli hið flókna beygingarmynstur íslenskunnar sem er mjög kynjað. Þetta setur trans einstaklingum, og fólki í kynleiðréttingarferli miklar skorður, en ekki síður kynsegin fólki með sjálfsmynd sem ekki fellur að kynjatvíhyggju tungumálsins. Niðurstöðurnar sýna að trans einstaklingar takast með margvíslegum hætti á við þær hindranir sem tungumálið skapar þeim, en jafnframt að aukið rými tungunnar í þessum efnum gæti átt þátt í að afbyggja kynjakerfið, til hagsbóta fyrir allt fólk óháð kyni, kynvitund, kynhneigð og kyngervi.

Þorgerður Einarsdóttir
Jyl J. Josephson

# „Ómetanleg gjöf": Reynsla kvenna sem hafa gefið og þegið egg á Íslandi

Ör þróun í frjósemisvísindum hefur opnað nýjar leiðir til barneigna undanfarna áratugi. Ein af þessum leiðum er egggjöf, sem hefur verið stunduð hér á landi frá árinu 1996. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar á reynslu kvenna sem hafa gefið og þegið egg, og hugmyndum þeirra um skyldleika og mikilvægi þess að þekkja líffræðilegan uppruna sinn. Gagna var aflað með eigindlegum, hálfstöðluðum viðtölum við tíu konur sem höfðu gefið egg, og sjö konur sem höfðu þegið egg á Íslandi og átt barn í framhaldinu. Haft var uppi á konunum með markmiðaúrtaki, snjóboltaúrtaki og sjálfvöldu úrtaki. Þær höfðu misjafna reynslu af egggjöf, sumar upplifðu hana eingöngu á jákvæðan hátt, á meðan hún tók meiri toll af öðrum. Allar lögðu konurnar þó áherslu á hversu stór gjöf egggjöf væri og mikilvægi þess að börn nytu réttar á að vita hvernig þau voru getin. Ljóst er af niðurstöðum að skyldleiki er flókið hugtak sem konurnar veittu áhugaverða og ólíka sýn á. Margar töluðu um að úrbóta væri þörf þegar kemur að gjafaferlinu, til dæmis þyrfti að veita einstaklingsmiðaðri þjónustu. Því má vona að rannsóknin muni verða til þess að bæta ferlið. Þörf er á frekari rannsóknum á egggjöf – þá fyrst og fremst á þeim börnum sem verða til.

Þóra Ágústa Úlfsdóttir
Jónína Einarsdóttir

# Fjárhagslegur stuðningur eldri borgara við fjölskyldur sínar og aðra

Umræða um stöðu eldri borgara í samfélaginu er talsverð hér á landi. Hún er þó oft nokkuð lituð af sjónarhorni vandamála oft tengdum fjárhagslegri stöðu, bæði fjárhagserfiðleikum eldri borgara, og kostnaði af auknu langlífi. Sjaldnar er fjallað um hvað eldri borgarar leggja af mörkum til samfélagsins. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvert væri framlag eldri borgara til samfélagsins. Þetta var gert með símakönnun meðal einstaklinga á aldrinum 67-85 ára. Valdir voru 1200 einstaklingar á aldrinum 67-85 ára af handahófi úr Þjóðskrá. Svör fengust frá 706 einstaklingum, eða 59% þátttakenda. Meðalaldur þátttakenda var 74,3 ár (*sf* = 5,55). Í þessari kynningu verður kastljósinu beint að fjárhagslegum stuðningi eldri borgara við fjölskyldur sínar og aðra. Tæp 59% þátttakenda höfðu stutt afkomendur sína eða aðra fjárhagslega með því að lána þeim, eða gefa peninga, um 40% styrkt afkomendur með því að kaupa fatnað eða nauðsynjar, um þriðjungur hafði styrkt með framlagi til tómstundastarfs, og 15% hafði lánað veð. Skoðað verður hvort aldur, kyn, búseta og heilsufar tengist fjárhagslegum stuðning eldri borgara við aðra, og velt upp mikilvægi þessa stuðnings fyrir yngri kynslóðir.

Amalía Björnsdóttir
Ingibjörg H Harðardóttir

# „Systir mín var eiginlega bara ófreskja á þessu tímabili.“ Upplifun og líðan systkina einstaklinga með vímuefnaröskun

Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í upplifun og reynslu fólks sem á það sameiginlegt að hafa átt systkin í vímuefnavanda á uppvaxtarárum, og að kanna hvaða stuðningur og bjargráð hafa gagnast þeim. Systkin vilja oft gleymast í óreiðunni sem skapast þegar foreldrar sitja uppi ráðalausir vegna vímuefnavanda barns síns og upplifa einatt reiði, sorg og söknuð gagnvart því fjölskyldulífi sem áður var. Í rannsókninni er unnið út frá eigindlegri rannsóknarhefð. Tekin voru tíu hálfstöðluð viðtöl við fullorðið fólk sem hafa átt systkin í vímuefnavanda í barnæsku og spurt út í upplifun þátttakandans. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar gefa sterklega til kynna að streita og álag á heimili sé verulegur áhrifavaldur á líðan einstaklinga sem hafa alist upp við vímuefnavanda bróður eða systur. Niðurstöðurnar gefa einnig vísbendingar um mikilvægi þess að systkin og foreldrar barna með vímuefnaröskun fái aðstoð og ráðgjöf frá fagaðilum, bæði til að auka skilning á heimilisaðstæðum sínum, og til að draga úr afleiðingum óeðlilegra fjölskylduaðstæðna. Með slíkri aðstoð er að auki unnt að bæta velferð, lífsgæði og framtíðarmöguleika systkina og annarra aðstandenda.

Bryndís Erna Thoroddsen

# Áskoranir og átök foreldra barna með röskun á einhverfurófi

Kynntar eru niðurstöður úr fyrsta hluta rannsóknar með blönduðu rannsóknarsniði (*mixed method*) sem ætlað er að kanna samvinnu skóla, sérfræðinga/sérfræðistofnana og foreldra barna með röskun á einhverfurófi. Rannsóknin í heild verður gerð með könnunarsniði (*exploratory design*) og eru þessar niðurstöður liður í eigindlegum hluta hennar. Markmið þessa hluta rannsóknarinnar er að kanna reynslu foreldra af samstarfi við skóla og sérfræðinga. Tekin voru hálfopin viðtöl við fimm foreldra sem áttu alls sex börn með röskun á einhverfurófi (markvisst úrtak). Öll börnin höfðu stundað nám í almennum bekk. Meðal niðurstaðna er að reynsla foreldra með börn sem teljast til getumikilla barna á rófinu getur reynst verulega erfið, einkum ef barnið greinist seint á grunnskólaaldri. Aðgangur að sérfræðingum sem veita greiningu og stuðning getur verið verulegum vandkvæðum bundinn, og geta foreldrar þurft að leggja út í talsverðan fjárhagslegan kostnað vegna þess. Foreldrar þurfa gjarnan að horfa upp á mikla vanlíðan hjá börnum sínum, og þótt starfsfólk skóla sé allt af vilja gert til að koma til móts við nemendur, getur brunnið við að þekking sé ekki nægileg hjá einstökum kennurum/starfsmönnum sem getur orsakað röng viðbrögð. Þetta getur verið sérlega erfitt áður en barnið fær rétta greiningu, en þá getur verið komið undir vilja og hæfni einstakra kennara hvort/hversu vel og rétt brugðist er við barninu í skólanum. Fram kemur, að þótt margt hafi áunnist á síðustu árum virðist ennþá nokkuð í land. Auka þarf þekkingu starfsfólks skóla á þörfum nemenda með röskun á einhverfurófi, ekki síst getumikilla barna á rófinu. Aðgangur að sérfræðiaðstoð er auk þess verulega ófullnægjandi hvað þennan hóp barna varðar.

Jónína Sæmundsdótir

# Siðferði og gildi í íþróttum

Rannsóknarverkefnið SIÐFERÐI OG GILDI Í ÍÞRÓTTUM snýst um að kanna með spurningalista viðhorf almennings á Íslandi til siðferðis og gilda í íþróttum. Tilgangurinn er að þeir sem móta stefnu varðandi íslenskt íþróttalíf fái í hendur áreiðanlegar upplýsingar um skoðanir fólks til að unnt verði að auðga og nýta íþróttastarfið til góðra hluta. Markmiðið er að stuðla að auknu siðferði í íþróttum, og efla heiðarleika og drengskap þannig að íþróttir verði sem öflugast uppeldis- og mótunartæki fyri börn og æskufólk. Allmikið efni er til um viðhorf norrænna fornmanna til íþrótta og líkamlegra afreka. Yngri bókmenntir fjalla mun minna um efnið, og nútímabókmenntir (fagurbókmenntir, fjölmiðlar o.fl.) gefa ekki heillega mynd af því áliti sem íþróttir njóta meðal nútímafólks, og fáir íslenskir fræðimenn nútímans hafa ritað um efnið. Spurningalistinn inniheldur um 40 spurningar í tveimur aðalköflum: Grunnspurningar og Viðhorfsspurningar. Viðhorfsspurningarnar skiptast í þrjá undirflokka sem eru: 1) Íþróttir og íþróttahreyfing, 2) Íþróttir og íþróttaiðkendur, og 3) Íþróttakennarar, þjálfarar og íþróttakennsla. Menntavísindastofnun HÍ sendir könnunina út haustið 2016 og tekur við svörum þátttakenda í gegnum könnunarkerfi sín. Könnunin verður því að öllu leyti rafræn. Ábyrgðarmaður vinnur að öðru leyti úr niðurstöðum, ásamt meistaranema í íþrótta- og heilsufræðum.

Guðmundur Sæmundsson

# Innleiðing spjaldtölva í grunnskólum skoðað frá sjónarhóli kennara

Nýir kennsluhættir líta reglulega dagsins ljós og víða er verið að nútímavæða kennsluna með því að nýta nýja tækni og tæki eins og spjaldtölvur við að koma námsefni til skila til nemenda. Kennsluhættir hafa umbreyst með tilkomu spjaldtölva, smáforrit, aukin sköpun og gagnvirkar kennslubækur eru nú orðin hluti af námstilhögun nemenda. Hér verður fjallað um breytta kennsluhætti og leitast við að svara rannsóknarspurningunni; Hvernig gekk innleiðing spjaldtölva í grunnskólum frá sjónarhóli kennara? Helstu niðurstöður eru að aðgangur að aðstoð er alltaf fyrir hendi hjá kennsluráðgjöfum, en eins og einn viðmælandi orðaði það: „svo er annað mál hvort maður er nógu duglegur að sækja sér það“. En viðmælendur upplifðu að reynt væri að styðja við þá með kennslu en tímaskortur, sérstaklega hjá kennurum vegna annarra verkefna, gerði það að verkum að notkun á spjaldtölvum sat á hakanum. Allir voru viðmælendur þó sammála um að fyrirkomulag kennslu hefði mátt vera betra, og töldu sig ekki hafa fengið nægjanlega mikið út úr þeim námskeiðum sem í boði voru. Námskeiðin voru stutt og vöktu oft upp fleiri spurningar en svör.

Eðvald Möller
Freygerður Anna Ólafsdóttir

# Hafa fyrstu skef í átt að innleiðingu spjaldtölva í grunnskólum gengið eins og lagt var upp með?

Á undanförnum árum hefur orðið mikil framþróun á sviði upplýsingatækni. Sú þekking, og þau tækifæri sem liggja í þeirri þróun, er farin að teygja anga sína víða og er hún nú þegar farin að hafa áhrif á kennslu og nám barna. Nýir kennsluhættir líta reglulega dagsins ljós, og víða er verið að nútímavæða kennsluna með því að nýta nýja tækni og tæki eins og spjaldtölvur við að koma námsefni til skila til nemenda. Kennsluhættir hafa umbreyst með tilkomu iPad spjaldtölva, smáforrit, aukin sköpun og gagnvirkar kennslubækur eru nú orðin hluti af námstilhögun nemenda. Hér verður fjallað um breytta kennsluhætti og leitast við að svara rannsóknarspurningunni: Hafa fyrstu skef í átt að innleiðingu spjaldtölva í grunnskólum gengið eins og lagt var upp með? Hér verður fjallað um þær áskoranir, eða flöskuhálsa, sem börn og foreldrar stóðu fyrir við innleiðinguna. Rannsóknin sýnir að almennt eru foreldrar og börn ánægð með innleiðinguna og upplýsingaflæðið vegna breyttra kennsluhátta.

Eðvald Möller
Freygerður Anna Ólafsdóttir

# Social networks as learning environments in the Language Classroom

The aim of this poster is to present research data that analyzes the application and use of Facebook as a digital learning environment and its effect on students´ motivation after using the social network for one semester to generate content, collaborate and interact beyond the physical space of the class. The poster also presents information about its effect on learners´ communicative competence (reading and writing skills). Two control groups and two experimental groups belonging to three secondary schools of the Reykjavík area participated in the study described. In this poster tools used and designed to collect data (questionnaires, pre- and post-tests and an analysis of the level of interaction and collaboration in the experimental groups using Facebook as a learning space) will be presented. This research is contextualized in a theoretical framework that connects the affective variable of motivation with the application of digital technologies in the language class.

María del Pilar Concheiro Coello

# Social sustainability of tourism, a qualitative study

This is a study of resident and tourist/tourism relations in four destinations in Iceland, sponsored by the Iceland Tourist Board. It contributes to the ongoing program of impact studies in tourism, starting with an environmental impact assessment of popular tourist nature destinations in Iceland. However, sustainability research has matured to such an extent that impact is a somewhat narrow concept, and it is to a growing extent accepted that sustainability has three dimensions; economic, environmental and social, if not the fourth, cultural. Here the focus is on social sustainability through the experienced impact of tourism on the quality of life. The data collection consisted of participant observations in the public space and in-depth interviews with residents. The main results from the participant observation show a disruption in the daily routines of residents; as a physical infrastructure designed without tourism in mind fills with tourists and the activities of tourism enterprises. Interviews reflect the resident´s awareness of potential benefits and problems with tourism, but also a positive experience of and attitude toward tourists. An ethic of hospitality and concern for the wellbeing of tourists is a strong theme in the interviews. However, residents are critical of the tourism industry and tourism management, both in the private and public sector and question the sustainability of the growth in tourism and the future of tourism as one of the pillars of the Icelandic economy.

Guðrún Helgadóttir
Anna Vilborg Einarsdóttir
Georgette Leah Burns
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
Jóhanna María Elena Matthíasdóttir

# Existential Transformation - or Tourist Fantasy?

This paper follows the western tourist in a process of self-discovery. While traveling within Iceland, some tourists experience profound personal revelations in reaction to the exotic and esoteric surprises they find in both landscape and Icelandic culture. Heideggerean existential ontology is increasingly invoked in tourism scholarship, indicating that tourists seek their true selves when traveling, and reconnecting with themselves in a process of self-discovery. The poster describes work fundamentally grounded within western continental philosophy, Critical Tourism Studies and Landscape Studies. Methods consist of participant-observation and unstructured, informal interviews with foreign tourists to northwest Iceland. A tourist from Arizona revealed that she had not met an actual Icelander until they arrived at Hólar; they had spent the previous 10 days traveling throughout the Westfjords. A woman bathing at Grettislaug reported that the grassy farmland south of Dalvik healed her after a jet-lagged 36-hour journey from California. Her hostess, Eyglo, told the American that her farmland has magical powers. This paper has implications for policymakers, hosts and tourism workers as we improve cooperation, creating policy for sustainable tourism.

Amy Savener

# Minorities in the Americas: Social and Cultural Identity in Contemporary Narratives

The primary objective of this research project is to explore to what extent contemporary narratives by women of various minority groups, in what nowadays is identified as "the Americas", indicate a sense of "self" influenced by membership in a nation-state, and to what extent narratives look to shared culture, race, gender, language, and sense of place when reflecting on and creating their individual and collective identity. The research also considers how a marginalized group´s cultural identity, as manifested in contemporary literature of the Caribbean coasts of Central America, is related to and distinguished from its political identity and examines the group´s relationship to a nation-state. Identity and self-representation, as lived and experienced, reflect and give rise to many issues that profoundly affect social groups and the individuals that make up those groups. Such issues are by no means unique to the Central American Caribbean region or to women. However, the eastern shore of Central America is perhaps the most multicultural area in the Americas, and female authors are an emerging voice in and for this region. The rich ethnic and cultural diversity of the Caribbean coasts of Honduras, Nicaragua, Costa Rica, and Panama offer a special opportunity for the study of identity formation and change, and how minorities represent themselves in narratives and other forms of literature.

Hólmfríður Garðarsdóttir
Milton Fernando Gonzalez Rodriguez

# Birtingarmyndir frumbyggja Rómönsku Ameríku og tungumála þeirra í kvikmyndum

Verkefnið sem um ræðir snýr að rannsókn á birtingarmyndum frumbyggja í kvikmyndaflóru samtímans frá löndum Rómönsku Ameríku. Ekki hvað síst er leitast við að greina hvort nýlegar kvikmyndir hafni eða styrki hefðbundin viðhorf og staðalímyndir um þessa þjóðfélagshópa. Eitt af markmiðum rannsóknarinnar er að kanna tengsl milli hnattvæðingar, nýrra strauma í kvikmyndaframleiðslu, og réttindabaráttu hinna fjölmörgu þjóða frumbyggja. Sérstökum sjónum er beint að hlutverki hinna fjölmörgu tungumála frumbyggja – *quechua, mapudungun, guarani, aymara, nahuatl og tzotzil* - sem burðarvagna menningarlegrar sjálfsvitundar. Nú, eftir að greindar hafa verið 62 kvikmyndir benda niðurstöður til þess að nálgun æ fleira kvikmyndagerðafólks snúist að einstaklingum frekar en hópum eða samfélögum frumbyggja. Myndirnar stuðla að auknum sýnileika frumbyggja með því að sýna fjölbreytni innan samfélaga þeirra, auk þess eru tungumál frumbyggja viðurkennd sem gildar samskiptaleiðir. Niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til þess að vinsældir kvikmynda erlendis hafa vakið áhuga og umræður um málstöðu frumbyggja heima fyrir. Hins vegar eru nýlegar birtingarmyndir ennþá háðar valdatengslum milli miðju og jaðars. Hugmyndafræði eftir nýlendustefnu sem byggir á framandleika og öðrun lifir enn. Framandleika er viðhaldið í birtingarmyndum frumbyggja þar sem kvikmyndamenn virðast knúnir til að fara eftir kröfum kvikmyndahátíða, fylgja viðmiðum vestrænna kvikmyndasjóða, og endurspegla viðhorf áhorfenda.

Hólmfríður Garðarsdóttir
Milton Fernando Gonzalez Rodríguez

# Gender impact assessment of climate change mitigation policy in Lithuania

The gender aspect of climate change and climate policy making has been getting an increasing amount of attention in the global climate change and climate justice debates. However, most of the focus so far has been on the developing countries and climate change adaptation, where the linkages between climate change and gender issues are the most apparent. It has been explored to a much lesser extent in the context of the developed countries, and this is what this study sets out to do on a small scale. It attempts to analyse the Lithuanian climate change mitigation policy using the Gender Impact Assessment framework that is an official gender mainstreaming tool in the European Union. The results of the policy analysis suggest that the Lithuanian climate change mitigation policy produces gender-specific impacts in all climate policy areas, but many of them are difficult to quantify due to the lack of gender-disaggregated data. Policy suggestions drawn from the results include generating gender-disaggregated data and further implementing gender mainstreaming at all levels of climate policy design and implementation.

Laura Malinauskaite
Jon Geir Pétursson

# Dynamics of Hybridity: the SADC Regional Peacekeeping Training Centre

The concept of hybridity as the fusion of 'the international' and 'the local' is prominent in contemporary liberal peacebuilding literature. It describes the way local practices as well as international norms and structures are adapted in response to the levels of cooperation, coercion and resistance in post-conflict environments. African regional peacekeeping training centres are interesting units of analysis in this context given that they are exposed to international, continental, regional and national influences. In exploring the hybrid character of African peacekeeping training centres, the poster presents the findings of research focusing on the Southern African Development Community's (SADC) Regional Peacekeeping Training Centre (RPTC). In so doing, influential factors that guide the SADC RPTC in its efforts, such as donor relations and inter-institutional cooperation, are assessed in order to present distinctive features of the centre's institutional hybridity. These findings are based on a qualitative case study research with data collected in semi-structured interviews with experts in the field linked to the SADC RPTC like, for example, members of the RPTC and the German Federal Enterprise for International Cooperation (GIZ) as well as advisors and members of other cooperating organisations.

Anne Flaspöler

# Er til séríslenskur stjórnunarstíll?

Fjallað verður um íslenska stjórnendur í norrænum samanburði, og hvaða áhrif uppruni og þjóðerni hefur á stjórnunarstíl. Fjallað er um íslenska stjórnendur almennt, stöðu þeirra í norrænum samanburði, og samstarfshæfni stjórnenda frá Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Niðurstöður benda til þess að norrænn stjórnunarstíll sé á margan hátt keimlíkur, þó að hver þjóð hafi sín sérkenni. Íslenskur stjórnunarstíll á margt sameiginlegt með stjórnunarháttum annars staðar á Norðurlöndum, en það sem greinir íslenska stjórnendur einna helst frá öðrum, er að þeir eru fljótir að taka ákvarðanir, vinnuvenjur þeirra eru á margan hátt frábrugðnar og hjá mörgum þeirra virðist hið svokallaða „reddaragen" vera ríkjandi.

Ásta Dís Óladóttir

# Íslenskir bæjar og sveitarstjórar: Samanburðarrannsókn

Í doktorsverkefninu; „*Íslenskir bæjar- og sveitarstjórar: samanburðargreining á hlutverkum þeirra í stjórnmálum og stjórnsýslu,*“ voru samskipti bæjar- og sveitarstjóra við sveitarstjórn, starfsmenn stjórnsýslu, íbúa sveitarfélagsins og ytri aðila greind. Staða þeirra og hlutverk er lýsandi dæmi um flókið samband stjórnmála og stjórnsýslu. Þannig getur hann/hún annað hvort verið kjörinn fulltrúi samhliða því að vera æðsti yfirmaður stjórnsýslunnar, eða eingöngu yfirmaður stjórnsýslunnar með enga pólitíska ábyrgð. Á grundvelli greiningar á helstu verkefnum og hlutverkum þeirra var sett fram flokkun á einföldum kvarða. Greiningin sýndi tvo megin hópa á sínum hvorum enda og fjóra hópa þar á milli. Röðun ræðst af því hvort bæjar- eða sveitarstjórar telja að hlutverk þeirra eigi að ráðast af pólitísku hlutleysi eða ekki. Þeir sem leggja áherslu á pólitískt hlutleysi eru á öðrum enda kvarðans, en þeir sem telja hlutverk sitt vera meira pólitískt eru á hinum. Í ljós kom að faglega ráðnir bæjar- og sveitarstjórar í litlum sveitarfélögum með lítið stjórnsýslulegt bolmagn voru oftar á pólitískt hlutlausum enda kvarðans. Að lokum sýna niðurstöður að íslenskir bæjar- og sveitarstjórar leika almennt stórt samfélagslegt hlutverk. Mikilvægi þeirra sem leiðtogar, bæði innan samfélagsins og út á við, er mun meira en almennt þekkist í Norður-Evrópu og er á margan hátt líkara því sem gerist sunnar í álfunni.

Eva Marín Hlynsdóttir

# Enn leyna stjórnvöld upplýsingum sem eiga erindi við borgarana. Könnun á viðhorfi almennings

Fjallað er um niðurstöður könnunar frá því í ágúst 2016 um viðhorf fólks til upplýsingagjafar stjórnvalda. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hug almennings til upplýsingagjafar, þ.e. hvort svarendur teldu stjórnvöld leyna mikilvægum upplýsingum sem ættu erindi við almenning og varða almannahagsmuni (umhverfis-, velferðar-, heilbrigðis- og menntamál), svo og opinber útgjöld, þ.e. úthlutun á almannafé (styrki og fjárveitingar, verksamninga til opinberra verkefna o.þ.h.). Rannsóknin er megindleg. Tekið var 1500 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands eftir kyni, aldri og búsetu, þannig að það endurspeglaði sem best samsetningu þjóðarinnar. Alls 1097 svöruðu könnuninni og svarhlutfall er því 73%. Samkvæmt íslenskum lögum er stjórnvöldum skylt að virða upplýsingarétt almennings. Þeim ber að heiðra rétt borgaranna til aðgengis að upplýsingum sem liggja hjá stjórnvöldum, þó með vissum takmörkunum sem varða einka- og almannahag. Mörg dæmi sýna að upplýsingarétturinn hefur ekki verið virtur. Samkvæmt niðurstöðum þessarar könnunar nefndu 85% svarenda að ríkisstjórnin leyndi almenningi upplýsingum sem vörðuðu almannahagsmuni oft eða stundum, 83% ráðuneytin, 75% sveitarfélög og stofnanir þeirra, 71% þjónustustofnanir á vegum ríkisins, og 69% eftirlitsstofnanir á vegum ríkisins. Þegar horft var til opinberra útgjalda nefndu 78% að ríkisstjórnin gerði slíkt, 76% ráðuneytin, 74% sveitarfélögin og stofnanir þeirra, 70% þjónustustofnanir á vegum ríkisins, og 62% nefndu að eftirlitsstofnanir á vegum ríkisins leyndu upplýsingum. Þessar niðurstöður verða bornar saman við fyrri könnum um sama málefni sem framkvæmd var 2012.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

# Samanburður á verkföllum á almennum og opinberum vinnumarkaði

Verkföll eru eitt helsta tæki launþega til að ná fram kröfum gagnvart viðsemjendum sínum. Hér á landi var þessi réttur launþega á almennum vinnumarkaði lögfestur árið 1938. Verkfallsréttur opinberra starfsmanna var afnuminn með lögum 1915. Árið 1976 fengu ríkisstarfsmenn verkfallsrétt. Í þessari rannsókn er gerður samanburður á verkfallstíðni almenna og opinbera vinnumarkaðarins, þ.e. starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, frá árinu 1977. Til að fá fram þennan samanburð er reiknað út umfang verkfalla á opinberum og almennum vinnumarkaði, þ.e. fjöldi tapaðra daga á hverja 1000 starfsmenn. Frá árinu 1977-2010 töpuðust 9.895 dagar á hverja 1000 starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum, en 43.888 dagar á hverja 1000 starfsmenn á opinbera vinnumarkaðnum. Samtals töpuðust á þessu tímabili 1.974.699 dagar vegna verkfalla á íslenskum vinnumarkaði, og af þeim er heildarfjöldi tapaðra daga vegna verkfalla á opinberum vinnumarkaði 932.102, eða 47,7%. Þannig má segja að opinberir starfsmenn, sem eru rúmlega fimmtungur íslensks vinnuafls, standi fyrir u.þ.b. helmingi af töpuðum vinnudögum vegna verkfalla hér á landi. Í rannsókninni eru greindar ástæður og kröfur stéttarfélaganna sem leiddu til verkfallanna. Ennfremur raktar ástæður tíðra verkfalla meðal opinberra starfsmanna. og loks ræddar leiðir til að minnka átök á opinberum vinnumarkaði. Helstu ástæður verkfalla á opinberum vinnumarkaði má rekja til launamunar á milli hins almenna og opinbera vinnumarkaðar, opinberum starfsmönnum í óhag, ásamt innbyrðis mun á launum meðal háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Enn fremur hefur fyrirkomulag kjarasamningagerðarinnar og samskipti samningsaðila áhrif.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

# Lárétt eignarhald

Eignarhald á skráðum fyrirtækjum víða um heim hefur færst í æ ríkari mæli í hendur stofnanafjárfesta, einkum verðbréfasjóða. Þróunin hérlendis hefur verið mjög svipuð, nema hvað lífeyrissjóðir leika mun stærra hlutverk en aðrir stofnanafjárfestar. Ein afleiðing þessa er að fagfjárfestar, sérstaklega stórir sjóðir með fjölbreytt eignasöfn, eiga í sívaxandi mæli stóran hlut í mörgum fyrirtækjum sem keppa á sama markaði. Þetta sameiginlega eða lárétta eignarhald (*Horizontal Ownership*) virðist hafa umtalsverð áhrif á samkeppni fyrirtækja. Í bankarekstri í Bandaríkjunum virðist slíkt eignarhald m.a. skila sér í verri kjörum fyrir viðskiptavini, hærri vaxtamun og hærri þjónustugjöldum, og um leið auknum hagnaði fyrirtækjanna. Svipuð áhrif hafa komið fram í flugi. Vegna stærðar íslensku lífeyrissjóðanna er lárétt eignarhald mjög algengt hlutafélögum sem eru skráð í Kauphöll Íslands. Í rannsókninni eru skoðaðir sérstaklega þrír markaðir þar sem tvö eða þrjú samkeppnisfyrirtæki eru öll skráð í kauphöllinni. Það eru tryggingar, fasteignir og fjarskipti. Í ljós kemur að á öllum mörkuðunum er lárétt eignarhald mjög útbreitt. Það kemur sérstaklega skýrt fram á fjarskiptamarkaðinum, þar sem um það bil tveir þriðju hlutafjár í hvoru samkeppnisfyrirtækja er í eigu aðila sem er jafnframt stór hluthafi í keppinautnum. Ekkert verður hér fullyrt um það hvaða afleiðingar þetta láretta eignarhald á íslenskum fyrirtækjum hefur á samkeppni og verð. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á því. Bandarískar rannsóknir benda þó eindregið til þess að eðlilegt sé að hafa áhyggjur.

Gylfi Magnússon

# Einelti á vinnustað: Könnun á reynslu, þekkingu og viðbrögðum stjórnenda

Rannsókn, sem veggspjaldið kynnir er tvíþætt, annars vegar rýni á fræðilegt efni og reglugerðir um einelti á vinnustað, og hins vegar viðtalskönnun með það að markmiði að kanna viðhorf stjórnenda til vinnustaðaeineltis. Lögð er áhersla á að fá fram þekkingu stjórnenda á forvörnum gegn einelti og viðbrögð við því á vinnustöðum. Einnig er leitast við að meta þörf stjórnenda fyrir stuðning og leiðbeiningar til að fyrirbyggja og takast á við einelti á vinnustað. Helstu niðurstöður benda til þess að það sé visst misræmi í skilgreiningu á einelti á milli viðmælenda sem voru stjórnendur og því sem þolendur skilgreina sem einelti á vinnustað. Viðmælendur könnunarinnar sem störfuðu á almenna vinnumarkaðinum þekktu vel til viðmiða í reglugerðum og höfðu gert áhættumat starfa og forvarnaráætlun gegn einelti á sínum vinnustöðum. Þeir töldu að með skýru verklagi væri hægt að bregðast fyrr við samskiptaágreiningi. Viðmælendur, sem störfuðu í sveitarfélagi, höfðu aftur á móti ekki gert slíkar áætlanir. Samhljómur var um mikilvægi þess að hafa mannauðsráðgjafa á hliðarlínunni til að styðja við bakið á stjórnendum í erfiðum starfsmannamálum. Almenn fræðsla um samskipti og eineltismál var talin af því góða fyrir starfsfólk, en viðmælendurnir lögðu þó meiri áherslu á að fá hnitmiðað námskeið fyrir stjórnendur um einelti, orsakir og afleiðingar.

Svava Jónsdóttir
Inga Jóna Jónsdóttir

# "Food, shelter, education, what else do they need?": Child sponsorship programs in India

Child sponsorship programs are one of the most popular funding methods used by non-governmental organizations (NGOs) that aim to enhance children's rights and well-being. Their success in raising funds over the past decades has placed them among the largest and most common aid organizations in general. The concept of child sponsorship has attracted criticism, and concerns have been raised about the practices and oversight of the NGOs involved. In this thesis, children's homes in two states in India that receive funding from foreign sponsors are examined. The purpose of the study is twofold: firstly, to look at how the sponsorship model is employed at the receiving end and how interviewed participants – consisting of administrators, caretakers, and residing children over the age of 18 – working and living there view it. Secondly, to get insight into the background that allow children to enter the homes along with what kind of opportunities they have as a result of living there. Data was collected through a total of fourteen interviews conducted during a seven-week period in 2013, with participants from five separate children's homes. Four additional interviews were conducted with informants who had valuable knowledge about the subject, in addition to informal conversations with many external individuals concerned about the subject. The participants generally agree that child sponsorship is an effective way of funding, although there is varied understanding of the purpose of any further relationship with sponsors. The homes are at times seen as a community project, where foreign funding is useful but, in some cases, not essential. The reason for the children being admitted to the homes is complex, but usually a result of poverty and social problems. The children's stay at the homes is seen as beneficial both for themselves and the community.

Anna Margrét Eiðsdóttir

# Memorabilia: Um minni, minningar og minningasöfn

Minningasöfn hafa sprottið upp síðustu þrjátíu ár um allan heim, og því vert að skoða af hverju þessi bylgja minningasafna hefur komið fram, og einnig hvers konar söfn og staðir þetta eru. Í rannsókninni var fyrst farið í að skoða og fjalla um minni frá nokkrum hliðum, allt frá því að að kanna grunnþátt og myndun minnis, en það byrjar að myndast mjög snemma á fósturstigi hvers einstaklings, síðan er farið yfir í að skoða nokkrar tegundir minnis og minniskerfa. Í skoðuninni á minniskerfunum var aðallega skoðað: Einstaklingsminni, kynslóðaminni, sameiginlegt minni og menningarminni. Allar þessar tegundir minnis hafa sínar sérstöku hliðar, virkni og tilgang sem tengir einstaklinga saman og eru ákveðin tjáningarform og það lím sem býr til samfélag. Í rannsókninni var einnig athuguð sjálfsmynd og sögusmíð í samhengi við minni og minniskerfin. Að lokum var skoðuð og borin saman nokkur minningasöfn og minnisvarðar í samhengi við minni og minningar. Við rannsóknina var beitt heimildaöflun í gegnum ritaðar heimildir og greining á þeim. Helstu niðurstöður eru að minningasöfn eru ekki einsleitt fyrirbæri, og tilgangur þeirra og tilvist, er flókinn. Þau geta verið minnisvarði, minningarstaður, fræðslustaður og staður þar sem fer fram sættir og úrvinnsla úr sárum og erfiðum tilfinningum.

Kristín María Hreinsdóttir

# Eru tengsl á milli félagsauðs og þjónandi forystu á sjúkrahúsum? - Mat starfsfólks á íslenskum og dönskum sjúkrahúsum

Félagsauður einkennist af trausti og réttlæti og fyrri rannsóknir sýna að félagsauður tengist ánægju starfsfólks og árangri í starfi. Þjónandi foyrsta einkennist af vilja til að þjóna, sjálfsþekkingu og skarpri sýn á langtímamarkmið. Hugmyndafræðilega er margt sameiginlegt með þessum hugtökum, t.d. traust, sameiginleg markmið og félagsleg tengsl, en fáar rannsóknir liggja fyrir á sviðinu. Í ljósi þessa var ákveðið að kanna hugsanleg tengsl félagsauðs og þjónandi forystu á dönskum (fimm deildir) og íslenskum (tvær deildir) sjúkrahúsum samkvæmt mati starfsfólks. Gerð var þversniðsrannsókn með spurningalistakönnun þar sem notað var mælitæki um þjónandi forystu (26 spurningar, sex punkta kvarði), og mælitæki um félagsauð (5 spurningar, fimm punkta kvarði). Gagnagreining var gerð með SPSS og reiknuð tengsl (*Pearson correlation*) á milli breyta. Niðurstöður sýna marktæk veik tengsl á milli þjónandi forystu (heildarmæling) og félagsauðs. Þegar reiknuð voru tengsl við undirþætti þjónandi forystu komu í ljós marktæk jákvæð tengsl við traust, allt frá frekar sterkum fyrir eflingu að veikari tengslum fyrir ráðsmennsku. Ekki komu ekki í ljós marktæk tengsl undirþátta þjónandi forystu við réttlæti. Niðurstöður benda til þess að þjónandi forysta geti verið mikilvæg til myndunar félagsauðs á vinnustöðum. Rannsóknin getur veitt áhugaverðar upplýsingar um leiðir til að auka traust í starfsumhverfi sjúkrahúsa.

Sigrún Gunnarsdóttir
Kasper Edwalds

# Höfundalisti

Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands
Agnes Allansdóttir, fræðimaður
Alda Davíðsdóttir, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Alexandra Krettek, Professor of Public Health at the School of Health and Education at University of Skövde
Amalía Björnsdóttir, prófessor í aðferðafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Amy Savener, lektor við Ferðamáladeild við Háskólann á Hólum
Anna Bjarnadóttir, meistaranemi við Háskóla Íslands
Anna Dóra Sæþórsdóttir, prófessor í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
Anna Margrét Eiðsdóttir, meistaranemi í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Anna Vilborg Einarsdóttir, kennari við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum
Anna Wojtynska, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Annadís G. Rúdólfsdóttir, dósent við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Anne Flaspöler, postdoctoral researcher at Edda center of excellence
Anni G Haugen, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Arnar Eggert Thoroddsen, aðjúnkt við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Arnar Þór Jóhannesson, sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri
Arndís Bergsdóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Arndís Vilhjálmsdóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Auður Hermannsdóttir, aðjúnkt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Ágúst Arnórsson, meistaranemi
Ágúst Ólafur Ágústsson, aðjúnkt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Ágústa Pálsdóttir, prófessor í upplýsingafræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Álfhildur Hallgrímsdóttir, MA í öldrunarfræðum frá Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Árelía Eydís Guðmundssdóttir, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Árni Guðmundsson, aðjúnkt við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ársæll Arnarsson, prófessor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri
Árún Kristín Sigurðardóttir, prófessor í heilbrigðisvísindum við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri
Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúnkt í kennslufræði leiklistar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Ásdís Jóelsdóttir, lektor í textílmennt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Ásgeir Brynjar Torfason, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Áslaug Björk Ingólfsdóttir, meistaranemi við Lagadeild Háskóla Íslands
Ásmundur G. Vilhjálmsson, aðjúnkt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Ásta Dís Óladóttir, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Ásta Jóhannsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Ásta Snorradóttir, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Ástríður Stefánsdóttir, dósent við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands
Berglind Inga Guðmundsdóttir, sérfræðingur/bókasafns- og upplýsingafræðingur
Berglind L. Ingadóttir, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Bergþóra Ingólfsdóttir hdl., lögfræðingur og stundakennari við Lagadeild Háskólans í Reykjavík
Birgir Hrafnkelsson, prófessor í tölfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands
Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands
Birna Baldursdóttir, aðjúnkt við sálfræðisvið Viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík
Birna Gestsdóttir, Háskólinn á Akureyri
Bjarni K. Kristjánsson, deildarstjóri Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands
Britt Pinkowski Tersbøl, ass.prof. Department of Global health, University of Copenhagen
Bríet Rún Ágústsdóttir, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Bryndís Erna Thoroddsen, meistaranemi í Félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
Brynhildur Björnsdóttir, meistaranemi við Háskóla Íslands
Brynhildur G. Flóvenz, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands
Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við Kennaradeild Háskólans á Akureyri
Cheikh Ibrahima Niang, prófessor í mannfræði við Cheikh Anta Diop háskólann í Dakar, Senegal
Dagný Jónsdóttir, meistaranemi við Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst
Daníel Kári Snorrason, BSc í Hagfræði frá Háskóla Íslands
Edda R.H. Waage, lektor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
Eðvald Möller, aðjúnkt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Einar Guðbjartsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst
Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknarstjóri Hugvísindasviðs Háskóla Íslands
Eiríkur Valdimarsson, Þjóðfræðingur við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnisstjóri, Félags- og mannvísindadeild, Háskóli Íslands
Elsa Ósk Alfreðsdóttir, aðjúnkt við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Emma Ævarsdóttir doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Erla Hjördís Gunnarsdóttir, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Erla Hlín Hjálmarsdóttir, doktorsnemi við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Erla Skúladóttir, aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands
Erla Sólveig Kristjánsdóttir, lektor við Viðskiptafræideild Háskóla Íslands
Esther Ösp Valdimarsdóttir, fræðimaður
Eva Marín Hlynsdóttir, lektor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands

Finnborg Salome Steinþórsdóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Freygerður Anna Ólafsdóttir, BS í Viðskiptafræði við Háskóla Íslands
Geir Gunnlaugsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Georgette Leah Burns, deildarstjóri og dósent við ferðamáladeild Háskólans á Hólum
Gísli Björnsson, verkefnastjóri, Háskóli Íslands
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands
Guðbjörg Hildur Kolbeins, PhD í fjölmiðlafræði
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði og aðstoðarrektor vísinda við Háskóla Íslands
Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, nýdoktor við Háskóla Íslands
Guðjón Helgi Egilsson, meistaranemi
Guðjón Sigurbjartsson, meistaranemi í hagfræði við Háskóla Íslands
Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í samgönguverkfræði og deildarforseti Umhverfis- og byggingaverkfræðideildar Háskóla Íslands
Guðmundur Sigurðsson, prófessor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík
Guðmundur Þorgeirsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands
Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Guðrún Helgadóttir, prófessor við Ferðamáladeild við Háskólann á Hólum
Guðrún Pálmadóttir, dósent við Iðjuþjálfunarfræðideild Háskólans á Akureyri
Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða við Háskóla Íslands
Guðrún Sif Friðriksdóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála
Gunnar Egill Finnbogason, prófessor í kennslufræði, námskrárfræði og siðfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Gunnar Óskarsson, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Gunnar Örn Harðarson, framkvæmdastjóri og meðeigandi Arnason Faktor
Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor í kynjafræði við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Gyða Þórhallsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent í mannauðsstjórnun við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Gylfi Magnússon, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Gylfi Zoega, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands
Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor emeritus, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands
Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands
Halla Jónsdóttir, aðjúnkt í hugmyndasögu vísinda og menntunar, kennslufræði og siðfræði við Háskóla Íslands
Halldór S. Guðmundsson, dósent í félagsráðgjöf við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Öldrunarheimilis Akureyrar
Hamadou Boiro, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Hanna Björg Sigurjónsdóttir, prófessor í fötlunarfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Hanna Ragnarsdóttir, prófessor í fjölmenningarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands
Harpa Grétarsdóttir, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Harpa Hödd Sigurðardóttir, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Haukur Arason, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Heiðdís B. Valdimarsdóttir, prófessor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
Helga G. Erlingsdóttir, hjúkrunarforstjóri Öldrunarheimilis Akureyrar
Helgi Áss Grétarsson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands
Helgi Dan Stefánsson, BA í félagsfræði frá Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Helgi Eiríkur Eyjólfsson, meistaranemi við Háskóla Íslands
Helgi Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Helgi Tómasson, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands
Hersir Sigurgeirsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Hervör Alma Árnadóttir, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður kærunefndar útlendingamála

Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku við Hugvísindadeild Háskóla Íslands
Hulda Guðmunda Óskarsdóttir, doktorsnemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Hulda Margrét Schröder, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Hulda Proppe, rannsóknarstjóri Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands
Hulda Sædís Bryngeirsdóttir, aðjúnkt við Hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri
Hyoung-Chul Kim, annað
Ib C. Bygbjerg, Professor, Department of Global Health, University of Copenhagen
Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
Inga Hrönn Häsler, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Inga Jóna Jónsdóttir, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Inga Valgerður Stefánsdóttir, meistaranemi við Lagadeild Háksóla Íslands
Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Ingibjörg H. Harðardóttir, lektor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, doktorsnemi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Ingibjörg Sigurðardóttir, doktorsnemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum
Ingólfur Arnarson, lektor við Háskólann á Bifröst
Ingólfur V. Gíslason, dósent við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Iryna Charnyk, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Íris Eva Hauksdóttir, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ívar Karl Bjarnason, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ívar Pálsson, hrl. hjá Landslögum slf.
James Gordon Rice, lektor í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Jen K. Hughes, Ph.D. student
Jin-Seok Hahn, annað

Joon-Ki Kim, annað
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, meistaranemi í ferðamálafræðum við Háskólann á Hólum
Jóhannes Eggertsson, BA nemi í sálfræði við Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri
Jón Geir Pétursson, dósent í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands
Jón Gunnar Bernburg, prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Jón Ingvar Kjaran, lektor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Jón Snorri Snorrason, lektor við Háskólann á Bifröst
Jóna G. Ingólfsdóttir, aðjúnkt í þroskaþjálfafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Jónas Orri Jónasson, sérfræðingur/MA í félagsfræði frá Háskóla Íslands
Jónína Einarsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Jónína Sæmundsdóttir, lektor í sálfræði og kennslufræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júlíana Þ. Magnúsdóttir, doktorsnemi við Félags-og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Jyl Josephson, doktor í stjórnmálafræði og forstöðukona Kvennafræða við Rutgers háskóla í Bandaríkjunum
Jörgen Már Ágústsson, meistaranemi í lögfræði við Háskóla Íslands
Karl Friðriksson, doktorsnemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Kasper Edwalds, Senior Researcher, DTU Management, Engineering,
Katla Kjartansdóttir, sérfræðingur
Kári Kristinsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Kjartan Bjarni Björgvinsson, sérfræðingur
Kjartan Páll Sveinsson, nýdoktor frá Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Kolbrún Friðriksdóttir, aðjúnkt í íslensku sem öðru máli við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands
Kolbrún Ósk Baldursdóttir, sérfræðingur
Kristinn Schram, lektor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Kristinn Tómasson, sérfræðingur

Kristín Björnsdóttir, lektor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands
Kristín Guðmundsdóttir, sérfræðingur
Kristín Helga Birgisdóttir, doktorsnemi við Hagfræðideild Háskóla Íslands
Kristín Lilja Linnet, BA nemi í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Kristín María Hreinsdóttir, meistaranemi í safnafræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Kristjana Fenger, lektor við Iðjuþjálfunarfræðideild Háskólans á Akureyri
Kristjana Sigurbjörnsdóttir, sérfræðingur
Kristjana Stella Blöndal, dósent við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Laura Malinauskaite, sérfræðingur
Lilja B. Rögnvaldsdóttir, verkefnisstjóri Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík
Lilja Karlsdóttir, meistaranemi í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
Lilja M. Jónsdóttir, lektor í kennslufræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Linda Björk Pálmadóttir, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Magna Björk Ólafsdóttir, annað
Magnfríður Júlíusdóttir, lektor í mannvistarlandfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
Magnús Haukur Ásgeirsson, aðjúnkt við Líf- og umhverfisverndadeild Háskóla Íslands
Magnús Þór Torfason, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Marco Solimene, nýdoktor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Margrét Einarsdóttir, Ph.D. við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Margrét Valdimarsdóttir, aðjúnkt við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
María del Pilar Concheiro Coello, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Háskóla Íslands

María Guðnadóttir, lýðheilsufræðingur og verkefnastjóri
Maríanna S. Bjarnleifsdóttir, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Martha Elena Laxdal, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Matteo Tarsi, doktorsnemi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands
Mikael Torfason, rithöfundur
Milton Fernando Gonzalez Rodriguez, doktorsnemi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands
Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands
Oddur Þorri Viðarsson, lögfræðingur
Ólafur Rastrick, lektor í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, lögfræðingur við Lagadeild Háskóla Íslands
Ómar Valdimarsson, fræðimaður
Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands
Pétur Pétursson, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands
Pétur Waldorff, nýdoktor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Placido Cardoso, annað
Ragna Benedikta Garðarsdóttir, dósent við Heilbrigðisvísindasvið og deildarforseti Sálfræðideildar Háskóla Íslands
Ragna Kemp Haraldsdóttir, aðjúnkt við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ragnar Árnason, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands
Ragnar Karlsson, aðjúnkt við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Ragnar Smárason, Verkefnisstjóri
Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands
Ragnheiður J. Sverrisdóttir, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ragnheiður Kristjánsdóttir, sérfræðingur
Ragnheiður Ólafsdóttir Ph.D.
Ragný Þóra Guðjohnsen, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, fræðimaður

Rannveig Ólafsdóttir, prófessor í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
Rannveig Sigurvinsdóttir, nýdoktor við sálfræðisvið Háskólans í Reykjavík
Rannveig Þórisdóttir, aðjúnkt við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Renata Emilsson Peskova, doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Rögnvaldur J. Sæmundsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Rögnvaldur Ólafsson, dósent við Háskóla Íslands
Salvör Nordal, lektor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Sandra Margrét Sigurjónsdóttir, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Sigríður Baldursdóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri
Sigríður Matthíasdóttir, fræðimaður
Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Sigrún Gunnarsdóttir, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir, aðjúnkt við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Sigrún Ísleifsdóttir, lögfræðingur
Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emeritus í félagsráðgjöf við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Sigrún Ólafsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Sigrún Sigurðardóttir, doktorsnemi við Háskólann á Akureyri
Sigrún Sigurðardóttir, lektor við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri
Sigurður Guðjónsson, aðjúnkt við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri
Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir, sérfræðingur
Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Skúli Magnússon, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands
Skúli Skúlason, prófessor við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum
Snjólaug G. Jóhannesdóttir, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Snæfríður Einarsdóttir, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Sólrún Óladóttir, lektor við Iðjuþjálfunarfræðideild Háskólans á Akureyri
Sólveig Guðlaugsdóttir, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Stefan C. Hardonk, nýdoktor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Stefanía Júlíusdóttir, doktor  við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands?]
Stefanía Óskarsdóttir, dósent við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Stefán B. Gunnlaugsson, dósent við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri
Stefán Hrafn Jónsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Steingerður Friðriksdóttir, aðstoðarmaður við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Svala Guðmundsdóttir, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Svandís Anna Sigurðardóttir, jafnréttisfulltrúi, Háskóli Íslands
Svava Jónsdóttir, verkefnisstjóri, Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Sveinn Agnarsson, dósent við Hagfræðideild Háskóla Íslands
Sveinn Guðmundsson, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Sverrir Steinsson, stundakennari, Stjórnmálafræði, Háskóli Íslands
Sædís Jana Jónsdóttir, sérfræðingur
Sævar Kristinsson, sérfræðingur
Sævar Örn Harðarson, BS emi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands
Thamar Melanie Heijstra, lektor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Thomas Brorsen Smidt, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Thomas Janniarson, doktorsnemi við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Tinna Halldórsdóttir, verkefnisstjóri, Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor í heilsuhagfræði við Hagfræðideild Háskóla Íslands
Tómas Joensen, verkefnisstjóri við Félagsvísindasvið/Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands
Trausti Þorsteinsson, dósent við Kennaradeild Háskólans á Akureyri
Unnur Dóra Einarsdóttir, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Uta Reichardt, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Valgerður Jóhannsdóttir, aðjúnkt við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Vera Dögg Antonsdóttir, meistaranemi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Viðar Halldórsson, lektor við Félags-og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Vilborg Bjarkadóttir, meistaranemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Vilborg Jóhannsdóttir, lektor í þroskaþjálfafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Vífill Karlsson, dósent við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri
Þorbjörg Jónsdóttir, lektor við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri
Þorgerður Einarsdóttir, prófessor og umsjónarmaður kynjafræðináms við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Þorsteinn Kristinsson, Doktorsnemi
Þorvaldur Hauksson, hdl., lögfræðingur hjá Atlantik Legal Services
Þóra Ágústa Úlfsdóttir, meistaranemi í Mannfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Þóra Christiansen, aðjúnkt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Þóra Kintampo Björnsdóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Þórður Snorri Óskarsson, aðjúnkt í vinnusálfræði við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Þórhildur Ólafsdóttir, doktorsnemi við Hagfræðideild Háskóla Íslands
Þórný Barðadóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála
Þóroddur Bjarnason, prófessor við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri
Þórólfur Matthíasson, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands
Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, bókmenntafræðingur
Þuríður Jóhannsdóttir, dósent við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ævar Rafn Hafþórsson, meistaranemi við Hagfræðideild Háskóla Íslands